


GRIPLA





# GRIPLA

RITSTJÓRI  
JÓNAS KRISTJÁNSSON

VIII



REYKJAVÍK  
STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR  
1993

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR Á ÍSLANDI

RIT 39

*Prófarkalestur og skrár*

EINAR G. PÉTURSSON, GUÐRÚN ÁSA GRÍMSDÓTTIR,  
SÍGRÍÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR

© Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 1993

Öll réttindi áskilin

*Setning*

MAGNÚS HAUSSON OG SÍGRÍÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR

*Umbrot, filmuvinna, prentun og bókband*

ODDI HF.

Meginmál bókar er sett með 10 punkta Times lettri á 12 punkta fæti  
og bókin er prentuð á 115 gr. Partner Offset pappír


PRINTED IN ICELAND  
PRENTSMÍÐJAN ODDI HF.

ISSN 1018-5011  
ISBN 9979-819-55-3

## EFNI

Bjarni Einarsson: Um Eglutexta Möðruvallabókar í 17du aldar eftirritum	7
Guðrún P. Helgadóttir: Hrafns saga Sveinbjarnarsonar and Sturlunga saga	55
Niels Valentin: Thorgrim – Thorkel – Hvad må Gisli tro?	81
Alfred Jakobsen: Temaet i Ramnkjells saga – enda en gang	89
Ólafía Einaradóttir: Dronning Aslaug i Island	97
Hallfreður Örn Eiríksson: Útilegumannaleikrit Matthíasar Jochumssonar	109
Árni Björnsson: Laurentius saga biskups í ÍB 62 fol.	125
Hermann Pálsson: Í getnaðarpunkti	131
Um formála íslenskra sagnaritara. Andmælaræður	
Ræða Bjarna Guðnasonar	135
Ræða Jakobs Benediktssonar	156
Svör Sverris Tómassonar	170
Nokkrar leiðréttingar	185
Margaret J. Cormack: Saints and Sinners	187
Rudolf Simek: Enzyklopädisches Schrifttum als Quelle von Bergr Sökkasons Nikulás saga	219
Marlene Ciklamini: Abbot Arngrímr's Redaction of <i>Guðmundar saga biskups</i>	231
Ruth Christine Ellison: Um áhrif Þorláksbiblíu á myndhvörf og orðaval Hallgríms Péturssonar í Passíusálmunum	253
Samtíningur (Kirsten Wolf, Bent Chr. Jacobsen, Bjarni Einarsson, Ólafur Halldórsson)	275
<i>Handrit</i>	285
<i>Nafnaskrá</i>	287





BJARNI EINARSSON

## UM EGLUTEXTA MÖÐRUVALLABÓKAR Í 17DU ALDAR EFTIRRITUM

FRUMÚTGÁFA Egils sögu Skallagrímssonar, Hrappsey 1782, hefur það fram yfir síðari útgáfur sögunnar að hún varðveitir texta tveggja blaða sem hafa týnst úr Möðruvallabók eftir að sú uppskrift sem prentsmiðjuhandritið var runnið frá hefur verið skrifuð. Texti týndu blaðanna tveggja er auk þess varðveittur í nokkrum 17du aldar uppskriftum Egils sögu-texta Möðruvallabókar. Jón Helgason vakti athygli á þessu í grein sinni, Athuganir um nokkur handrit Egils sögu, í Nordælu, afmæliskeðju til Sigurðar Nordals 1956.

Þau 17du aldar handrit sem JH getur um að hafi varðveitt Eglu-texta Möðruvallabókar heilan, þegar undan er skilin blaðsíðan 69v sem verið hefur því nær ólesandi þegar á 17du öld, eru AM 145 fol. með hendi Jóns Gissurarsonar á Núpi (d. 1648), JS 28 fol. með hendi séra Jóns Erleendssonar í Villingaholti (d. 1672), AM 426 fol. sem Magnús Þórólfsson (d. 1667) skrifaði fyrir Magnús Jónsson í Vigur<sup>1</sup> og AM 455 4to með hendi séra Helga Grímssonar á Húsafelli (d. 1691). Hér má bæta við AM 568 4to sem er mikið sagnasafn og hefst á Egils sögu Skallagrímssonar. Egils saga er þar sett saman úr tveim 17du aldar handritum og skarast þau nokkuð þar sem þau koma saman. Það handrit sem varðveitir fyrra hluta sögunnar er skrifað af vönum skrifara og endar neðst á bl. 16v á orðunum 'Eñ óxiñ hliop nidr i stei[niñ]', sbr. FJ bls. 119<sup>5</sup>. Með bl. 17 tekur hitt handritið við og er blaðið illa skert en þó má greina orð sem koma heim við FJ bls. 118<sup>13</sup>. Framhald textans á bl. 16v kemur svo í 7. línu. Skriftnin á síðara hlutanum er miklu síðri og torlesnari. Það er sameiginlegt báðum hlutum sögunnar að öll blöð eru trosnuð á jöðrum og hefur talsverður texti farið þar forgörðum. Auk þess hafa tvö blöð týnst úr síðara hluta, en það kemur ekki að sök hér,

<sup>1</sup> Sbr. grein Jónasar Kristjánssonar í Afmælisriti til Steingríms J. Þorsteinssonar, Reykjavík 1971, bls. 89–96 (cinkum bls. 95).



því að hvorttveggja er utan þeirra kafla sem fylla stóru eyðurnar tvær í Möðruvallabók.

Framvegis verða Hrappseyjar-Egla og uppskriftir Eglu-texta Möðruvallabókar táknaðar þannig að útgáfan kallast H og JS 28 fol. nefnist JS, en hin handritin verða auðkennd með skrásetningartölum sínum. Fyrri hluti handritsins AM 568 4to kallast 568 I og síðari hlutinn 568 II. Aðrir textar Egils sögu verða nefndir fullu nafni þegar þar að kemur. Auk þess verður sjálf Möðruvallabók kölluð M, Eglu-útgáfa Finns Jónssonar, Kaupmannahöfn 1886–8 nefnist FJ, útgáfa Sigurðar Nordals, Rvk. 1933, SN og útgáfa Guðmundar Magnæi, Kaupmannahöfn 1809, er táknuð GM, og Jón Helgason er kallaður JH.

Hér verður í nokkrum tilfellum vísað til orðalags í öðrum gerðum Egils sögu og verður textinn í Wolfenbüttelbók kallaður W og textinn í báðum uppskriftum séra Ketils Jörundssonar nefndur K, en á þeim stöðum þar sem þeim ber ekki saman eru notaðar handritstölurnar í skrá Árnasafns, þ.e. 453 4to og 462 4to. Auk þess kemur fyrir að getið er leshátta í handritaleifunum í AM 162 A fol., sem eru táknaðar með grískum bókstöfum. Þar við bætist upphaf Eglu í Sth. Perg. 4to nr. 7 sem er af W-flokki.

Rannsóknin skiptist í eftirfarandi kafla:

1. Skyldleiki textanna sín á milli og við Möðruvallabók.
2. Texti af týndum blöðum Möðruvallabókar.
  - A. Fyrri eyðufylling.
  - B. Síðari eyðufylling.
3. Helstu niðurstöður.
4. Viðaukar:
  - I. Um texta Höfuðlausnar í Hrappseyjar-Eglu og í AM 145 fol. og 426 fol.
  - II. Um texta Sonatorreks í Hrappseyjar-Eglu.
  - III. Um tvær síðari uppskriftir eftir Eglutexta Möðruvallabókar.

#### 1. SKYLDLEIKI TEXTANNA SÍN Á MILLI OG VIÐ MÖÐRUVALLABÓK

§ 1. Í Möðruvallabók, bl. 62vb efst, er hlaupið yfir eitt orð við línu-skipti, þar sem fyrsta lína dálksins endar á 'ok' en hin næsta hefst á 'ser fiar' (= FJ bls. 5<sup>ll</sup>). Þar á milli vantar sagnorð. Í eina W-handritinu sem hefur sambærilegan texta á þessum stað, Perg. 4to nr. 7, stendur hér

'fengu' (K ei sambærilegt). Guðmundur Magnússon (Magnæus) giskaði á að þar hefði átt að standa 'öfluðu' og Finnur Jónsson var á sömu skoðun og hefði það orð átt vel við. En í H og uppskriftunum fimm stendur hér 'unnu' sem er ótækt orð hér. Hins vegar bendir það þegar til sameiginlegs uppruna H og uppskriftanna fimm frá einu frumforriti.

§ 2. Í frumforriti þessara sex texta hefur verið hlaupið yfir nokkur orð á bl. 62vb í M sökum þess að ruglast hefur verið á 'sinvm' í 4. línu og sama orði í 5. línu (sbr. FJ bls. 5<sup>13-14</sup>) og hefur þar fallið niður texti sem samsvarar nákvæmlega 14. línu í FJ bls. 5: 'Hafði Þórólfr heim marga dýrgripi ok færði fœður sínum'. Engin tilraun hefur verið gerð til að bæta úr þessu í 145 eða H og verður textinn því kynlegur á þessum stað: 'eñ voru heýma ä vetrum med fedrum synum og Modur'. Þetta er að vísu óbreyttur M-texti, þegar fyrr greind orð hafa verið felld niður. Í JS og 426 hefur textinn verið lagfærður með því að breyta 'modur' í 'mædrum' til samræmis við 'fedrum'. Í 455 og 568 stendur hér 'med fedrum synum', og hefur þar verið lagfært orðalagið með því að sleppa 'ok modur' frumforritsins.

§ 3. Bl. 62vb, 7. línu (= FJ bls. 5<sup>16</sup>) 'alldri' hefur verið breytt í 'alldur kominn' í frumforritinu, þar eð þannig er skrifað í öllum textunum sex. Sannast enn sameiginlegur uppruni.

§ 4. Bl. 67ra, 10. línu a.n. (= FJ bls. 41<sup>20</sup>) 'kiler' er skrifað Kyrjalar í H, kýrialer í 145, kialer í JS og 426, kjarlar í 455. (Óskýrt í 568).

§ 5. Bl. 67va (= FJ bls. 45<sup>19-20</sup>) meiri en ek (ætti að vera 'minni en ek')] meir enn eg H og 145 og 455; meir enn minir JS og 426 (augljós lagfæring), meiri en mýnir 568.

§ 6. Bl. 68rb (= FJ bls. 52<sup>2</sup>) alþýðu manz] Alþydumønnum H, 145, 455, af Alþydumønnum JS og 426 (skertur texti í 568).

§ 7. Hér er komið að bl. 69v í Möðruvallabók og er sú blaðsíða mjög torlesin, raunar ólesandi með þeim ráðum sem nú eru tiltæk. Svo er að sjá sem sá er skrifaði frumforrit þeirra texta sem hér um ræðir, hafi og átt örðugt með að lesa þessa blaðsíðu í M, þar eð hann hefur samkvæmt eftirritunum skrifað upp heldur slitróttan texta eftir fyrri dálki, en sleppt texta síðara dálks með öllu. Í 568 er ekki neitt af texta þessarar blaðsíðu í M og endar texti, sem samsvarar M-texta neðst á bl. 69rb, í miðri línu neðst á bl. 9r. Efsta lína á bl. 9v er skörðótt og fyrstu læsilegu orðin eru 'mitt fie' (= FJ bls. 65<sup>11</sup>; texti af M bl. 70ra hefst í FJ bls. 65<sup>10</sup>). Hins vegar hefur Finnur Jónsson lesið mestallt á þessari



blaðsíðu í Möðruvallabók, og er hér sá kostur vænstur að treysta lestri hans.

Nú skal litið nánar á úrræði þeirra sem skrifuðu hin eftirritin.

FJ bls. 60<sup>21</sup> Hann kuaz – 61<sup>8</sup> landi] koongur seiger færð mier Þorolfs hofud ef þid vinnid hann, þeir søgdust mundu hætta æ þad, og hofdu C. manns med sier vel bwed, og sigldu æ stad þæ leidi fiell H (bls. 32<sup>14-16</sup>).

Þetta er sennilega eyðufylling í H og að mestu eftir ágiskun (sbr. hina textana hér á eftir).

Hinir textarnir fjórir, JS, 145, 426 og 455, hafa allir haft autt rúm hér í fyrstu, og hefur það verið fyllt síðar með annarri rithendi í JS, 145 og 426, en er ennþá autt í 455. Eyðufyllingarnar í JS og í 145 eru náskyldar og mjög líkar samsvarandi texta í FJ sem þar er sóttur í W (frá bls. 60<sup>21</sup> 'Hann' og út kap.), og stendur 145 þó heldur nær W. Í 426 hefur eyðan verið fyllt með texta náskyldum Ketilsbókartexta sögunnar.

Í þessari opnu í JS liggur lítill pappírsmiði og eru þar skrifaðar með 18du aldar rithendi ábendingar um þessa eyðu og tvær litlar eyður á næstu blaðsíðu, og hinum megin á miðanum er bent á tvær smáar eyður í 44. kap. sögunnar (ævintýri Egils í Atley).

Nefnd eyðufylling í JS hefst nokkrum orðum of seint, er þar sleppt þeim orðum sem myndu samsvara FJ bls. 60<sup>21</sup>–61<sup>1</sup>, 'Hann kuaz þá lofa at þeir tæki Þórólf af lífi'. Vantar því fararleyfi þeirra bræðra, Hallvarðs harðfara og Sigtryggs snarfara, og hefur þar verið ruglast á samhljóða orðum, 'þorolf af lífi' (síðustu læsileg orð M-texta og einnig seinustu orð fyrstu málsgreinar W-texta, þar sem hann hefði átt að taka við, – eins og hann er látinn gera í útg. FJ). Það hefur einnig stuðlað að þessari úrfellingu að í W og í brotunum γ og δ (í AM 162 A fol.), sem hafa samskonar texta og W, stendur 'við konung' í stað setningarinnar 'at þeir fari til ok taki Þórólf af lífi' eins og stendur í lok síðara dálks í bl. 69r í Möðruvallabók. Orðin 'Þórólf af lífi' standa því aðeins á einum stað í W og γ og δ.

Eyðufyllingin í JS er á þessa leið: 'og veit ek at þer (þit W) munud færa mer hofut hans er þer (þit W) komed aptr, ok med þvi (+ W) marga dýrgripe, enn þo gieta þess Sumer menn Sagde kongr ef þid Sigled Nordr, at þid munud (munit W) bæde Sigla ok Röa at (+ W) Nordann,

Nu büast þeir sem ákafast (skiotaz W) ok hofdu ij. skip ok ij.<sup>c</sup> manna, ok er, þeir voru büner toku (taka W) þeir landnýrðing ut epter

fyrdenum, Enn það er Andvidre Nordr med Lande'. (Síðan er skrifað fyrir neðan með sömu rithendi:) 'XXII. Capitule. Aftaka Porolfs'.

Á spássú við eyðuna í 145 hefur Árni Magnússon skrifað: 'hier er audur skalle i bok Jons Hakonar sonar'. (P.e. JS 28 fol. sbr. bls. 48 hér á eftir). En nær skallanum hefur verið dreginn bogi og inni í boganum er skrifað í lóðrétta línu: 'desideratur qvid' (þ.e. hér vantar eitthvað). Rithöndin á þessari klausu er ókunn. Með annarri rithendi hefur svo verið skrifað í auða bilið: 'kongur qvadst það leifa og veit eg að þier munud færa mier hofud hans er þier komid aftur og med marga dýr-gripe, Enn þo gieta þess sumer seiger kongur ef þid siglid nordur ad þid muned bæde sigla og röa nordan. Nu buast þeir sem skiotast og hofdu ij skip og ij<sup>c</sup> manna. Og er þeir woru buner tooku þeir landnyrding ut epter fyrdenum, Enn það er andvidri nordur med lande.'

§ 8. Framarlega í næsta kapitula í JS hafa tvær litlar eyður verið fylltar síðar með annarri rithendi (þeirri sömu og stóra eyðan í lok næsta kapitula á undan). Næstu orð á undan þeirri fyrri er 'firðinum z' (z = ok), sbr. FJ bls. 61<sup>12</sup> 'firði vm Skarnssund'. Í GM bls. 87 stendur hér 'firðinum Prándheimi', og í neðanmálgrein: 'ita lego in Membr. Kálf.' (þ.e. Möðruvallabók). Í JS er eyðan fyllt með orðunum 'þad sem hvataz' sem er augljós ágiskun. Í 145 er óljóst krot á þessum stað, og er svo að sjá sem 'fyrde' hafi verið breytt í 'fyrdenum', og hefur þá verið þar lítil eyða. Í 426 og 455 er ófyllt eyða. Í H mun hafa verið hlaupið yfir eyðu forrits, en engin missmíði sjást á textanum: 'reru inn eptir Firdinum og so um Beitesia inn til Elldueids' (bls. 32<sup>19-20</sup>).

§ 9. Næsta smáeyða í JS og 426 hefur verið fyllt með orðinu 'Naumudal' með sömu rithendi og fyrri eyðufyllingar og kemur heim við FJ bls. 61<sup>14</sup>. Í 145 stendur hér 'Naumu dalz' (og 'oc' fyrir aftan og ofan vegna rúmleysis) og að því er virðist með sömu rithendi og eyðufyllingin á undan ('mu dalz' stendur fremst í línu og strik dregið yfir, nema það hafi verið fyrir, og er hvorttveggja torskilið). Í 455 er hér ófyllt eyða. Í H er prentað 'Naumudals'.

§ 10. Þess er að geta að næst á undan hafa handritin fjögur og H öll sama lesbrigði: 'um heiði og til'. Þetta er rangur lesháttur, og er hið rétta: 'vm eiðit til' sem stendur í FJ bls. 61<sup>14</sup> eða 'yfir eiðit til' eins og stendur í GM og í W, γ, δ og K. Hér er um að ræða 'Eldueið', sem nefnt er í næstu málgrein á undan. Lesbrigðið 'heiði' á þessum stað má telja meðal þeirra sem sanna sameiginlegan uppruna textanna fimm, JS, 145, 426, 455 og H, frá einu frumforriti eftir Möðruvallabók.



§ 11. Rétt á eftir er enn eyða í 145 og 455; í 145 samsvarar hún FJ bls. 61<sup>17</sup>: 'Hann hafði .v. skip eða .vj. ok oll stór'. En í 455 hefst eyðan á eftir orðunum 'Hann hafði'. Í eyðuna í 145 hefur verið skrifað hálfa: 'og vj skip'. Þetta er texti af sama tagi og W (hér má einnig bera saman við γ), og er skrifað með sömu rithendi og langa eyðufyllingin sem um er rætt í § 7. En í eyðuna í 455 hefur verið skrifað með annarri rithendi en megintextinn: 'sex skip oc oll vel skipud at vopnum oc monnum' (síðustu tvö orðin á spássíu rúms vegna). Þessi eyðufylling í 455 er samhljóða textanum í JS og 426 sem í hvorutveggja er með sömu rithendi og meginmálið, og kemur heim við GM. Hins vegar hefur H hér: 'Hann hafði mikinn hast æ ferdenne' (bls. 32).

§ 12. Enn eitt dæmi um sameiginlegan rangan leshátt í JS, 145, 426, 455 og H er 'námsmenn', þótt enn megi greina 'mansmenn' í Möðruvallabók; sbr. FJ 62<sup>17</sup> og hjá GM (auk þess K, en breytt í 'mängsmenn' á spássíu í 453). FJ og GM ber annars ekki vel saman í þeim texta sem fer hér næst á eftir, enda er Möðruvallabók enn mjög torlesin, og hafa báðir útgefendur orð á því í neðanmálgreinum.

§ 13. Kaflinn um sáttatilaun Sigríðar húsfreyju á Sandnesi og síðan um bardagann (FJ bls. 63<sup>3</sup>–65<sup>9</sup>), bl. 69va neðst – 69vb á enda í Möðruvallabók, hefur sá sem skrifaði frumforrit textanna fimm, JS, 145, 426, 455 og H, gefist upp á að lesa og skilið eftir eyðu. Samsvarandi eyða stendur enn ófyllt í 455 og nemur nærri heilli blaðsíðu (frá fjórðu línu á bl. 7v). Seinustu orðin á undan eyðunni eru: 'En er hun kom til K. s. hun skal nockud tia ad' (orðin 'tia ad' sýnast með sömu rithendi og eyðufyllingin næst á undan). Orðin 'En – nockud' eru nær samhljóða FJ bls. 63<sup>2-3</sup>: 'En – nockut'. Orðin 'tia ad' svara til 'vm sættir tjóa at' í FJ bls. 63<sup>3-4</sup>. Fyrstu orðin á eftir eyðunni eru: 'Kongur lætur græða þa er lifvæner voru' (sbr. FJ bls. 65<sup>9-10</sup>: 'látid binda sár manna þeira er lifvæner ero').

Í JS og 426 vottar ekki fyrir að hér hafi verið skilin eftir eyða, enda er texti þessa kafla með sömu rithendi og texti á undan og eftir. Hér gegnir sama máli og í § 11 að sá sem skrifaði forrit uppskriftanna JS og 426 hefur fyllt eyðu frumforrits textanna fimm jafnharðan eftir auka-handriti, í fyrra skiptið eftir ókunnum texta, en hér eftir δ eða náskyldum texta. Í fyrra skiptið er texti í JS og 426 samhljóða eyðufyllingu í 455, en á síðara staðnum er hann nær samhljóða eyðufyllingu í 145. Í samsvarandi kafla í FJ og GM eru textar sem svo mjög greinir á að þeir gætu verið eftir fjarskyldum handritum. Því mun hafa valdið að



Þessi kafli hefur verið jafnvel enn torlesnari en aðrir á bl. 69v, og hafa FJ og GM ýmist fyllt með getgátum sínum eða haft hliðsjón af öðrum textum. (GM styðst hér einkum við AM 146 fol., eftirrit Ásgeirs Jónssonar, sem hefur að sínu leyti farið hér eftir AM 463 4to; sjá III. Um tvær síðari uppskriftir eftir Eglutexta Möðruvallabókar).

Hér skal tekinn upp texti í eyðufyllingunni í 145, en á milli sviga eru lesbrigði í JS, 426 og δ: 'Skal nockut tjoa að leita vm sætter (satter JS og 426, sætt δ) með yckur þorolfe? kongur svarar. vill þor. vppgiefast og ganga a mitt valld? þa mun (man JS og δ) hann hallda lyfe og limum, Enn menn hans munu sæta refsingum af mier sem sakir falla til, Epter það gieck Aulver hnufa til stofunnar. og liet kalla þor. til motz (mæla JS og 426, mals δ) við sig,<sup>2</sup> og sagde honum þann kost er kongur giorþe þeim. (+ hann svar. Enga vil ek næða sætt taka af konge biðv (svo í lok línu) kong gefa oss vtgango leyfi. ok latvm þa skeika at skapvðv δ).<sup>3</sup> Aulver gieck þa til kongs, og sagde honum hvor(s) þor. beiddest. þa mællte kongur bere (Berid 426) elld at stofunne, ecki vil eg beriastr við þä, og eyda so (+ JS, 426 og δ) lide mijnu. veit eg að þor. man giora mier mikinn (mikit δ) mannskada. ef vier skulum henda hann ute. þott hann hafe lid miklu (+ δ) færri (+ en ver δ). Var þa elldur borinn að stofunne, og sottiz þvi (þat δ) skiott að (er δ) timbrid var þurtt, en næfrum þaket (þackit ? δ), þor. það menn sijna briota vpp þilid er a millum var stofnanna (stofanna 426), og saktist það skiott, Enn er þeir nadu timbur stockum, þa toku sva marger menn (+ δ) einn stockinn sem a feingu halldid, og skutu odrum enda ut J hyrnijngena sva hart, að næfrarner (næfararner 426) geingu af fyrer utan og hliopu J sundur veggerner, sva að þar var utgangur mikell. Gieck þorolfur fyrstur (fyrst δ) manna vt, enn þar næst þorgils giallande, og þa huor að odrum, tokst þa inn hardaste (harasti δ) bardage. var það um riid að stofann giætte a bak þeim þorolfe, og tynde kongur þa morgu lide sijnu, Enn er stofan tok að brenna, þa sokte elldurinn að þeim, fiell þa og margt lid þorolfs (þeira δ), þa hliop þorolfur framm og hio til beggia handa, og þurftu þeir menn lytt vm (þyrfti litt þeira manna δ) sar að binda er fyrer honum urdu, hann sokte þar að, sem (er δ) hann sa kongs merket, i þvi (þeiri δ) svipan fiell þorgils Giallande, þa er (En

<sup>2</sup> FJ eignar δ ranglega lesbrigði í 8.-9. línu á bls. 63.

<sup>3</sup> Hér er neðanmálgrein í 426 með sömu hendi og á eyðufyllingum: þor: svar. og kvadst aungva naudungarkoste taka af konge; Eg bið Kong lofa oss utgaungu (K-texti).

er ð) Þorolfur sa það, þa leggur hann merkismann kongs í giegnum og mællte. nu gieck eg þrem fetum til skamt, þa stodu a honum bæde sverd og spiot, enn kongur veitte honum banasär og fiell hann a fætur konge, þa bad kongur hætta ad drepa menn, og sva var giort, þa liet kongur menn sijna fara ofan til skipa, og mællte vid Aulvi, taked (taki 426) þier nu Þorolf frænda ydarn og veited honum umbunad sæmileg-ann, eñ ecke skal hier ræna þviat þetta allt er min eiga.'

Handritin fjögur og Hrappseyjar-Egla hefjast á sömu orðum að loknum innskotstextanum: Kongur (Haralldur koongur H) lætur (liet H) græda -, og virðast þau samin af skrifara frumforritsins sem fyrri hluti setningarparts efst á bl. 70ra í Möðruvallabók: þa er lifvæner ero. - Í eftirritunum þremur lýkur innskotstextanum svo: eñ ecke skal hier ræna þviat þetta allt er min eiga (145). Því næst er haldið áfram eins og fyrr segir: Kongur lætur græda þa er lýffuæner eru, eñ ecke skal hier Ræna seger hann þui þetta er mitt fie (145). Hér verður því endurtekning þeirra orða kóngs að ekki skuli ræna og hefði innskotstextanum átt að ljúka næst á undan þessum ummælum kóngs.

Texti Hrappseyjar-Eglu á þessum kafla (bls. 33<sup>9-34</sup>) byrjar sem tilbúningur með sautjándu aldar orðalagi, en verður síðan mjög líkur texta Ketilsbóka, nema allra síðast, þar sem aftur virðist skáldað í eyðu. Þessi tilbúningur minnir að efni og einnig að nokkru leyti að orðfæri á samsvarandi texta í sautjándu aldar gerð Egils sögu sem Árni Magnússon taldi vera verk Lærða-Gísla Jónssonar í Melrakkadal (uppskrift Sigurðar á Knör í AM 454 4to, bl. 14r-v): 'skal mikid adgiöra, mæ ei fast ad sefest Ydar Reide, Eg vil fa vægd firer Boonda minn, Koongur svarar: vilie hann giefast æ vora Næd, og vera minn Underdæne, þa mæ hann lifa ef hann vill; Epter það gieck Avlver Hnúfa til Þorolfs og sagde hönnum hvørn kost Koongur giæfe hönnum, Þorolfur svarar, fir vil eg falla med Dreingskap, enn vera Koongsinns Underlæga alla mijna Lijfdaga. Seig þw Koonge, seiger Þorolfur: ad eg bidie hann ad lofa mier ad ganga wt, og veria mig med vopnum, og vit hvørt eg hef ei mann firer mig. Avlver innte Koonge Andsvør Þorolfs,<sup>4</sup> Koongur mælte: berid Elld ad Stofune, þvi eg vil ei (eckj vil eg K) tijna Lide mijnu, ætla eg (+ ad K) Þorolfr mune giöra oss mikinn mannskada (mannskada micinn K) ef hann kiemst wt. Sijdann var Eldur bor-enn ad Stofune og logade floott (skiött K), þvi tymbred var þurt og

<sup>4</sup> Hér tekur við texti líkur K.



brædder Veggerner enn Næfrum þaked Ræfrid (þakt um ræfred K); Þorolfur bad menn síjna brioota upp þilid, enn er þeir nædu tymburstocknum þa tooku þeir marger eirn Stockinn sem a feingu hallded, og skutu ødrum Endanum wti Hirninguna (hirningina K) so hart ad næverner (nafarner K) hrtu af firerutann og hlupu i sundur Veggerner, so þar vard (var K) wtgængur mikill. Þorolfur gieck wt firstur, þa Þorgils Giallande, þa hver ad ødrum, tokst þa bardage og varade (var K) þad umm hrid ad Stofann gætte ad bake (ä bak K) þeim. Enn er hwn took ad brenna þo (svo, þä K) sookte Eldurinn ad þeim, fiell þa margt lid, þa sookte (hljöp K) Þorolfur framm og hioo til beggja handa og sookte þangad (+ ad K) sem merke Koongs var, i því fiell Þorgils Giallande; Enn er Þorolfur kom framm ad Skialldborginne, þa lagde hann igiegnum þann mann med Sverde er merke Koongs bar (bar firir konge K), þa mælte Þorolfur nw geck eg þrem fotum til skamt, þa stoodu a hönnum bæde Sverd og Spiot, Enn Koongur<sup>5</sup> veitte hönnum banahögg, og fiell hann so davadur nidur. Koongur seiger hættum nw þessu slæge, því vier höfum feingid Sigur, talar síjdann til Avlvers Hnúfu, bijd þw hier epter, og greþra Þorolfs Lijk, og þeirra sem hier fiellu, enn græd þa sem lijft er.'

§ 14. Í 145 er eyða sem skrifarinn (Jón Gissurarson) virðist þó hafa haft grun um hvernig ætti að fylla. Þar ætti að standa 'bautasteina' (sbr. FJ bls. 66<sup>20</sup>), en Jón hefur skrifað 'ēya' (= eyna, eina) á eftir lítilli eyðu sem myndi rúma 'bautarst' (eða 'bautast'). Á sama stað í 426 hefur verið eyða, en í hana er skrifað með annarri rithendi 'Bautarsteina'. Í 455 er skrifað 'Bautarsteina' með breyttri skrift, en sama bleklit og líklega sömu rithendi. Þarna kynni að hafa verið eyða í upphafi. Í JS er ekki að sjá að fyllt hafi verið eyða á þessum stað, heldur stendur þar með hendi Jóns Erlendssonar 'Bautarsteina'. Í H er prentað 'Bautasteina' (bls. 34<sup>30</sup>). Í 568 I hefur málgreininni verið sleppt. Af þessu verður glögg að orðið hefur verið torlæsilegt í frumforriti þessara texta.

Næst á eftir stendur í 145, 426, 455 og H: 'þeir létu græða síuka menn'. Og er það M-texti (FJ bls. 66<sup>21</sup>). Sökum skerðingar á blaði verður ekki fullyrt hér um texta í 568 á eftir 'græða'. En í JS stendur: 'þeir lietu græpa sára menn'. Má vera að það sé lagfæring Jóns Erlendssonar. Í W og δ stendur að þeir 'létu græða sár manna'.

<sup>5</sup> Hér lýkur texta líkum K.

§ 15. Í 145 og 455 hefur verið skilin eftir enn ein eyða á bili sem samsvarar nokkurn veginn FJ bls. 67<sup>12-16</sup> (frá helldr):

Konungr leit við honum ok suarar helldr stutt: „eigi mun ek þat lofa yckr. Hér skulu þið vera með mér“. Þeir bræðr gengu í brott ok aprtr til sætiss síns. Annan dag eptir sat konungr í málstofu, lét kalla þangat þá Aului bræðr.

Síðasta lína á undan eyðunni í 145 og 455 er þessi:

Kongur leyt vid honum og mællte.

Síðan kemur í 145 eftirfarandi eyðufylling með annarri hendi:

helldur stutt. Eige man eg þad leyfa yckur. hier skulu þið vera med mier. þeir geingu braut og hurfu til ruma sinna. Annan dag epter sat kongur i malstofu og liet kalla þangad þa Aulvi og Eyvind lamba og mællti. Nu skulu þið vita yckarn lut.

Hér lýkur eyðufyllingu í 145, en framhaldið er á þessa leið:

Nu skulu þið fá seiger kongur þad er þið beýddust aff mier þviat þið haffed verid hier vm hrýd med mier og vered vel sidader og Jafnann vel dugad, heffer mier til ýckar vm alla hlute vel hugnad.

Þessi kafli virðist ágríp af texta M (sbr. FJ 67<sup>16-20</sup>):

„Nú skulu þið vita, seiger konungr, vm erendi þat er þið hófut við mik ok beidduz heimferðar. Hafi þið verit hér vm hríð með mér ok verit vel siðaðir. Hafi þit vel jafnan dugat. Hefer mér til yckar aller hluter vel hugnat.“

Í 426 og JS – og að því er virðist í 568 – er á því bili sem samsvarar eyðu í 145 og 455 samskonar texti og eyðufyllingin í 145. Þessi texti ber nokkurn svip af δ, þó að mismunur sé einnig glöggur. Texti í δ er á þessa leið (hefst litlu fyrr og endar nokkru síðar en eyðufyllingin):

konungr mælti til hans oc helldr stutt. Eige man ek þat leyfa ykr. her skolo þitt vera med mer. þeir gengo ibrott oc aprtr til rvms sins. Annan dag eptir satt konungr i malstofu oc létt kalla þangat þa aulvi bredrna. konungr mælti. Nu skolo þit vita yckarn lvt. It hafit verit með oss vm rið vel siðaðir. hefir mer til yckar vel hvgnat . . .

Fyrst verða fyrir tvö lítil frávik, þar sem í δ stendur 'ibrott oc aprtr' hafa



145 og JS og 426 'braut og hurfu'. Í  $\delta$  stendur 'til rvms sins', þar sem í hinum þremur stendur 'til ruma sinna'. Í síðara tilfellinu er þó samkvæmnin merkari en mismunurinn, því að í öðrum textum (M, K og H) stendur 'sætis' í st. 'rvms' ('ruma').

Skyldleikinn við  $\delta$  verður ótvíræður í framhaldinu, þar sem JS og 426 halda áfram með texta samhljóða  $\delta$  þó að ekki virðist hafa verið þörf á því samkvæmt afmörkun eyðunnar í 145 og 455. Framhaldið er þetta samkvæmt JS (og 426):

Nu skulut þid vita ykkarn lut, jt hafed vered med oss um rid vel sidader. hefur mer til ykkar vel þokknaz.

Eina afbrigðið er orðið 'þokknaz', þar sem  $\delta$  hefur 'hvgnat' og er þar reyndar í samræmi við M og önnur eftirrit M-texta (568 hefur að vísu 'hugnnast'). 'þokknaz' verður því að teljast frávik í því forriti sem JS og 426 eru frá runnin. Það er og athyglisvert að orðmyndin 'jt' er einstök hér í JS og stafsetningin 'lvt' og 'rid' mun sjaldgæf þar, ef ekki einstök (sbr. 'hríd' á sömu blaðsíðu, 6. línu a.o.) Í  $\delta$  eru sömu orð skrifuð 'It' og 'lvt' og 'rið'.

Þá er og ljóst að í eyðufyllingu í 145 hefur verið tekið upp einni setningu of mikið. Lokasetningunni er ofaukið, þar eð hún samsvarar upphafssetningu eftir eyðu, þó að orðin séu allt önnur. Og upphafssetning eftir eyðu í 145 og 455 er samhljóða í öllum þeim uppskriftum sem hér um ræðir ættuðum frá M, – nema auðvitað JS og 426 –, þó að sú setning verði nú ei fundin í M smkv. lestri FJ (og GM): 'Nu skulu þid fá seiger kongur þad er þid beyddust' (145, en hin 'beidist') 'aff mier' (145, 455, 568 og H).

Ræða konungs eftir eyðuna hefur verið tekin upp hér fyrir framan smkv. 145 og er hún samhljóða í 455, 568 og H, nema þeir hafa sem áður er getið 'beidist' (í st. 'beyddust') og auk þess hefur H 'dugandi' í st. 'dugad', og að vísu er 568 styttr texti. En hinn sameiginlegi texti virðist vera runninn frá M, þó að hann sé vissulega ófullkominn, þar eð M hefur enn verið torlesin.

Þess var getið hér á undan að texti í 568 á því bili sem svarar til eyðunnar í 145 og 455 virtist vera sams konar texti og eyðufyllingin í 145 og samsvarandi texti í JS og 426 og því skyldur  $\delta$ . Sú skoðun styðst við orðin 'aptur til rums syns' sem eru samhljóða  $\delta$ . Varla er mark takandi á því að í 568 er bætt við orðunum 'med hird sinni' þar sem sagt hefur verið að kóngur sæti í málstofu. Enginn annar texti hefur þessi orð. En



af því að sjón er sögu ríkari skal hér taka upp kafla úr 568 sambærilegan við þann sem tekinn hefur verið upp úr 145 annars vegar og δ hins vegar:

kongur leit við honum og m. til hans heildur stutt [ei (?) man eg það leyfa] yckur, hier skulu þid vera med mier. þeir geingu þa aptur til rums syns. Ann[an dag epter] sat kongur i málstofu med hird sinni, og liet þangat kalla þa m̄ (?) olver og [Eyvind]. Nu skulu þid fæ seigir kongr það þid beidist af mier, þvíat þid haft (svo) verit vel sidadir. Og Jafnann vel dugat. hefmier (svo) ad yckur vel hugnast.

Fyrirnefnd viðbót í 568 'með hird sinni' hefur getað komið eins og af sjálfu sér úr þenna heldur hirðulauss skrifara, þó að hann virðist annars yfirleitt stytta textann. Framhaldið – frá 'Nu skulu þid fæ' – er augljóslega sami texti og tekur við eftir eyðuna í 145 og 455 og eru þar úrfellingar af því tagi sem einkennir texta í 568.

H er sér um texta á sama bili og eyðan er í 145 og 455. Texti H er á þessa leið:

Koongur leit við hönnum og mællte reiduglega: þid skulut samt, vera kirrer i hird minne og þiggia sømu koste og aður höfðud, þeir geingu aptur til sijns sætes, og svørudu avngvu. Annan dag seiger Koongur við þæ, Nw skulu þid fæ seiger Koongur, það er þid beidiz af mier, þvíad þid hafid verid hier um hrijd med mier og verid vel sidader, og jafnann vel dugandi, hefur mier til yckar um alla lute jafn vel hugnad (Hrappseyjar-Egla, bls. 35).

Það er athyglisvert að í þeim texta H sem samsvarar títt nefndri eyðufyllingu, verður vart svips með orðalagi á sambærilegum stað í Eglu Lærða-Gísla. Þar byrjar ræða kóns svo:

(Enn er köngur heirde þetta, m. hann) Ølver skal samt vera med hyrd minne . . . (AM 454 4to, bl. 15v).

Og í H segir köngur: 'þid skulut samt vera kirrer i hird minne . . .'.

Að öðru leyti gæti texti H á þessu bili verið tilbúningur skrifara, nema e.t.v. orðin 'aptur til sijns sætes' sem samsvara texta M: 'aptr til sætiss síns' (sem reyndar er samhljóða í Ketilsbókum). Framhaldstextinn er hins vegar nær eins og texti í 145 og 455 á eftir eyðunni.

Niðurstaðan virðist sú að í sameiginlegu forriti allra þessara texta

hafi verið skilin eftir eyða sem samsvarar eyðunni í 145 og 455. Í milli-lið þessa forrits og JS og 426 hefur eyðan verið fyllt með texta líkum δ og þá viljandi eða óvart tekinn upp meiri texti en nauðsyn krafði. Sams konar aukatexti hefur verið notaður til að fylla eyðuna í 145 og einni málsgrein bætt við um fram þörf. Loks hefur texti af sama tagi enn verið notaður til að fylla eyðu í 568 eða forriti þess, en þar hefur ekki neitt verið tekið upp um fram eyðufyllingu. Þessi þrefalda notkun sams konar eyðufyllingartexta er ekki undarleg, þegar þess er gætt að W-texti Eglu hefur verið víða til eins og margvísleg brot af honum sanna.

§ 16. Rétt á eftir bregður fyrir orðalagi í JS, 145, 426, 455 og H sem enn einu sinni sannar uppruna þessara texta allra frá sameiginlegu frumforriti. Kóngur segir um Ölvi samkvæmt FJ bls. 68<sup>1</sup>: 'Vil ek hann eigi lausan láta . . .' (Enn læsilegt í M). Og sama stendur í útg. GM. En í áður nefndum fimm textum er þetta orðað svo: 'vil ek hann ekki (ei JS) missa né lausan láta.' Hér er 568 skert: 'vil eg hann ei l . . .', en síð-asti stafur bendir til að þessi texti hafi hér verið líkur M.

§ 17. Þess er að geta að næst á undan umræddri eyðu í 145 og 455 (sbr. § 15) og samsvarandi texta í JS, 426 og H, greinist orðalag á þann hátt að næst á eftir 'Þórólf' (sbr. FJ bls. 67<sup>11</sup>) stendur 'því hann var frændi okkar' í 455, JS, 426 og H, og 'hann var frændi ockar' (upphaf skert) í 568, en 'frænda vorn' í 145 og δ og W, og 'frænda ockarn' í M samkvæmt FJ bls. 67<sup>11-12</sup> og GM bls. 95 (greina má daufar leifar af 'ockarn' á ljósmynd af bl. 70rb, efstu línu). Ölvir talar hér fyrir munn tveggja, og í Möðruvallabók og í W segir hann 'vit' o.s.frv., en í δ stendur 'ver' o.s.frv., og í 145 fyrst 'vier', en síðan 'ockur', 'ockura', 'víd' og loks 'vorn'.

Hafi skrifari 145 hér haft hliðsjón af δ eða náskyldum texta, þá gegnir furðu að hann skyldi ekki fylla eftir því eyður forrits síns. Hér verður því e.t.v. að gera ráð fyrir tilviljun.

§ 18. Á einum stað er augljóst að skrifari frumforrits þessara sex texta, JS, 145, 426, 455, 568 og H, hefur breytt auðlesnu orði Möðruvallabókar að geðþótta sínum. Skallagrímur kemur til föður síns, þá er hann hefur lagst í rekkju af harmi og elli eftir lát Þórólfs, 'bað hann hressa sik, sagði at allt var annat athæfilegra en þat at auuirðaz ok leggi az í kaur' (bl. 70vb, FJ bls. 72<sup>9</sup>). Í nefndum sex textum stendur hér 'gráta' í stað 'auuirðaz'. Í 568 stendur reyndar 'ohæfilegra' í st. 'athæfilegra'. Orðalagi er og breytt að öðru leyti og vísa Kveldúlfs felld niður í þessu handriti (sbr. § 19).



§ 19. Fyrsta vísa Egils sögu er lögð í munn Kveldúlfi eftir fall Þórólfs sonar hans. Allmikill munur er hér á textum í JS og 426 annars vegar og í H og 145 og 455 hins vegar. Í JS og 426 hefur vísan flest einkenni  $\delta$ -texta, en hinir textarnir þrír hafa M-texta. Þó hafa þau öll fimm lesbrigðið 'þórs' í upphafi 6. vísuorðs, þar sem M virðist hafa 'þars' eins og W. Í  $\delta$  stendur 'þors'.

§ 20. Í 27. kap. (FJ bls. 88<sup>7</sup>) hefur föðurnafn Gríms hins háleyska fallið niður í frumforritinu. Í M stendur hér: 'Grímr het maðr son þoris ketils .s. kiolfara.' Svo er að sjá sem 'ketils .s.' hafi verið lesið 'ketilssonar' (eins og rétt er) í nefndri uppskrift, þrátt fyrir niðurfellingu 'þoris', því að svo er prentað í H: 'Grímur hiet maður son Ketilssonar Kiolfara.' Má merkilegt heita að ekki skyldi gerð leiðréttingartilraun. Í 455 er samhljóða texti, en að vísu lagfærður með punkti á eftir 'Ketils', svo að textinn verður ekki fráleitur. Sams konar texti er í 568: 'sonr Kietells sonar Kialfara.' Í JS og 426 er orðalagi breytt til lagfæringar og aukið inn lýsingarorðinu 'háleyskur' í samræmi við viðurnefni Gríms, sem getið er síðar, 'inn háleyski': 'Grimur hiet maður Haleyskur Kietilssonur Kialfara.' 'Kietilssonur' ber með sér að það er leiðrétting í stað 'Ketilssonar', þar eð 'Ketilsson' hefði verið í meira samræmi við málvenju. Leiðrétting hefur þó tekist einna best í 145: 'Grýmur hiet maður son Kietelz Kiolfara'.

§ 21. Í Möðruvallabók endar bl. 72vb á 'þorir þurs bio a', en næsta blað (73ra) hefst á 'stauðum'. Hefur fyrri liður bæjarnafnsins fallið niður við blaðsíðuskriptin. Í H og í 145 og 455 stendur hér: 'Þorer þuss bioo ad Støðum' (stafs. H). Í JS og 426 er textinn lagfærður og skrifað 'Þursstøðum'. Í 568 hefur textinn og verið lagfærður: 'Þorir biö æ Porustodum'. Leiðréttingin í JS og 426 kann að vera tilgáta manns sem hefur þekkt til á þessum slóðum, þar eð Þursstaðir eru þar enn með því nafni, en kynni einnig að vera ályktun dregin af viðurnefni Þóris. Umbótin í 568 mun hafa stuðst við nafn Þóris, þó að þá hefði fremur mátt vænta að bærinn hefði verið nefndur Þórisstaðir.

§ 22. Í Möðruvallabók, bl. 73ra, segir frá búskap Skallagríms, þar á meðal nýtingu hlunninda: 'hualakuamur voro þa ok miklar. ok skiota matti sem villdi. allt var þat þa kyrt i veiðistod. er þat var ouant manni' (= FJ bls. 93<sup>8-10</sup>). Þetta stendur allt skýrum stöfum í handritinu, en engu að síður hefur parturinn 'allt - veiðistod' brenglast furðulega, nema ætlunin hafi verið að stytta. Í H stendur hér í stað þessara orða: 'þar edstood', og verður að gera ráð fyrir prentvillu í stað 'þar ed



stood' eins og stendur í JS, 426 og 455. En í 145 er breyting: 'þar madur stood'. Í 568 vantar þetta efni og meira til sökum skerðingar á blaði.

§ 23. Litlu neðar í sama dálki Möðruvallabókar (= FJ bls. 93<sup>19</sup>) segir um Sigmund heimamann Skallagríms: 'Hann bio þar er kallat var a asmundar stodum'. Punktur er undir 'as' í 'asmundar' og fyrir ofan forsetninguna 'a' og 'a' fremst í 'asmundar' er skrifað 'sig' (óvíst hvort leiðréttingin er með hendi bókar- og skrifarans, en þó vafalaust mun eldri en sautjándualdaruppskriftir textans). Textunum sex ber ekki saman um þetta bæjarnafn. Í H er prentað 'Asmundarstodum', en í hinum stendur 'Sigmundarstodum'. Skýringin á þessu ósamræmi milli H og hinna textanna fimm kynni að vera sú að í frumforriti þeirra allra hafi verið skrifað nákvæmlega eins og í Möðruvallabók, þ.e. 'a asmundarstodum' með 'sig' fyrir ofan 'a a', en síðari skrifarar hafi valið á milli. Mætti þá og virðast sennilegt að sú venja Egluhöfundar að láta heimamenn Skallagríms og förunauta setjast að á jörðum samnefndum sér hefði getað styrkt eftirritara í þeirri skoðun að 'á Sigmundarstöðum' væri rétta nafnið. Þess má geta að kaflann um Odd og Sigmund vantar í W og δ. Og setningarnar um bústaði Sigmundar eru ekki í K.

§ 24. Á bl. 73va í Möðruvallabók segir m.a. frá járnsmíði Skallagríms, og að hann léti gera smíðju í Raufarnesi, 'þotti honum skogar þar fiarlægir.' Hér vantar augljóslega neitun ('þar var skamt til skogar' stendur í W og δ og K). Í Hrappeyjar-Eglu hefur verið gjörð leiðrétting: 'þotti hönnum Skoogar þar nælægir' (bls. 49 neðst). Og í JS og 426 er leiðrétt á annan veg: 'þotti honum skögar þar ei fiarlægir'. En í 455 er óbreyttur M-texti: 'þötti hönnum skogar þar fiarlægir', – og í 145 er aðeins vikið við orðaröð: 'þötte honum þar skogar fiarlægir'. Hér er auðsætt að sameiginlegt frumforrit hefur haft þetta óbreytt eftir Möðruvallabók. (Sbr. FJ bls. 97<sup>6</sup>). Texti er skertur í 568.

§ 25. Vísa Skallagríms um járnsmíði kemur hér rétt á eftir (bl. 73va–b = FJ bls. 98). Í þessari vísu hafa JS og 426 þrjú lesbrigði í samræmi við W og δ og ε og enn eitt af sama tagi og W og δ. Hins vegar hafa H og 145, 455 og 568 annan texta og sumpart líkara M, en þó með miklum afbökunum. Tvö síðustu vísuorðin vantar reyndar í 145, 455 og 568. Óvíst er að þetta sýni sérstök tengsl milli þessara þriggja texta. Mætti vera að þau geymdu hér texta frumforrits. Þess er að gæta að tvö síðustu vísuorðin í H minna nokkuð á ε og K. Fyrsta orð í sjöunda vísuorði er 'hítu' í H, 'hetu' í ε og 'h'u' í K ('heitu' M, 'heiter' W og δ). Seinasta orð vísuorðsins er 'bitra' í H, en 'kýttra' í ε ('kytur' M, W og

ð). Áttunda vísuorð hefst á 'hreggum' í H, 'hrek vm' í ε ('hregs vind' M og W, 'hregs vnd' ð).

§ 26. Fyrsta vísa Egils samkvæmt sögunni er á bl. 74ra í Möðruvallabók (= FJ bls. 101) og er vel læsileg. Vísuna vantar í 568. Í H og í 455 er þessi texti varðveittur óbrennlaður að heita má. Undantekning er 8. vo., sem er þannig í M: 'linz oðar smið finna'. Í H og í 455 stendur: 'Linnz eidar mier finna', og í 145: 'Línseydar mier finna'. Annars er hér sami texti í 145 og í H og 455, nema afbakanir eru fleiri: Í 5. vo. hefur 'þægir' orðið 'sær' og í 7. vo. hefur 'liosundinna' orðið 'Liodsmid-inna'. Í JS og í 426 eru a.m.k. tvær lagfæringar í samræmi við ð, en þeim ber þó ekki saman um 3. vo. Í M stendur: 'hann var ek fuss at finna'. Í stað 'var' stendur 'em' í JS (og í ð), en í 426 stendur 'einn var'.

§ 27. Önnur vísa Egils er litlu neðar í sama dálki Möðruvallabókar (bl. 74ra, FJ bls. 101–102) og einnig auðlesin. Vísuna vantar í 568. Í H og hinum handritunum fjórum er M-texti lítt aflagaður. Í 145 og 455 og H stendur hér 'saragagls' í stað 'sargagls' í 2. vo., en í JS stendur 'Sardags' og er það lesbrigði í samræmi við W og ð, og í 426 stendur 'saradags'. Í 145 virðist standa 'brunrotar' í 4. vo. í st. 'brimrotar'. Hins vegar hefur 145 varðveitt M-orðmyndina 'beck fidurs', þar sem hin handritin og H hafa 'beckfidris'. (M-orðmyndin 'beck fiðrs' er reyndar afbökun í st. 'beckfiðurs' eins og skrifað er í ð og ε og auk þess í W með leiðréttingu). Lesbrigði Jóns Gissurarsonar (þ.e. í 145) 'fidurs' kynni að vera lagfæring hans í st. 'fidris', þar eð honum hafi þótt 'fidurs' skiljanlegra.

§ 28. Nú er komið að fyrri eyðunni í Eglu-texta Möðruvallabókar, þar sem blað vantar í bókina á eftir bl. 77, sem endar á orðunum 'þa tok at liða at ałui' (sjá FJ bls. 135<sup>6</sup> og SN bls. 109<sub>s</sub>). Hér er prentaður texti úr JS 28 fol. með lesbrigðum úr hinum textunum fimm, Hrappseyjar-Eglu, AM 145 4to, 426 fol. og 455 4to auk 568 4to II sem nú hefur tekið við af 568 4to I (sbr. kaflann 'Helstu niðurstöður', 7. grein). Um leið er gefinn gaumur að sambærilegum lesbrigðum í W, ð auk K.

Texti úr JS ásamt lesbrigðum úr H og úr hinum handritunum fjórum er prentaður hér á eftir á bls. 28 o. áfr.

§ 29. Á bl. 81rab í Möðruvallabók stendur: 'siðan / ver settüz' (sbr. FJ bls. 165<sup>18</sup>). Í JS er síðasta orðið skrifað 'sættunst' og 'sættüst' í 145, 426 og 455. Hér er 568 samhljóða M. En í H stendur: 'sijðann vier sett-



um grid' og K er hér nær samhljóða H, enda verður þess víða vart að H dregur dóm af K.

§ 30. 19. vísa Egils sögu samkvæmt Möðruvallabók stendur á sínum stað í H og í eftirritunum öllum nema 455. Í 455 standa vissulega á réttum stað orðin 'Og þa qvad E. v.', en ekki hefur vísunni verið ætlað neitt rúm og á spássíu stendur með hendi skrifarans: '(öskilin)'. Ekki hefur skrifarinn átt við að hann skildi ekki skrift forrits síns, heldur hitt að vísan væri torskilin og ekki ómaksins vert að skrifa hana af þeim sökum. Víst er að vísan er ekki auðskilin, en ekki hafa aðrir skrifarar þeirra eftirrita sem hér um ræðir sett slíkt fyrir sig.

Þessi vísa er á bl. 82va í Möðruvallabók (með hendi vísaskrifara sögunnar í þeirri bók) og er nú torlesin að sumu leyti, bæði með dökkum flekk og máðum blettum. Þó virðast FJ og GM báðir hafa getað lesið allt, en ber ei algjörlega saman. Finnur getur þess reyndar tvisvar að stafir séu ógreinilegir. Texti í H og í uppskriftunum fjórum ber vitni um sameiginlegan uppruna frá einu forriti, en JS og 426 hafa þó hér sem víðar sameiginleg lesbrigði gegn hinum.

Vísan er á þessa leið í textunum fimm (tekin upp eftir 145 og með lesbrigðum úr hinum fjórum):

Huarmtangar lætur hanga  
hrýmuirgilz mier Brýniu  
hadde ä hauke trodnum  
heidis vinga Meide  
Ritmeidis knä ec Reyde  
Ræde gunnuala Brædur  
gelgiuseil æ Galga  
geitnædur Loptz neýtis.

hrýmuirgilz] Hrin- H; hrynmirgils JS, 426. vinga] vindga H.  
Galga] Gialga 568. geitnædur] geitvedur H, 568; gietuedur JS, 426.

Vísutexti Möðruvallabókar er þessi, og eru óvissir stafir á milli [ ] og þá stuðst við lestur Finns (fjólublátt lampaljós reyndist ekki koma að gagni):

Hvarmtánger lætr hanga  
hrym vir / [gi]ls mer [br]yníu  
[h]a[ðr] a hauki troðnum  
heidis / un[ga] m[ei]ði

[r]ytm[ei]ðis kna ek reiði  
 ræðer gunn / vala bræ[ðir]  
 [gelgiu seið] a galga  
 geirueðrs / lo[fi] at m[eira].

Finnur tekur fram í Skjaldedigt. A I bls. 51 að 'seið' í 7. vo. sé ógreinilegt. Í W er vísan á þessa leið:

Hvarmtangar lætr hanga  
 hrum virgils mer bryniu  
 hauðr a auki trodnum  
 heiðis unga meiði  
 ryð meiðiss kna ek reiða  
 roðir gun vala broðir  
 gelgio sel a galga  
 geirueðrs lofi meira.

Í K (AM 453 og 462 4to):

Hvarm tänga lætur hänga  
 hrÿn virgils mier briniu  
 haudr af hauka triönum  
 heidir unga meidir  
 rÿt meide knä eg rÿða  
 rædr gunnvala bræder  
 gelgis skil ä gälga  
 geir vedurz lofe at meira.

hrÿn] hrÿn 462. rædr] rædur 462.

Og í η (í AM 162 A fol.)<sup>6</sup>:

Hwartangar lætur hanga  
 hrunnuirgils mer bryniu  
 haudur æ hauke trodnum  
 heidis vínga meide

<sup>6</sup> η er textabrot frá 15. öld; virðist vera blandaður texti; sbr. grein Jóns Helgasonar í Nordælu, bls. 112.



ryd mædis knæ ek reida  
 rædur gunnuala brædis  
 gelgiu seil æ galga  
 geír wedr loff ath meíra.

Þess er áður getið til að skrifari sögunnar í 455, Helgi Grímsson, hafi látið hjá líða að skrifa þessa vísu sökum þess að hann hafi talið hana óskiljanlega (sbr. '(öskilin)' á spássíu). Þá mætti ætla að vísutextinn í hinum handritunum fjórum og í Hrappseyjar-Eglu væri runninn frá frumforritinu, sem hefði haft hann eftir Möðruvallabók, en að vísu nokkuð brenglaðan vegna þess hvað vísan hefur þá þegar verið torlesin. Ekki væri líklegt að skrifari frumforritsins hefði sótt vísuna í annað handrit, því að hann hefur verið vanur að skilja eftir eyðu þar sem Möðruvallabók var að ráði vandlesin. Mátt hefði vænta eyðu í öðrum eftirritum sögunnar, ef svo hefði verið hér í forritinu, og hefur þegar verið getið ýmissa tilfella af því tagi.

Í vísutexta Möðruvallabókar eru reyndar tvö lesbrigði sem myndu girða fyrir að vísutextinn í 145 og hinum eftirritunum auk Hrappseyjar-Eglu gæti verið þaðan runninn, ef víst væri að þau væru rétt lesin í útgáfu FJ. En á því leikur vafi í báðum tilfellum. Fjórða vo. hefst á 'heiðis' sem er auðlesið seinast í línu í handritinu (sjá bl. 82va, 29. línu). En afgangur vísuorðsins í upphafi næstu línu er mjög máður, einkum fyrra orðið, sem sýnist þó byrja á 'un', og bæði FJ og GM hafa lesið 'unga', og svo er skrifað í W og K. En η hefur hér 'vínga' og sama stendur í 145 og hinum eftirritunum, en 'vindga' í H. Augljóst er að 'vinga' eða 'vindga' er eina rétta orðið á þessum stað (sbr. 'vindga meiði' Hávamál 138).

Í Möðruvallabók er svo háttað að nú verður ekki greint nema 'un' eins og fyrr er getið af orðinu á undan 'meiði', þótt bæði FJ og GM hafi þótt geta lesið 'unga'. Næst á eftir 'un' má greina leifar af 'g', en alls óvíst er um næsta staf þar á eftir. Sá kostur hefur verið athugaður að 'un' gæti verið 'ui' og fyrri liður af 'n', en samkvæmt samanburði við stafagerð sama skrifara virtist varla rúm fyrir þetta á undan 'g'. Því er líklegra að þar hafi staðið 'unga' eins og þeir FJ og GM hafa lesið en 'vinga' eða 'vindga'.

Síðara lesbrigði sem athuga þarf í þessu sambandi, er 'seið' í 7. vo. í texta Möðruvallabókar samkvæmt lestri Finns, en GM tekur fram að orðið sé máð og prentar 'seil' í samræmi við eftirrit. Skemmst er af að

segja að nú eru allir stafir orðsins óskýrir, og eins og fyrr er sagt hefur Finnur getið þess í Skjaldedigtningin að orðið sé ógreinilegt. Þessi lestur Finns verður að teljast ótraustur, enda nýtur hann einskis stuðnings í öðrum handritum. 'gelgiuseil' kann að vera réttlesinn M-texti í eftirritunum.

Niðurstaðan er sú að uppruni vísutextans í eftirritunum fjórum og H verði að teljast óviss svo framarlega sem lesbrigðið 'unga' er rétt lesið í 4. vo. í texta Möðruvallabókar. Hins vegar er athyglisvert að Ásgeir Jónsson hefur lesið 'vinga' þegar hann skrifaði Eglu-texta eftir Möðruvallabók snemma á 18. öld. Hann skrifar 'gelgfú feit' í 7. vo.

Af sambærilegum textum er vísutextinn í η líkastur texta eftirritanna fjögurra og H. Þar eru bæði lesbrigðin 'vinga' og 'seil'. Hins vegar er fyrsta orð vísunnar í η einstakt, 'Hwartangar', þar sem eftirritin og H hafa 'Huarmtangar' eins og W og K (að vísu – 'tänga' í K).

§ 31. Á bl. 83vb í Möðruvallabók stendur: 'aunundr s. þa snellt miog' (sbr. FJ bls. 186<sup>7</sup>). 'snellt' er einnig skrifað í 145, 455 og 568, en í JS og 426 stendur 'svellt'. Í H er hins vegar lesbrigðið 'geistur', og í K stendur 'geistr' og 'geystr' í W (þar er og annað orðalag).

§ 32. Næst á eftir bl. 83 í Möðruvallabók vantar enn blað í texta Egils sögu (sbr. FJ bls. 187<sup>24</sup>–195<sup>9</sup>). Bl. 83vb endar á orðunum 'or sygna fylki .xij.' Texti sem nemur eyðunni er prentaður hér á eftir og er farið eftir texta í JS með orðamun úr Hrapseyjar-Eglu og úr hinum eftirritunum fjórum. Jafnframt verður getið lesbrigða í θ, W og K, þar sem þau skipta máli.

Textinn ásamt lesbrigðum hinna handritanna og H er prentaður í lok þessa kafla á eftir texta fyrra týnda blaðsins, bls. 35 o. áfr.

§ 33. Efst á bl. 91vb í Möðruvallabók er torlesinn stuttur kafli (raunar ekki sá eini í þessum dálki) sem samsvarar síðustu línum í 70. kap. í útgáfu FJ. Þeir FJ og GM hafa hér samhljóða texta og að því er virðist rétt lesinn. En í þeim sex textum sem hér um ræðir er allfrábrugðinn texti af einni rót runninn, en skiptist þó í tvo flokka. Í Hrapseyjar-Eglu bls. 140–141 stendur eftirfarandi: 'Ønundur Sioone og þeir nockrer menn hanns höfdu vopnast, og farid wt til Siooar ad sia skip þeirra og annan varnad, Þeir höfdu sett epter nockra menn til vardveisln (svo): Þootti þeir Ønundi lidliett ad sia, Koongsmenn lata nw Oduliga um ferdina, og villdu ecki bijda'. Nær samhljóða texti er í 455 og samskonar í 145, þó að sumu sé lítið eitt vikið við eins og víða í þeim texta. 145 er þó samhljóða H að einu leyti gagnvart hinum: 'lid-



liett' í st. 'lidliettir'. Í 568 eru felld niður orðin 'vopnast og'. Texti í JS og 426 er hér og af sama toga spunninn, en þar er einstakt orðalag: 'varning. Pesser' í st. 'varnad. Þeir'. Í Möðruvallabók má greina 'varnat'.

§ 34. Nefna má dæmi þess að 455 og 568 hafi ein nákvæmlega réttan M-texta: 'Þorst. var og ecki við hann ästudigt'. Þetta er óvenjulegt orðalag og FJ hefur lesið: 'Þorsteinn var ok ecki við hann ástúðigr' (FJ bls. 293<sup>6</sup>). Nafn Þorsteins er skammstafað í Möðruvallabók svo að fallið sést ekki (sbr. bl. 95vb 3. l. a. n.). Jón Helgason hefur leiðrétt þennan lestur Finns og gjörir ráð fyrir að nafnið eigi að vera í þágufalli: 'Þorsteini var ok ecki við hann ástúðigt' (Bibl. Arnam. XX, Opuscula I, bls. 353–4). Í 145 er lýsingarorðið skrifað 'ästudugt' en nafnið haft í nefnifalli. Í H hefur lýsingarorðinu verið breytt, en hvorugkyni samt haldið: 'ästwdligt', – og nafnið er í nefnifalli. En í 426 stendur 'ástudligur' og í JS 'astudlegur' og nafnið auðvitað í nefnifalli. Auðsætt er að 455 og 568 hafa hér varðveitt rithátt og orðalag frumforrits textanna sex sem hér um ræðir. Í öllum hinum hefur 'Þorst.' eða 'Þst.' verið lesið sem 'Þorsteinn', þó að tvö hafi haldið hvorugkynsmynd lýsingarorðsins. Aðeins í forriti að JS og 426 hefur kyn lýsingarorðsins verið samræmt nafnorðinu. Fyrirgreint dæmi nægir þó ekki til að sanna sérstakan skyldleika með 455 og 568.

§ 35. Í vísunni 'Áttak erfinytja' (57. er. í útg. FJ, 55. er. í útg. SN) er ritvilla í Möðruvallabók, 'varna' í lok 5. vo. (sbr. bl. 96ra), þar sem ef-laust ætti að standa 'vatna'. Þessi ritvilla hefur hvað eftir annað verið endurtekin í eftirritum Möðruvallabókar. Hins vegar hafa Finnur Jónsson og Sigurður Nordal báðir leiðrétt villuna í útgáfum sínum af Egils sögu með tilvísun til að í K standi 'vata'. Það lesbrigði er að finna í öðru eftirriti séra Ketils, AM 453 4to, en í hinu, AM 462 4to, stendur 'vatna' (skrifað 'vat<sup>a</sup>').

§ 36. Bls. 174<sup>5</sup>–175<sup>30</sup> í Hrapseyjar-Eglu er K-texti. Í H bls. 175<sup>8-9</sup> stendur 'þæ rijda þeir Þorsteirn id nedra um gótuna, og inn um til Siäfar', og er þetta samhljóða K-texta í AM 462 4to, en í hinum K-textanum (453) stendur 'þæ ridu þeir Þorst. it nedra um gótuna, og inn til siäfar'. Hins vegar ber H-texta saman við K-texta í 453 á öðrum stað þar sem ósamræmi er með K-textunum tveim. Þetta er á bls. 175<sup>20</sup> í H: 'Enn um daginn efter sende Þorsteirn Hwskarl sinn þess erindis til Steinars ad hann færde bwstad sinn'. Þetta er orðrétt eins í 453, en í 462 er sleppt orðunum 'til Steinars'.

§ 37. Hrappseyjar-Egla heldur nú enn áfram með Möðruvallabókar-texta um sinn uns lokið er síðustu vísu Egils í sögunni, bls. 177<sup>9</sup> (= FJ bls. 318<sup>4</sup> og SN bls. 296<sup>13</sup>). Í þessum Möðruvallabókartexta Hrappseyjar-Eglu bregður tvisvar fyrir orðalagi sem er líkara K en M. Í M stendur 'ok drap fæti' (= FJ bls. 316<sup>8</sup>), en í H (bls. 176<sup>14-15</sup>) og í K (462) 'ad hann drap vid fæti sijnum'. Í hinn textann (453) vantar 'ad'. Í vísu rétt á eftir stendur 'vafallr' fremst í 2. vo. í M, en 'vá fullur' í H og 'va fullr' í báðum K-textum.

§ 38. Úr þessu (að lokinni síðustu vísu Egils) er óblandaður K-texti í Hrappseyjar-Eglu til söguloka. Undir lokin hefur K-texti í 453 eina setningu um fram hinn K-textann í 462 og H: 'þad var sundrleitt miðg'. Koma þau orð heim við texta Möðruvallabókar, nema þar vantar að vísu síðasta orðið (og þrjú sem á eftir fara að auki), sbr. FJ bls. 321<sup>19-20</sup>. Í Möðruvallabók lýkur Egils sögu neðst á bl. 99rb; bl. 99r er mestallt mjög torlesið.

## 2. TEXTI AF TÝNDUM BLÖÐUM MÖÐRUVALLABÓKAR

### A

#### *Fyrri eyðufylling samkvæmt JS 28 fol. ásamt lesbrigðum hinna textanna*

- ok stod þa Eigill upp ok leiddi hann til dýranna. Eigill kastði hanz hofpi a øxl sier og hiellt a sverdinu vnder skikkiunne. <Enn er þeir komu at dýrum> þa gieck Bardur epter Eikle med horn fullt ok bad Aulver drecka <Velfarar minne sitt, ädr hann geinge üt>. Eigill stod j dyrunum, <tök vid oc drack> ok kuad vísu. Auluar mig þat er Aulvi, aul giorer mik fölvann, atgeira liet ek ira, iring vm gram skyran, aulldungis kann alla oddskys fyrer bernistu, rigna getur at regni, regnbiodur haers þegna. <'al: Aul bar mig þeir aulbe, aul giörir mig faulvann, ödgeira læt eg ýra, yrings af mier stýra, aulldungis kanntu illa, odd skýs fyrer þier vijsa, rigna geir at regne, regnbiodr Härs þegna>. Eigill kastði þegar nidur hörninu ok greip sverdit ok bræ. myrkt var ordit j stofunne. Eigill lagde sverdinu at Barde midium so blodrefellinn giekk ut vm bakit. Fiell Bardur niþur daudur. en blod hliop vt vr undinne. Þa fiell Aulver ok gaus spýia vr honum. Eigill hliop vt vm forstofu dyrnar,



enn nyþa myrkur var ute. tok Eigill þegar a ræs af bænum. geingu menn ut vr stofunne ok sau at þeir voru fallner baþer Aulver oc Bardur, ok hugðu menn fyrst at huor þeirra munde hafa veiged annann. Enn af þui at dymt var liet kongur bera til liös, ok sa þa huad tidt var vm Aulver at hann la þar j spyiu sinne j ovite, enn Bardur<sup>f</sup> daudur oc flat j blode hanz allt gölf. þa spurde kongur huar sa hinn mikli madur var er mest hafþe drukkit vm kvelldit? Menn sogðu at hann gieck framm fyrer Aulver. Leited at honum ok läted hann koma til min. Siþan var hanz leitad vm bæenn oc fanst hann hvorgi. Enn er þeir komu j elldhus þat er þeir Aulver hofþu matast vm kvelldit þa lau þar marger förunautar Aulvers. enn sumer lau ut under husveggium. kongs menn spurðu huort Eigill hefþi þar komit? þeim var sagt hann hefþi hlaupit þar inn ok teket ofann vopn sín, ok geingit vt siþan. þeir föru inn j stofu oc sogðu kongi allt þetta. kongur bad menn sina fara sem huatazt oc taka skip aull er voru j eyne. EN a morgun sem liost er skal ransaka eýna.

## XLV. Capitule

18 Eigill för vm nottina ok leitapi þar til er skipinn voru. Enn huar sem hann kom til strandar þa voru þar allstadar menn fyrer. For hann svo nott þa alla at hann fieck ecke skip. EN er dagade ok lysa tok þa var hann staddur a nesenockru. hann sa þa eý aþra, oc var þar sund i mille furþuliga längt. Pat var ræd hanz at taka hialmin ok sverdit. kesiuna brat hann af skapti ok skaut skaptinu a siö vt, enn vopninn batt hann i bagga j ýferhöfn sinne, ok batt suo mille herþa sier. siþan gieck hann a sund, ok syndti til eyarinnar. er þat ekce mikit lannd, enn gras ok viþa skogar runnar. Fienadur var þar stormikill ok margur af nautum oc saudumm sem kongur hafþe til bvs síns j Atley. Enn er Eigill kom j eyna þa vatt hann siö vr fótum sínum oc biost vmm. Pa var dagur orþinn allliös ok sölinn farin. Eirikur kongur liet þegar ransaka eýna er lysa tok, oc vard þat seint at eyenn yrði aull kónnud, þuiat Atley er mikit land, oc fannst Eigill ei. Pa liet kongur fara til annara eýa, ok liet leita hanz. var þat siþast vm kvölddit ad xij. menn fara til Saudeyar a skütu ok skylldu þar leita Eigils. ok attu at hafa þapan slætr fie mikit. Eigill sa skipförina til eyarinnar, lagdest hann niþur j hrýsed ok faldist aþur skipit kom at lannde. EN er þeir geingu upp, þa lietu þeir epter þria menn, at giæta skips, enn niu geingu upp, ok skiptu þeir leitinne,

ok föru þrír j hvorn stad. Enn er leit bar j mille þeirra oc skipsins, þa  
 stod Eigill upp, ok hafði aþr greidt til vm vopn sín. hann giekk þvers til  
 3 siöarins oc framm med siönum. Enn þeir sem skipsins giættu, fundu ei  
 fyrr enn hann kom at þeim, ok hio þegar einn þeirra bana hög en ann-  
 ar tok þegar a ræs, ok var þar at hlaupa vppa bakka nokcurn. Eigill hio  
 6 epter honum, ok tok af fötinn. en þridi hliop a skipit vt oc skatst unþ-  
 an lande. Eigill tok j festina, oc drö at sier skipit, oc hliöp siþan vt ä  
 þat. skiptust þeir litla hrid högum vid, aþur Eigill drap hann, ok færþi  
 9 utbyrdiz. siþan tok hann ærar oc rere j brott skipinu, ok þa nottu alla,  
 oc epter vm daginn, liette hann ei sinne ferd fyrr enn hann kom heim  
 til Poris. Enn Aulver oc þeir förunautar hanz voru fyrst at ongvo færer.  
 12 Enn þegar þeir hresstust leitubu þeir heim. liet kongur þa fara j fridi af  
 þeim sokum. Enn þeir menn er j Saudey voru, voru þar nokcrar nætur  
 ok dräpu fienad til matar sier. ok gierðu seiþi, ok bæl mikit þar a  
 15 eyne er visse til Atleyar, lögðu þar j elld, oc giorðu þar vita. Enn er  
 þetta var sied or Atley, þa var röed til þeirra oc flutter til landz. þeir er  
 epter lifðu. kongur var þa brott vr Atley. for hann þa til annarar  
 18 veitslu. Enn af Aulver er þat at seigia at hann kom fyrre heim enn Eig-  
 ill. ok voru þeir þorolfur ok þorir þa aþur komner heim. Aulver sagde  
 tipinde, drap Bardar, ok alla þa atburde er aþur hoffu giorst. enn  
 21 hann vissi ekce til ferda Eigils siþan. Porolfur vard nu allokatur ok suo  
 Arinbiorn, þotti þeim sem Eigill munde ei aptur koma. Enn epter vm  
 morguninn þa er liost var, þa sau menn at Eigill la j rúme sínu. Enn er  
 24 Porolfur vard þess vís, þa stod hann upp ok giekk til fundar vid Eigil,  
 ok spurþe med hvoriu mote hann hefþe vnþan komizt? eþa huad til  
 tíþinda hafði ordit i ferd hanz? Pa qvad Eigill vísu. Suo hef ec leyst vr  
 27 lystu ladvardad garþe, ne ec faga dvol driuga dædmillds oc Gun-  
 hilldar at þrim reynis þionar þvi idnarer hlackar, til hasalar heliar hel-  
 geingner fiardvelias. Arinbiorn liet vel yfer þessum verkum, ok sagde  
 30 faudur sínum at hann være skylldur til at sætta Eigil ok köng. Þorer s.  
 at þat man mæl mana. ad Bardur hafði verdleika til at hann være drep-  
 inn. Enn þier Eigli er ofmiok ættgeingt at sia litt vid þui at þu faer  
 33 köngs reiþi. þuiat flestum verdur þat þungbært. enn þo man ek vidleita  
 at sinne at koma þier i sætt vid Eirik köng. þorer giorþi bratt hefman-  
 ferd sina a fund Eiriks kongs, enn Arinbiorn var heima meþan. ok liet  
 36 hann hallda niosnum fyrer þeim Eikle ok sagde ad eitt skyllde yfer þa  
 ganga alla. Enn er Þorer kom a fund köngs þa baud hann bod fyrer  
 Eigil, baud festu sina oc dom köngs. kongur var hinn reidazti, oc var



- vid hann ordum all ohægt at koma. sagde at þat mundi sannazt er Haralldur köngur hafði sagt, at þa frændur mundi seint at tryggja
- 3 meiga. Þá Þorer so til haga at Eigill sie ei langvistum j hanz ríki. Enn fyrer saker bænar þinnar Þorer þa man ek taka saett oc fiebætur fyrer menn þessa. síþan festi Þorer köngi döm sinn fyrer menn þa er lætest
- 6 hófþu. skildu þeir köngur suo. for Þorir heim. Þorolfur oc Eigill voru þann vetur med Þorer ok Arinbirne j göðu ýferlæte.

## XLVJ. Capitule

- 9 Þorolfur oc Eigill biuggu vm sumarit langskip ok feingu manna til. ok foru vmm sumarit j Austurveg ok heriþu þar. feingu þeir offiär oc attu orostur margar. ok hieľdu vm sumarid j Kurland, ok lau þar vid
- 12 land vm hríd. þeir laugþu vid landsmenn halfsmanadar frid, oc hófþu kaupstefnu vid þa. Enn er fridi var lokit þa toku þeir at heria. Enn lanndzmenn hófþu þa fyrer safnast a lanndinu. þeir Þorolfur logþu ad j
- 15 jmsum stóðum þar sem þeim þotti vænst. Einn dag logþu þeir at vid ærös nockurn, ok var þar mork mikil þegar a landit upp. þeir riedu þar til uppgöngu. Lide var skipt j sunndur, ok xij: menn samann j sveit.
- 18 þeir geingu yfer skoginn, ok var þat ekce langt aþur þar tok bygþinn til. ok var þa helldur þunnbylt fyrst. Vikingar toku þegar at ræna ok drepa menn, enn lidit flyþi allt unþan, geingu skogar milli býgdanna.
- 21 Enn er þeir feingu ongva vidtöku, þa dreifþu þeir lidinu, ok foru þa sveitum. Enn er a leid daginn, þa liet Þorolfur blæsa lidinu til ofann göngu, sneru menn þa aptur a sköginn, hvar sem þeir voru stadder.
- 24 Enn so framt matte kanna lidit sem þeir komu til skipanna. Enn er þeir ransokuþu þa var ei Eigill ofann kominn ok sveit hanz. enn þa tok at myrkua af nott, ok þottuzt þeir þa ekki leita meiga. Eigill hafði
- 27 geingit yfer skog nokkurn ok xij menn med honum ok sau þa sliettur miklar oc bygd víþa. Bær mikill stöd nær þeim ok ei langt frá skogenum. þeir stefna til bæiarins. Enn er þeir komu þar, hlupu þeir inn j hüs.
- 30 vrdu þar ekce menn vid varer, enn toku þar fie allt er laust var. þar voru mörg hus at kanna, oc dvaldizt þeim helldur. enn er þeir komu vt ok sneru fra bænum, þa var lid komit mille þeirra oc skögarins, oc
- 33 sotti þat moti þeim. Skidgarþur var hær fyrer bænum til skogarins, mæľte Eigill at þeir skyľldu þar fara framm sem ei mætte ollumeiginn at þeim ganga. þeir giorþu sua, giekk Eigill fyrstur, enn síþan huer so
- 36 nær audrum at ekki matte skilia þa. Kurer skutu at þeim, enn geingu

ekke j hogg orostu við þa. þeir Eigill fundu ei firre enn þeir geingu með gardenum enn garður giekk a þra hond þeim, oc giorpist þar  
3 miott j mille, þar til er lykkia vard . . .<sup>7</sup>

*Lesbrigði við texta fyrri eyðufyllingar*

1 hann] + wt H, 145, 455, 568; *sbr.* ælfi vtar δ. 1–2 hanz hofþi] hofdi hanns H, 426, 455, 568; *sbr.* ifer hófn sinne K. 2–3 Enn – dyrum (*eyðufylling með annarri rithendi*) ÷ H, 426; *ófyllt eyða* 145, 455 (*skert* 568); *sbr.* En er þeir koma at dyrvnm δ, En er þeir komu at dyrunum W, K. 3 þa – Bardur (*skr.* Bardur – þa, *en merkt c b a*)] Bárður geck þa H og hin fjögur. bad] bafd H, 145, 426, 455; *sbr.* bað δ, W, K. 4 Aulver] + ad H. Velfarar minne – üt (*eyðufylling með sömu aukaríthendi*) ÷ H; *ófyllt eyða* 145, 426, 455 (*skert* 568, *en rúmast hefðu nokkur orð*; *sbr.* brátfararminne sitt δ, valfarar minni W, velfarar minne sitt K. 5 tök – drack (*í línulok og út á spássíu með sömu auka-rithendi og með tilvísun inn í línu*) ÷ H og hin fjögur; *sbr.* samhljóða orð í δ og W; hann tók við horninu og drack af K. Auluar] *er skrifað* Aulnar í δ og 426, *en Auluar í öllum öðrum handritum.* *sbr.* Aulvar δ og K, Aulbar (*b krotað ofan í v?*) W. þat er] því ad H; *sbr.* því at δ, W, K. 6 mik] nú H; *sbr.* nv δ, W, K. 7 Oddskys] Oddskes H, Odskys 145, 568. Bernistu] bernisu H, bernissu 145, 455, ber- vissu 568; *sbr.* þer nysa δ, W, þier vīsa K. getur] leyfer 568. -biödur] broður 145. 8–10 <> *Sama vísa á spássíu og með sömu rithendi og eyðufyllingarnar á undan; leshættir.* 1. vo. Aul bar, *sbr.* Aulbar W; þeir er styt og e. t. v. ritvilla; 3. vo. ödgeira í st. atgeira er einstakt; 4. vo. yrings = W; af mier = W; 5. vo. kanntu illa = δ og W; 6. vo. þier vīsa = K; 7. vo. geir í st. getur er einstakt. 11 þegar] + 145; *sbr.* + δ, W og K. nidur] + H; *sbr.* + δ og W. ok] enn H og 145; *sbr.* en δ. ordit] + H, 145, 455, 568; *sbr.* + W. 12 so] + ad H, 145, 426, 455, 568; *sbr.* + at δ. 13 vt] + 455. 14 forstofu] stofu 568. *Bls.* 29 1 nýdmýrkur 145. af] fra 568. 2–3 Aulver oc Bardur] Bárður og Aulver H, 145, 455, 568; *sbr.* B. oc Aulfer δ, W og K. 3 þeirra] + 145; *sbr.* + K. 4 at] + 145. til liös] lios til H; *sbr.* til líos W. 6 hanz] + 145; *sbr.* + W. allt gölf] golf allt H, 455; golffid allt 145; golf hefur og staðið á undan í 568, *en framhald er skert*; *sbr.* golfit allt δ og K, golf allt W. 8 honum] + seiger koongur H, 145, 455; *skert* 568; *sbr.* + seg-

<sup>7</sup> Hér tekur M við á bl. 78ra.



ir kongur  $\delta$ , + s. kongur K, + sagdi kongur W. 10 matast ] + i 455; *sbr.* + í K. 11 ut] uti H, 455, 568. 12 hefpi<sup>1</sup>] + nockud H, 455; *sbr.* + nackvat  $\delta$ . þar komit] komit þar nockut 568. sagt] + ad 145 og 455; *sbr.* + at  $\delta$ , W og K. hefpi<sup>2</sup>] hafdi H. 13 inn] + i stofu 568. ofann] *efir* sin 145. siþan] + H. 14 fara] at fara 568. 15 er] + þar 145. Eyunne H, 145; *sbr.* eyione  $\delta$ , eyiunni W. sem] þegar 145; *sbr.* er  $\delta$  og W.

## XLV. Capitule

18 leitapi] + vm r: 568. 19 For] *með þessu orði lýkur texta í  $\delta$* . 19–20 svo – þa] þa nött 145. 20 nott] *efir* þa 455. at – ecke] oc fieck ey 145; *sbr.* ok fekk huergi W. 21 aþra] nockra H; *sbr.* eina W og K. þar] + 568. i] ä 426. millum 568. 22 längt] mikid 426. 25 gras] + lodin H, 145, 455 (*skert* 568); *sbr.* + lodit K. 25–26 skogarunnar vйда 145. 26 -mikill ok] + H, 145, 455, 568. margur] martt 426. 28 fótum] klædum H; *sbr.* klædum K. 28–29 allios ordin 568. 29 sölinn] Sool H, 145, 426, 455 (*skert* 568); *sbr.* sol W. þegar] + 145; *sbr.* + W. 30 vard] var 145; *sbr.* var W. at] er 145. yrði aull] vard 145. kónnud] ransókuð 455. 31 Eigill ei] Eigill ecki 455. liet<sup>2</sup>] + H, 145, 455, 568; *sbr.* + K. 32 siþast] sýd 145; *sbr.* Síð K. fara] fooru H. Saudeya 145. 33 skütu] skipe 145. þar] þeir 455. Eigils] ad Eigle 145. mikit] nockud H, 455. 34 hann] + þa H, 145, 426, 455, 568; *sbr.* + þa K. 35 þa] + 145. 36 at giæta skips] hia skipenu 145. skipsins 568. skiptu] geingu 568. þeir] + 145. *Bls.* 30 1 ok] + 455. leit] leiti H, 145, 455, 568; *sbr.* leiti W og K. j] + 145. 2 ok] hann 145. vm] + 145. 3 Sioar 145. ei] + ei (*við línuskil*) 426. 4 fyrr] firre 455, 568. kom] + heým 145. þegar] + 145. 5–6 hio – tok] hliop epter honum og hio 145. 6 af] + honum 145; *sbr.* + honum K. en] hinn 145. skavt H, 455. 6–7 oc – tok] enn Eigill greyp 145; *sbr.* tök K. 7 j] + H, 455, 568; *sbr.* + K. hliöp] + H, 145, 568; *sbr.* hliop W. (*stytt í K*). hliöp siþan] sidan hliop hann 455. 9 j brott] burtt 145, j burtt 426. nott 426; *sbr.* nott W. 10 heim] + 145; *sbr.* + W. 11 hanz] + 145, 455; *sbr.* hans W, K. 12 þegar] er 145. hresstust] hittust 145. 13 þeim] þessum 145, 455; *svo* og W. er] sem 145. 14 dräpu] slatrudu 145; *sbr.* dräpv W, K. fienad – sier] fie sier til matar 145; *sbr.* fe . . . W, K. 16 oc] + vooru H; + voru þeir 145. 17 brott] ä burt 426, 568, i brott H, 455; *sbr.* ibrott W. 18 fyrr] fyrr 145, 455; *sbr.* fyrr K, Fyr W. 19 þa–heim] þo adur heimkomner H, 145, 455 (568 *skert*);

*sbr.* þá heim komner K. heimkomner 426. sagde] seiger H, 145; *sbr.* sagði W. 21 ekce] ei H, 145; *sbr.* ekki W, K. varð] var H; *sbr.* varð K, var W. 22 epter] *eftir* morguninn (23) 145; *sbr.* *eftir* morguninn K. 25 hafði H, 455; *sbr.* hafði W. 26 heffde 145, 426; *sbr.* hefði W, K. 27 ladnardadad garþe] Ládvarda dáðgarde H, 145, 455, landarda dadgarde 426, ladvarda dag garde 568; *sbr.* læd uarða þar garði W, lad vard adr garde K. ne] níe H, nü 426. ec] og H. 28 þrymreynis H, 568. þvi] þark (?) 568. þvi idnarer] þar nockvarer H, þur nockurar 145, þur nockvarar 455, þvj Jdnare 426; *sbr.* þrir nokkurer W og K. Hásala H, hásalar 426, hasolar 455, hosalar 568. 29 vel] + 426. verkum þessum H, 145, 455, 568; *sbr.* þessum verkum W. 31 man] mun H, 145, 426, 455; *sbr.* mun W, K. hafpi – til] hafe verdleika til haftt 426. 32 Eigell 145, 426. –geingid 145. 32–33 sia – reiþi] fæ reyde kongs oc sia lýtt vid 145. 33 -bært] -bored 145. man] mun H, 145, 426, 455; *sbr.* mun W, K. 34 Eirik] + 568. heíman-] + 145; *sbr.* + K. 35 Eiriks] + 145, 568. heima] + æ H, 145. 36 ad] + 426; *sbr.* + W. 37 ganga] *eftir* skyllde (36) H, 455; *eftir* alla 145. 38 Eigill] sig 568. *Bls.* 31 1 vid – at] allohægt ordum vid hann 145. seiger H. 2 at<sup>2</sup>] + H. 3 sie] væri H, 145; *sbr.* se W, K. ei] ecki H, 455; *sbr.* ekki W, K. 4 man] mun H, 145, 426, 455, 568; *sbr.* mun W, K. sætt] sætt H, 455, 568; *sbr.* sætt K. 5 fester 426. Þörer köngi] kongur þorer 145. 6 heim] + sýdan 145. 7 Þorer ok Arinbirne] Arinb. og Pori 455.

#### XLVJ. Capitule

9 manna] menn H, 145; *sbr.* menn W. 10 vmm sumarit] + 145. 14 þa] + 145. fyrer safnast] fyrirsafnad H, 455, firer sat 145. 16 þar] + 568. 17 ok] + foru 568. 18 ekce] ei 455. þar – bygþinn] býgdenn tok 145; *sbr.* bygðin tok W, bigd tök K. þar] þæ H, 426, 568. 21 þeir] + 568. dreifþu] skýptu 145. 22 sveitum] leýtum og sueitum 145. þa] + 455; *sbr.* + W, K. lidinu] *eftir* göngu (23) 145. 23 þeir] menn H, 455, 145. voru] + ädur 426, 455. 24 komu] vooru komner H. 25 ei Eigill] Eigill ei H, 145, 455; *sbr.* egill æigi W, Eg. ecki K. 26 ekke] eý 145; *sbr.* æigi W, ei K. 28 ei] ecki 145. 30 vrdu] og urdu H. ekce] ei H. menn] *eftir* vid H, 145, 426, 455, 568; *sbr.* vid menn K. þar<sup>2</sup>] + 145; *sbr.* + W. fie] + þad 145. allt] + þat H, 426, 455, 568; *sbr.* þad W, þad allt K. laust var] firer þeim var laust 145. 32–33 vt ok] ad (!) 426. 33 fyrer] frá H, 145, 426, 455, 568; *sbr.* frá K. bænum] + og 145. 34 mællte]



*eftir* Eigill 145. þar] *eftir* fara 426. ei] eckj 455; *sbr.* ecki K. 35  
 gænga] sækja 455. 36 ekce] eý 145. *Bls.* 32 1 firre] fyr 145; *sbr.* fyr W,  
 K. enn] er H, 426, 455; *sbr.* er W.

## B

*Síðari eyðufylling samkvæmt JS 28 fol.  
 ásamt lesbrigðum hinna textanna*

- vr Hordafylki. þær þrenner (svo) tylfter manna skylldu þar dæma vmm  
 mál oll. Arinbiorn riede fyrer hvorier domendur voru vr Firdafylki.
- 3 Enn Þordur af Aurlandi huorier vr Signafylki voru ok voru þeir aller  
 eins lidz. Arinbiorn hafði mikit fiólmenne til þings, snekciu alskipada,  
 ok margt sinna skipa skütur ok röðrarferiur er bændur ättu. Eirikur
- 6 köngur hafði þar mikit lid ok langskip vj. eþa vij. þar var ok mikit lid  
 af bændum. Eigill höf so sitt mäl at hann krafpe domendur ad dæma  
 sier log af mæle þeirra Ónundar. Jnnte hann þa hvor sanninde hann
- 9 hafpe til fiar þess er att hafpe Biörn Bryniulfsson. sagde hann at As-  
 gierdur dotter Biarnar eiginnkona Eigils var tilkominn arfs, ok ödal-  
 borinn j allar ætter enn tuginnborinn framm j kyn. krafde hann dom-
- 12 endur ad dæma Asgierþi til hannda halfann arf Biarnar lönd ok lausa  
 aura. Ok er hann hætti sinne ræpu þa tok Bergonundur til máls. Gun-  
 hilldur kona min er dotter Biarnar ok Olufar þeirrar konu er Biörn
- 15 hafpe lögfeingit, er Gunhilldur riettur erfinge Biarnar. Tok ek fyrer þa  
 sok upp fie þat allt er Biorn hafpe att at ek vissa su ein var dotter Biarn-  
 ar. onnur er ekce atte arf ad taka. var möder hennar hernumenn ok
- 18 tekinn siþan fryllutake, ok ekki at frænda ræpe, ok flutt land af lande.  
 enn þu Eigill ætlar at fara her sem hvorvetna annarstadar med ofur-  
 kapp þitt ok ojafnad. Nu mun þier þat ecke her takast, þuiat Eirikur
- 21 köngur oc Gunhilldur drottning hafa mier þvi heited ath ek skule riett  
 hafa af hvoriu mæle þar sem þeirra rike stendur yfer. mun ek færa  
 framm sonn vitne fyrer köng ok drottningu oc domendum ath Þora
- 24 hlahdörd moder Asgierþar var hertekinn heimann fra Þorir brodur  
 sinum. ok annat sinn af Aurlandi frá Bryniulfe. for hun þa land af  
 landi med Birne ok vikingum j vtlögum köngs, ok j þeim vtlögumm
- 27 gætu þa mey þessa Asgierde. Nu er furþa mikil vm Eigil er hann ætlar  
 at giora omæt oll mäl Eiriks köngs. þat fyrst ad þv ert her j lande siþan  
 Eirikur giordi þig vtlægann. ok þat enn er meir þott þu hafer

feinged ambattar at kalla hana arfgeinga. Vil ek þess krefia domendur at þeir dæme mier allan arf epter Biorn, enn dæme Asgierde ambatt

3 köngs, þuiat hun var so gietinn at fader hennar ok moder voru j vtlegd köngs. þa tok Arinbiorn til mæls. vitne munum vier framm bera köngur vm þetta mæl ok lata eiþa fylgia at þat var tilskilit j sætt þeirra Poris

6 faudur mæns oc Biarnar at Asgierdur dotter þeirra Biarnar oc Þöru var til arfs tekinn epter Biörn faudur sinn. Ok so þat sem ydur var kunnigt sialfum köngur at þu giorder Biorn jnnlendann. ok ollu þui mæle var

9 þa lokit er æþur hafþe j mille stadid sættar manna. kongur svarar seint hans mæle. þa kuad Eigill visu. Pyborna kvedur þorna þornreidar ar horni syslar hann vm sína syngud Onundur mína nadrister a eg næsta

12 norn til arfs ofborna þig þu audaknor eida eidlaust er þat greida. Arinbiorn liet þa frammbera vitnisburd xij. menn, ok aller vel tilfallner oc hofþu aller heýrt a sætt þeirra Poris ok Biarnar, oc buþu þeir köngi ok

15 domendum at sveria þar epter. domendur villdu taka eiþa þeirra, ef köngur banaþi ei, köngur s. at hann munde þar hvorki at giora lofa nie banna. þa tok til mæls Gunhilldur drottning. þat er undarlegt köngur

18 er þu lætur Eigil þennan hinn mikla vefia oll mæl fyrer þier edur huort munder þu ei j möte mæla þo ad hann kallaþi til kongdomsins j hendur þier? Nu þo þu vilier ongva vrskurdi þa veita er Onunde sie lid ad þa

21 skal eg ei þat þola at Eigill trode vnþer fotum vine vora ok take med rangindum fie þetta af Önunde, eþa hvar ertu Askmadur? Far þu til med sveit þina þar domendur eru ok lät ei dæma ranginþi þesse. siþan

24 hliop Onundur til domsins oc hanz sveitungar ok skaaru j sundur vebondinn, enn brutu niþur stefngur enn hleyptu j brott domendum. þa giordizt þys mikill a þinginu. Enn aller menn voru þar vopnlausar.

27 Þa mællte Eigill. Mæ Bergonundur heyra mæl mitt? heyre ek, s. hann. Ek vil bioda þier holmgöngu ok berias her a þinginu. hafe sa fie þetta land ok lausa aura er sigur fær, enn vert þu huors manns nydingur ef

30 þu þorer ei. Þa sagde Eirikur, ef þu Eigill ert nu allfvís til at beriazt þa skulum vier nu veita þier þat. Eigill s: ecke vil ek berias vid kongs riki ok ofurefle lidz. enn fyrer iafnmorgum monnum mun ek ei flyia ef

33 mier skal þess vnna, mun ek þui giora ongvann manna mun. Þa m: Arinbiorn, Forum j brott Eigill, ecke munum vier her vmsysla at sinne. Snere þa Arinbiorn brott ok allt lid hanz med honum. þa snerest Eigill

36 aptr ok mællte hätt. Þat skyrskota ek unþer þig Arinbiorn ok þig Þordur ok þa menn alla er nu heyra mæl mitt lendamenn ok lögmenn ok alla alþýdu ad ec banna jarder þær allar er att hefur Biorn Brynjulfs-



son at byggja oc vinna oc allra gagna af at neyta. banna ek þier Berg-  
 onundur ok ollum auþrum monnum vtlendskum oc jnnlendskumm,  
 3 tignum ok otignum. enn hvorium er þat giorer legg ek vid lagabrot  
 lannds riettar, goþa grein, ok griþa rof, Siþan giekc Eigill a brott med  
 6 Arinbirne, geingu þeir til skipanna, ok var þar at ganga yfer leite mik-  
 it, oc ei allskamt so ei sa skipinn af þingvellinum. Ok er þeir komu til  
 skipanna talafi Arinbiorn fyrer lidinu oc m: svo. Ollum ydr er kunnugt  
 9 huor þinglok her hafa ordit, ad vier hofum ei naed logum, enn köngur  
 er reiþur, suo at mer er von at vorer menn sæte af honum afarkostum  
 ef hann maa suo vid komazt, vil ek at hvor gange a sitt skip oc fare  
 hver sem akafazt til síns heimilis. byþi nu einginn annars. siþan giekk  
 12 Arinbiorn a skip sitt ok mællte til Eigils. gakk þu nu a skütu er her  
 liggur a vtborda langskipinu ok ver a brottu sem skiötazt. fared vmm  
 nætur sem þier meigit, enn ei vm daga, oc forded ydur, þuiat köngur  
 15 mun epter leita at funde ydra mætte saman bera. Leited enn siþan til  
 mîn þa er þessu lykur huad sem j kann berast. Eigill giorde so sem Ar-  
 inbiorn mællte. geingu þeir a skütuna xxx. manna oc reru sem akafazt,  
 18 skipit var einka skiott. þa rere fiolde manna ut vr hofninne af lide Ar-  
 inbiarnar, skütur ok rodrarferiur enn langskip sem Arinbiorn styrdi för  
 siþast, þuiat þat var þungt vnþer ærum. Enn sküta su er Eigill var a  
 21 giekk bratt framm vr samflotinu. Þa kuad Eigill. Erfvingi ried arfe ar-  
 lygur fyrer mer suarfa mæte ec hanz ok heitum hotun þyrnifötar nær  
 giekk sumla sorgar slikt ræn oc gelldst hanum, vier deilldum fiot folld-  
 24 ar, folld voriunga giolldum.

## LVII: Capitule

Eirikur köngur heyrþi alyktar ord er Eigill mællte a þinginu oc vard  
 27 reidur miok. Enn aller menn hofþu vopnlauser farit til þingsins, veitte  
 þui ei atgongu. hann bad menn sína gänga til skipa. þeir giorþu sem  
 hann baud. ok er þeir komu til strandar skaut köngur a herþinge oc  
 30 sagde fyrerætlan sína. vier skulum nv færa tiolld af skipum vorum ok  
 röa epter þeim Arinbirne ok Eikle, ok skal taka Eigel af life ok hlyfa  
 ongvum manne þeim er fyrer honum vill standa. siþan geingu þeir a  
 33 skip ok biuggust vm sem skiötast oc reru þar til er skip þeirra Arin-  
 biarnar hofþu vered. voru þeir þa a brottu. þa liet köngur taka rödur  
 epter þeim norþur vm sund. Ok er hann kom a Sognsæ þa rere lid Ar-  
 36 inbiarnar inn til Sandungs sunda, ok stefner hann inn epter þeim, oc

hitti hann skip Arinbiarnar inn a Sandungs sundum. lagde köngur at skipunum ok kóstudu þeir ordum æ þa, spurde köngur huort Eigill  
 3 vøre þar a skipinu? Arinbiorn s. Eigill er ei her s. hann. munu þier  
 skioott meiga sia þat herra, eru þeir einir menn her innann bords at þier  
 munut kienna. enn Eigill mun ei finnaz vnþer þylium niþre þo at þier  
 6 leited. köngur spurde Arinbiorn huad hann visse til Eigels síþast?  
 hann s. at Eigill var æ skütu einnre med xxx manna ok reru þeir leid  
 sína ut til Steinsundz. þa m: köngur at þeir skylldu roa framm hin jnnre  
 9 sundinn ok stefna so j möt þeim Egle. ok þeir giorþu so. Madur er  
 nefndur Kietill haudur, hann var hirdmadur Eiriks, vpplenskur mad-  
 ur ad ætt. hann sagde leid fyrer köngs skipinu ok styrde því. Kietill var  
 12 mikill madur ok fríþur synum, ok hann var frænde köngs. var þat  
 margra manna mæl at þeir vøre líker synum. Eigill hafde lated flota  
 skipi sinu ok fluttann til farm aþur hann for til þings. Enn er þeir  
 15 hoþu skilit vid Arinbiorn þa foru þeir leid sína til Steinsunds, þar til er  
 þeir komu til skips síns, geingu þeir þar æ. enn skütann flaut vid stýre  
 mille landz ok skips. lau þar ærar ok hömlur. Epter vm morguninn er  
 18 traudt var dagad, þa vrþu vardmenn varer vid at skip nockur reru at  
 þeim. ok er Eigill vaknaþi stod hann þegar upp ok mællte at þeir  
 skylldi hlaupa j skutuna. hann vopnadizt skioott ok aller þeir. Eigill tok  
 21 vpp silfur kisturnar þær ed Adalsteinn köngur hafþe gefit honum, þær  
 hafþe hann iafnann med sier. þeir hlu[pu]<sup>8</sup>

*Lesbrigði með síðari eyðufyllingu*

1 Hordafylki – manna] huoriu fylcke 145 (*styttingin er reyndar meiri en hér sést, þar eð hún hefst framar*). manna] + 568. 2 riede] svo 426; red 145, 455, H. 3 vr – voru<sup>1</sup>] voru Sognafylke (!) 568. Signafylki] Sogn Fylki H, Sögne fylcke 145, 455, Sogna fylki 426, 568; *sbr.* Sogni W, K. 4 mikit] + 568. mikit fiqlmenne] *öf.* röð H, 145, 455; *svo og* θ, K; + W. þings] + og 568. 5 sinna] smæ- H, 145, 455, 568; *svo og* θ; *sbr.* sma skutur W; + K. 6 þar] + 145. 7 sitt mäl] mäl sitt 145; *svo og* θ, W. 8 Jnnte] Jndi 455. hvor] + suór og 145. 9 hafþe] + i tilkalli H, 455, 568; *svo og* θ; *sbr.* vm til kall W, um fjärtilkall K. 10 ok ] + H. 12 arf – lönd] arflönd 426. 13 aura] + Eptter Biörn 426. 14 Olavfar H, 455, Oloffar 145. 16 vissa] +

<sup>8</sup> Hér tekur M við á bl. 84ra.



ad 145, 455, H (568 skert). 17 var] þui 145. hennar] + var 145. ok] en 145, H, 568. 19 her] + 145. sem] vmm 426. hueruetna 145. 20 her] + 568. takast] tíā H, 145, 455, 568; *sbr.* tyia θ, tíoa W, stoda K. 21 köngur] + 568. 22 sem] er H, 145, 455, 568. 23 koongi H, 426, K: 455; *sbr.* konungi θ, W, K. 24 Hladhønd H, 145, 455, 568, Hladhorn 426; *sbr.* hlað hand θ; + W, K. *Á milli Þorir í 24. línu og arfgeinga bls. 36<sup>1</sup> er 568 skert.* 24 broder 145, 455. 25 sinum] hennar 145. 26 j<sup>1</sup> ætti að vera ok, *enda er ok-bandið í M svipað j; sbr.* ok vt lægom θ (*að því er FJ hefur lesið, en ok er nú ólæsilegt*). þeim vtlogumm] þeirre vtlegd H, 455, vtlegd þeirra 145; *sbr.* þeire vtlegð θ, K. 27 er] ad 145. 28 at – Eiriks] onyt alla gíórninga kong Eirekz ad gíóra oc aull mál 145. 29 meira H, 145, 455. þoottu H, 455. *Bls. 36 1 arfgeingna 145.* 2 þeir dæme] dæma 145; 568 skert. 3 voru] var 145. 4 mæle (!) H. munu 145. 6 Biarnar<sup>1</sup>] Biørns H; Brinjolfss 145. Biarnar<sup>2</sup>] Bíoerns 145. 7 Biörn faudur] Brinjolfff faudurfódur sinn oc so epter Biorn 145. 10–11 þornrudur Arborna H, þorureyður Arhorna 145, þornreidar Arhorna 426, 568, þornrudar ärhorna 455; *sbr.* þornreið ar horna θ, þornreid atti horna W. 11 syngud] sunngrund H, sýn gýrnd 145, isyngirnd 455; 568 skert; *sbr.* sýngirnd θ, singrid W, sungrund K. nädristi (?) 145. 12 audaknor] *skrifað* andaknor JS, 426, 145. n fyrir u kemur fyrir annars staðar í JS (og 426); avdaknør H, 455; *sbr.* aða konr θ, K, eiða konr W. 13 vitnisburde 145. menn] manna 145; *sbr.* manna W. ok] + voru 145. 16 bannadi H, 145, 455, 568. at – lofa] leyfje til gefa 145, leifa H. 18 hinn] inn 455; + 145. eda 145, 426, 455, 568. 20 þo] þött 145, þoottu H, 455, 568. aunguann vrskurd 145, vtskurdi 426. þa] + H. er Onunde] Ønunde vmm þetta mál so honum 145. 21 ei þat] það eý 145; *sbr.* þat eigi θ. ei] ecki H. 22–23 ertu – lát] eru Alfur og Eyvindur brædur mijner, fared til þar doomurinn er og læted H (*í samræmi við K, nema: sem dömar eru K*). 23–24 siþan – sveitungar] Epter það hlavpa þeir brædur til H (*í samræmi við K: epter þat hlupu þeir brædur þar til er dömurinn var*). 25 brottu H, burtu 455, burt 145, 426. 25 doomendunum H, 145; *sbr.* domandonum θ. 26 þar] + H. 28 beriumst H; *sbr.* berimc θ, berimz W, beriumst K. 29 lönd 145, 455; *sbr.* lænd θ. vert þu] verttu 426. 30 sagde Eirikur] svarar Eirikur Koongur H, 145, 455, 568; *svo og θ, W, K.* 31 Eigill s:] seger Eigill 145. beriastr] ber θ (*þrýtur þar blaðið, kemur θ-texti ekki aftur við Egils sögu fyrr en eftir miðjan 81. kap. (sbr. FJ 303<sup>22</sup> er þeir, og stafrétta útg. FJ 340<sup>14</sup>)*). 32 ok] edur 145; + vid 568. ei] ecki 145. 33 ek] + æ H,

145; + ad 455; (*skert* 568); *sbr.* + at W, K. 34 j] + H, 145, 426, 455; *sbr.* i K. burt 145, 426. vmsysla] nu sysla 426. 35 burt 145, 426, a brott 455; *sbr.* a braut W, i brott K. sneri 455; *sbr.* sneri W, K. 36 þig<sup>2</sup>] vnder þig 145. 38 Biorn] Brión (!) 426. *Bls.* 37 1 gagna] gjæda 455. 3 hvorium er] hvor 145. vid] + Rän og rtt (*svo*) 145. 4 Goþa grein] H, 145, 426, 455; *sbr.* -grenni W, -greime K. burt 145, 426. 5 mikit] nockud H, 145, 455; *sbr.* nokkut W, K. 6 skipinn] + nockur 145. 7 ydr] yckur H; + 568. 8 ei] eckj 145. 9 mer] meir H. 10 afur- 426. 11 eingi H, 145, 455. 12 ok] hann H, 455, 568; *sbr.* ok K. 13 a<sup>1</sup>] til H, 145, 455, 568; *sbr.* ä K. burt 145, 426, 568. 14 forða 568. ydur] yckur H. 15 ýdra] ydar H. 16 so] + H, 145, 455; *sbr.* + W, so K. 17 skutu 145; *svo* og W; *sbr.* skütuna K. 19 langskiped 145, 455. sem] er H, 145, 455, 568. 20 sípast] seinaz H. þviat] þui 145. þungt] þingst H, 145, 455; *svo* og W; *sbr.* og var þungt K. skutann 568. 21 Eigill] E. v. 426; *svo* og W, K. 21–22 arflygur] Arff liggur 145. Hötum H, hotum 145, 455, 568. 23 simla H, 145, 455; *svo* og W. gellst H, 145, 426, 455. fiot] fiør H, 455. 24 veri únga gollden H, 455; veriunga golldin 145, 568; *sbr.* væringia golldit W, verdunga golldin K.

#### LVII. Capitule

26 alýktunar 568. 27 menn] + 145. veitte] + koongur H, 145, 568; + K. 455; *sbr.* + kr. W, K. 29 husþinge 568; *svo* og K, W. 30 seiger H, 145; *sbr.* sagdi W. -atlan 426. nv] + H 426. 31 skal] skulum nu 145. 32 manne] + 145; *svo* og W, K. 33 ok] + 145. skiötast *skr. undir neðstu sjáanlegu línu bl. 24v* 568, *en síðasta orð er vm. Næsta blað 568 er skert að ofan og má fyrst lesa* [n]efndr Ket[ill], *sbr. bls.* 38 10. þar – er] þangad sem 145; *svo* og W, *sbr.* þangat til er K. 34 burtu 145, 426. 35 kom] + nordur 145. 36 Sandungs] *svo* 426 (*og aftur í næstu línu bæði í JS og 426*), Savdungs- H, 455 (*og aftur svo í næstu línu í báðum*), sundungz 145 (*og aftur í næstu línu*); *sbr.* saudvngs W; + K (*Sandungs kynni að vera dæmi um sérviskurithátinn n fyrir u sums staðar í JS og 426*). *Bls.* 38 1 hitter 426. inn a] i innre H, 145, 455. 3 s.<sup>1</sup>] svarar H, seiger 145. Eigill er ei] eckj er Eígell 145. s. hann] + 145. 4 menn] + 145; *svo* og W, K. at] er H, 145, 455. 5 niþre] nidir (*prentv.*) H. 7 s.] seiger H, 145. at] + 426. einnre] + 145; *svo* og W, K. 8 skyllði H, 455; *svo* og W. hin] J 145; *svo* og K; *sbr.* i in W. 9 moote H, 145, 455; *svo* og W, K. ok<sup>2</sup>] + 145, 426, 455;




*svo og K.* 10 haudur] vplendskur madur 145. Eiriks] + koongs H; *svo og W*; + K, 455; kongz 145; *svo og K.* 10–11 vplendskur – ætt] + 145. 12 mikill – var] frýdur madur sýnum oc mikill madur 145. ok<sup>2</sup>] + H, 145, 455. köngs] + oc 145. 13 margara (*ritv.*) 426. synum] + 145. 15 er] + 145. 17 skips og landz 568. ok hömlur] *svo hin eftirritin (augljós mistlestur, j lesið sem ok-band; sbr. j hömlu W, i hömlu þöndum K).* 20 skylldu H, 145, 426, 455, 568.

## 3. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

1. Í § 1 kemur þegar í ljós að textarnir sex, Hrappseyjar-Egla, JS 28 fol., AM 145 og 426 fol., AM 455 og 568 I 4to, eiga sér sameiginlegan uppruna í uppskrift eftir Möðruvallabók. Sameiginlegir skallar í skrifuðu textunum (fylltir síðar í flestum) sýna að M-texti Egils sögu hefur þá þegar verið torlesinn á vissum stöðum. Aftur á móti hafa þessir textar (hér 568 II) heilan einn og sama texta þar sem skörðin eru nú í Eglutexta Möðruvallabókar eftir tvö týnd blöð. Er þar varðveittur upprunalegur texti Möðruvallabókar, þó að ekki sé á við hann sjálfan, þar eð hvorki frumuppskriftn né eftirritin hafa verið svo vönduð sem ákjósanlegt væri.

2. Enginn þessara texta virðist geta verið skrifaður eftir neinum hinna (reyndar verður ekki fullyrt um skyldleika með 568 I og 568 II, þar eð samanburður er ekki mögulegur, þó að þau skarist lítið eitt um samskeytin). Ljóst er í höfuðdráttum hvernig textarnir skipast eftir skyldleika sín á milli. Líklegasta stemma lítur þannig út:



X\* er frumforrit textanna sjö. Y\* er sameiginlegt forrit að JS og 426, og hefur skrifari þess sums staðar notað texta af δ-gerð til eyðufyllinga, þar sem skrifari frumforrits hefur ekki getað lesið Möðruvallabók. Z\* er sameiginlegt forrit að 568 I og 568 II, 145 og R\*, sem er forrit að H og 455. Lesbrigði sem getið er í § 4 sýna sérkennilegt afbrigði í H og nær sama í 145, en lítið eitt frábrugðnara í 455, skipa þeim í einn flokk gegn JS og 426 (óskýrt í 568). 'odar smid' í JS og 426 (svo og M), en 'eidar mier' í H, 145 og 455 benda enn til sama stemma (§ 26), en er eigi öruggt, sökum þess að forrit að JS og 426 kynni að hafa verið leiðrétt til samræmis við δ, sem hefur hér sams konar texta og M. Vísuna vantar í 568. Hinsvegar koma fyrir lesbrigði sem bágt er að samræma þessu stemma. Í § 17 er getið orðalags í 145 sem er mjög frábrugðið hinum textunum fimm, en er samhljóða δ og W. Í 145 virðist vera talsvert um geðþóttabreytingar og kynni þessi samhljóðun við δ og W að vera tilviljun. Svipuðu máli gegnir um 568 II, sem í síðara eyðufyllingartexta, bls. 37<sup>20</sup>, hefur skýrt lesbrigði ásamt JS og 426 ('þungt') gegn hinum þremur ('þyngst'). Þetta kynni þó að vera geðþóttabreyting í 568 II sem víða ber slíks merki.

3. Í Hrappseyjar-Eglu hefur verið skáldað í vissar eyður forrits, bls. 32<sup>14-16</sup>, 32<sub>12-11</sub><sup>17</sup>, 33<sup>9-17</sup>, 33<sub>1</sub>-34<sup>2</sup>, 35<sup>10-13</sup>. En á einum stað hefur verið hlaupið yfir stutta eyðu, bls. 32<sup>20</sup>. Stór eyða hefur verið fyllt með K-texta bls. 33<sup>17-34</sup>. Á öðrum stöðum í Hrappseyjar-Eglu hefur verið notaður K-texti án sýnilegrar ástæðu, bls. 87<sub>6</sub>, 98<sup>19</sup>, 101<sup>6-8</sup>, 174<sup>5-175</sup><sub>3</sub>, 176<sup>14-15</sup>, 19. K-texti er og að sjálfsgöðu notaður í kvæðinu Sonatorreki. Frá bls. 177<sup>10</sup> og út söguna er K-texti í Hrappseyjar-Eglu. Hrappseyjar-Egla fylgir hvorugum K-texta eindregið. Í Sonatorreki hefur hún tvisvar sameiginlegt lesbrigði með AM 453 4to gegn AM 462 4to (þriðja tilfelli er ekki algjörlega öruggt), og auk þess hafa H og 453 sameiginlegt lesbrigði á bls. 175<sup>20</sup>. Aftur á móti hafa H og 462 samskonar lesbrigði í 7.-8. línu á sömu blaðsíðu, og í sögulokin hefur 453 eina setningu um fram H og 462: 'það var sundrleitt miðg.' Þessi viðbót í 453 er samhljóða Möðruvallabók.

4. JS 28 fol. og AM 426 fol. hafa náskylda texta, þó getur 426 hvorki verið skrifað eftir JS né frá því runnið um millilið. Sýna það nokkur lesbrigði sem eru sameiginleg 426 og H og 145 og 455 gegn JS, sjá t.d. § 14. Á einum stað hefur eyða í 426 verið fyllt með K-texta (§ 7), á öðrum stað er enn ófyllt eyða (§ 8), á þriðja staðnum er eyða fyllt með sama orði í 426 og í JS (§ 9), í fjórða, fimmta og sjötta skipti sem 145



og 455 hafa haft eyður, vottar ekki fyrir slíku í 426 og JS, en þessi tvö hafa samt sem áður á sama bili samhljóða texta af annarri gerð en M. Í fyrsta skipti af þessum þremur síðast töldu tilfellum (§ 11) er texti í 426 og JS samhljóða útg. 1809, en textinn er af óvissum uppruna, þó að hann byrji sem  $\delta$  ('hann hafði sex skip'). Í öðru og þriðja tilfelli (§§ 13 og 15) hafa 426 og JS  $\delta$ -texta og í bæði skiptin ásamt 145, en skallar enn auðir í 455. Þessi þrjú dæmi sanna að 426 og JS eru runnin frá sameiginlegu forriti, þar sem þessar þrjár eyður hafa þegar verið fylltar með texta af annarri gerð. JS og 426 hafa sums staðar  $\delta$ -lesbrigði í vís-um.

5. AM 455 4to hefur víða lesbrigði með H og 145 á móti JS og 426, þ. á m. tvö ótvírætt réttari en JS og 426 í þeim texta sem fyllir síðara skarðið í Möðruvallabók. Það er sameiginlegt 455 og 145 að þar er sleppt tveimur seinustu ljóðlínnum einnar vísu, en óvíst að það sýni sérstakan skyldleika (§ 25). Í annað skipti er heilli vísu sleppt í 455, og er þá skrifað á spássíu með hendi skrifarans: 'öskilin'. (Sbr. § 30). Í a.m.k. eitt skipti hefur 455 óbrenslaðan M-texta gegn öllum hinum (nema 568 sem er skert): 'þötti hónum skogar þar fiærlæger' ('fiar-' M. bl. 73va). Þessum M-texta er að sönnu áfátt og hefur verið leiðréttur á einn veg í H og annan í JS og 426, en orðaröð er vikið við í 145. (Sbr. § 24).

6. Í AM 145 fol. er allótraustur texti, því að skrifarinn (Jón Gissurarson) hefur sums staðar breytt orðalagi að geðþótta sínum.

7. Í AM 568 4to er samsettur texti af tveim handritum, báðum frá 17du öld, og er í hvorutveggja texti runninn frá Möðruvallabók. Sam-skeytin eru þar sem 16da blaði lýkur og 17da blað hefst. Fyrra blaðið endar á orðunum: 'Enn óxinn hliop nidr i ste[ininn]' = FJ bls. 119<sup>5</sup>. 17da blað er skert efst og má fyrst greina: '[hittu]st. Sýd[an]' = FJ bls. 118<sup>13</sup>, þ.e. nálega tólf prentuðum línnum frammar en texti 16da blaðs endar.

Fyrri hluti þessa texta, sem má nefna 568 I, er óvönduð uppskrift og er víða sleppt úr ekki aðeins einstökum orðum heldur og setningum og setningahlutum. Auk þess er orðalagi víða breytt og þá oftast stytt um leið, t.d. er skrifað 'hirdar', þar sem M og hinar uppskriftirnar hafa 'þess erendiss at ganga til handa honum' (sjá FJ bls. 80<sup>9</sup>), og rétt á eftir stendur í 568 I: '[einga] giæfu til hans sækia' í st. 'af konungi hljóta skaða einn en enga vppreist' í M og hinum uppskriftunum (sjá FJ bls. 80<sup>10-11</sup>). Næst breytir hann 'ráðagiorð' í 'firirætlan', og er þá vandséð hver tilgangurinn er. Og svo mætti lengi telja. Mestu varðar þó að skrifari sleppir með öllu texta af bl. 69v í Möðruvallabók. Það er sem

áður er getið mjög illa máð og torlesið (sbr. § 13), en af hinum uppskriftunum er að sjá sem slitrótt uppskrift þessa texta hafi verið á frumforriti þeirra uppskrifta sem hér um ræðir: fyrst hefur verið eyða sem nam nokkrum línunum, síðan texti með tveim smáeyðum og hefur sá texti náð niður dálk M bl. 69va, en ekkert skrifað upp af M bl. 69vb, heldur skilin eftir eyða. Skrifari 568 I hefur ekki hirt um þessi slitur, en ekki viljað hafa eyðu í sínum texta og hleypur því yfir allt saman at-hugasemdalaust. Í 568 I endar bl. 9r í miðri neðstu línu á orðunum: 'at þeir villdi taka Þorolf af lýfe' (sbr. FJ bls 60<sup>20-21</sup>). Blaðið er lítið eitt skert efst og því verður ekki séð hvernig texti hefst á bl. 9v fyrr en með orðunum 'mitt fie', sbr. FJ bls. 65<sup>11</sup>, og vantar því sem svarar einni línu í FJ. Sú lína virðist samsvara efstu línu í Möðruvallabók bl. 70ra, sem hefst á orðunum: 'þeira er lifuænir ero'. Í frumforriti uppskriftanna hefur verið bætt um þessa ófullkomnu textabyrjun: 'Kongur lætur græða þá er lýffuæner eru' (145 og nær eins í hinum). Að líkum lætur að texti efst á bl. 9v í 568 I hafi byrjað með sama hætti.

Í 568 I er sleppt báðum fyrstu vísun Egils, og auk þess vantar tvær síðustu línur af vísu Skallagríms um járnsmíði sína (3. v., FJ bls. 98). Um það síðar nefnda er áður getið í § 25, þar sem bent er á að vísunni er einnig ábótavant að þessu leyti í 145 og 455. Þessir þrjú textar hafa ásamt H þennan vísutexta með nokkrum sameiginlegum einkennum og öllu líkari M en vísutextinn í JS og 426, sem dregur dóm af textanum í W og δ og ε. Vel mætti vera að vísutexti frumforritsins hefði verið ófullkominn að þessu leyti og textar í JS og 426 hafi verið botnaðir með hliðsjón af texta annarra handrita, og sama máli kynni að gegna um H, þar sem tvær síðustu línurnar minna nokkuð á ε og K.

Það sem sker úr um náinn skyldleik textans í 568 I við texta Z-flokks á stemma, er dæmi um samskonar textarugling, þar sem JS og 426 hafa M-texta. Í FJ bls. 88<sup>11-12</sup> og í JS og 426 stendur: 'Hafði hann ok fengit reidi konungs fyrer þa sok. Hann tók til forráða skipit, eptir er Kveld-úlfr var dauðr'. – En í hinum textunum fjórum stendur: 'hafði og feingid reidi Koongs firir þa sök, ad hann took til foræda skipid. epter það Þorolfur var davdur' (H bls. 45). Þó að texti í 568 I hefjist hér á enn meiri brenglun, 'Þorolfur hafdi . . .', og óljóst sé vegna skerðingar, hver var dauður, þá er þetta samskonar textaruglingur.

Í 568 II vantar nú tvö blöð, annað hefur átt að vera á milli bl. 25 og 26, hitt á milli bl. 28 og 29. Þessi texti sýnir jafnljóslega og hinn fyrri að hann er af sama uppruna og hinar uppskriftirnar. Þessum texta er eins



farið og 568 I að því leyti að hann stendur nær þeim flokki sem hér er nefndur Z\*. Þetta er heldur vandaðri texti en 568 I, þó að fyrir komi að þar vanti orð og jafnvel heilar setningar. Á tveim stöðum er 568 II líkara M en hinir textarnir. 'fyst' FJ bls. 130<sup>9</sup> er aðeins í 568 II, og 'sett-üz' FJ bls. 165<sup>18</sup> er hér skrifað 'settüst', en 'sættunst' í JS og 'sættüst' í 145, 426 og 455. Í H eru önnur orð og samhljóða í K.

Nokkuð ber hér á viðleitni til að bæta um texta. Þá er Egill hefur sjö vetra gamall vegið mann í fyrsta skipti, þykir móður hans mikið til koma og 'kvað þat mundu fyrir liggja, þegar hann hefði aldr til, at honum væri fengin herskip' FJ bls. 124<sup>4-5</sup>. Seinasta orði breytir skrifari texta í 568 II í 'herklæði', sem er miklu raunsærra miðað við íslenskar aðstæður. Á öðrum stað bætir skrifarinn við lýsingarorði, sem hefur líklega verið í frumtexta sögunnar, þótt horfið sé úr texta Möðruvallabókar. Í M segir svo: 'Haraldr konungr faðir þinn tók af lífi ágætan mann, Þórólf, fōðurbróður hans, af rógi manna, en af engum sökum' (FJ bls. 219<sup>19-21</sup>). Í 568 II er lýsingarorðinu 'vondra' aukið inn á eftir 'rógi' og svo vill til að sama orð er á þessum stað í texta W og K. Annars verður þess ekki vart að 568 II hafi orðið fyrir áhrifum af þessum textum eða öðrum þeim skyldum, og því er líklegast að skrifarinn hafi hér hitt á að auka inn upphaflegu orði.

Í lok 59. kap. (FJ bls. 221 neðst) hefur skrifarinn einnig bætt um eftir sínum smekk. Þar segir svo í Möðruvallabók: 'Þeir helldu vorð a nær timi mundi vera at hitta konung'. En í 568 II er setningin á þessa leið: 'Þeir hielldu vord a nær tymenn mundi hendtugastur vera til ad hitta kong'.

Geta má enn eins staðar þar sem skrifari texta í 568 II virðist hafa bætt um af hyggjuviti sínu, en eitt orð hefur brenglast þar í frumforriti umræddra uppskrifta. Í Möðruvallabók stendur skýrum stöfum: 'Bergaunundr var heima at bui sinu þa er konungr for i leiðangr. þviat honum þotti vuarligt at fara fra bui sinu meðan Egill var eigi or landi farinn' (bl. 84rb). 'vuarligt' hefur verið lesið sem 'vndarligt' í frumforriti eftirritanna og stendur það í þeim öllum nema 568 II. Skrifari þess hefur fundið að 'vndarligt' átti ekki vel við á þessum stað og hefur breytt því í 'otrýgelegt' og þannig hitt á orð sömu merkingar og upprunalega orðið.

Loks er eitt dæmi þar sem skrifari textans í 568 II hefur sennilega fært í upphaflega mynd orð sem virðist hafa brenglast í frumforriti umræddra texta. Þetta er í síðara eyðufyllingarkafli hér að framan, 4. línu

57. kapítula, þar sem segir að Eiríkur konungur 'skaut á herþingi'. Orðið 'herþingi' stendur hér í öllum eftirritunum nema 568 II, sem hefur hér orðið 'husþingi' eins og stendur bæði í W og K. Samkvæmt orðasafni forn málsorðabókarinnar í Árnasafni í Kaupmannahöfn kemur orðið 'herþingi' ekki fyrir annars staðar. Líklegt er að í M hafi orðið verið skrifað 'hþingi' með us-bandi fyrir ofan h og að það hafi verið lesið sem er-band.

8. Tvær litlar eyður í JS, 145, 426, 455 (568 er skert) í þeim kafla sem varðveitir texta fyrra týnda blaðsins úr Möðruvallabók, sýna að þetta blað hefur verið torlesið á tveim litlum blettum ofarlega í fyrra dálki fyrri blaðsíðu. (Sbr. lesbrigði við 3.-4. og 5.-6. línu). Texti beggja týndu blaðanna hefur verið tekinn upp hér og prentaður eftir JS. Á fáeinum stöðum virðist glögggt að hin eftirritin og H hafi upprunalegri lesbrigði.

#### 4. VIÐAUKAR

##### I.

##### *Um texta Höfuðlausnar í Hrappseyjar-Eglu og í AM 145 og 426 fol.*

Kvæðið Höfuðlausn er ekki í Egils sögu-texta Möðruvallabókar. Hins vegar er það í þremur þeirra texta sem hér eru til umræðu: Hrappseyjar-Eglu, AM 145 og 426 fol. Finnur Jónsson hefur gefið kvæðið út í Den norsk-islandske skjaldedigtning A I bls. 35-39 eftir Wolfenbüttelbók (W) og Egils sögu-brotinu ε í AM 162 A fol. auk texta í bókinni *Literatura runica* (Runi seu danica literatura, sem Ole Worm gaf út árið 1636), en einnig eftir uppskrift Árna Magnússonar í AM 761b 4to eftir týndu handriti. Texta brotsins ε hefur Finnur látið prenta stafréttan aftan við Egils sögu-útgáfu sína 1886-8, bls. 345-6. Auk þess hefur hann látið prenta endurbættan texta ('restitueret text') bls. 350-356 með lesbrigðum úr 14 pappírshandritum og úr handritum Snorra Eddu, þar sem þau hafa varðveitt vísnaparta úr kvæðinu.

Í útgáfu sinni í Skjaldedigtningen hefur Finnur leiðrétt lítið eitt fyrra lestur sinn á Höfuðlausn á skinnbókarbleðlinum ε, en hér skal bætt um á fáeinum stöðum samkvæmt ljósmynd af bleðlinum: 1. erindi, 1. vo. 'um' er glögggt skrifað 'ū'; 2. vo. 'ber' er skýrt skrifað 'b' með er-bandi yfir; 5. vo. 'eik' sést allt; 2. er., 2. vo. 'hroðurs' má sjá allt saman (þ.e.



'hroðs' með ur-bandi yfir 's'); 7. vo. 'hann' mætti fremur segja að vottaði fyrir en að því orði hafi verið sleppt (skrifað að venju með 'h' og styttingarbandi); 4. er., 1. vo. 'Ogs', 's' er óglöggt, en 'g' sést; 2. vo. 'þrom' virðist eiga að lesa 'þraum' (þ.e. 'þum' með ra-bandi yfir 'þu'); 3. vo. 'ox', 'x' sést nokkurn veginn; 5. er., 2. vo. 'uefr' sýnist skrifað 'uef' með ur-bandi yfir 'f' (= uefur); 6. er., 1. vo. 'a' er skrifað 'æ'; 8. er., 1. vo. 'saudul' er skrifað 'saudull'; 2. vo. 'hialldr' er skrifað 'hialld' með ur-bandi yfir 'd' (= hialldur); 10. er., 2. vo. ok-bandið er skýrt; 12. er., 1. vo. 'gnaudar' er allt skýrt; 17. er., 6. vo. 'miaul' (svo í útg. Eglu FJ, 'miol' í Skjd) er raunar skrifað 'maul'; 20. er., 3. vo. 'þykiumz' (svo í útg. Eglu FJ, 'þykkiumz' í Skjd) er skrifað 'þyckiüz'; 6. vo. 'mærdar' er skrifað 'mnar' með 'v' yfir 'm' (= mvnnar, sbr. 'munar' í Literatúra runica).

Texti Höfuðlausnar í Hrappseyjar-Eglu er sem heild af sama tagi og texti í AM 145 og 426 fol. og sömuleiðis texti Worms í Literatúra runica og Björns á Skarðsá o. fl. (sjá FJ bls. 350–356 ásamt lesbrigðum). Gerð textans í ε er og í betra samræmi við nefnda texta en við Wolfenbütteleibók.

En hvernig tókst svo íslenskum skáldum og rithöfundum að fylgja þessum heilræðum? Það fór mjög eftir bókmenntagreinum. Svo fór að einungis tvö skáld rómantísku stefnunnar sóttu efni í kvæði sín til þjóðkvæða og þjóðsagna. Annar var Jónas Hallgrímsson (1807–1845) og hinn Grímur Thomsen (1820–1896). Áhrif þjóðsagna á ljóð Jónasar verða rétt greind en þau urðu öllu meiri á laust mál hans. Grímur orti hins vegar magnþrungnar náttúrulýsingar og mannlýsingar eftir þjóðsögnum og þjóðkvæðum.

Höfundar sem skrifuðu óbundið mál voru öllu móttækilegri en ljóðskáld fyrir áhrifum þjóðsagna og þjóðkvæða, en bókmenntir í óbundnu máli voru miklu verr á vegi staddar en ljóðlistin. Íslensk skáldsagna- og smásagnagerð hafði t.d., í vissum skilningi, staðnað um langa hríð. Endursköpun hennar reyndist því mjög erfið og margbrotin, og þetta viðfangsefni var svo flókið að rithöfundar neyddust beinlínis til að leita fanga hvarvetna. Að vísu er ekki unnt að benda á nema eina íslenska smásögu frá fyrri hluta 19. aldar sem styðst við þjóðkvæði að nokkru,<sup>6</sup> en sagnirnar áttu eftir að verða sterkari þáttur í smásagna og skáldsagnagerð, allt frá því að fyrstu íslensku smásögur birtust á prenti á 4. áratugnum og þangað til Maður og kona, hin síðari og veigameiri skáldsaga Jóns Thoroddsens, kom út árið 1876. Það var örfáum árum áður en fór að brydda á raunsæisstefnunni í íslenskum bókmenntum.

Það er nútímamönnum lítt skiljanlegt hvers vegna Íslendingar, fróðir

<sup>5</sup> *Ný félagsrit* 1845, bls. 13.

<sup>6</sup> Í síðari hluta Dálitillar ferðasögu (bls. 219–220 í *Skáldsögum Jóns Thoroddsens*, fyrri bindi, Rv. 1942) bregður fyrir líku orðalagi og í Geirlaugarsjóninni, sjá *Íslenskar gáttur, skemtanir, vikivakar og pulur*. Safnað hafa J. Árnason og Ó. Davíðsson, IV, Kh. 1898–1903, bls. 314.

um evrópskar bókmenntir og þjóðfræði, þurftu að benda löndum sínum á það, hvern styrk margir vinsælir höfundar á Bretlandseyjum, Danmörku og víðar um álfuna höfðu af sögnum og þjóðkvæðum. Þurftu Íslendingar nokkurra erlendra fyrirmýnda við? Áttu þeir ekki sjálfir fornar bókmenntir sem þá þegar var farið að prenta og jafnvel þýða á erlend mál, t.d. latínu, bókmenntir sem frændþjóðirnar höfðu dauðöfundað þá af um aldaradur? Íslendingar nauðþekktu fornrit sín og voru ekki í neinum vafa um gildi þeirra. Í fyrrnefndri grein í Fjölni minnst höfundurinn á Eddukvæði, sem 'allar þjóðir öfunda okkur af',<sup>7</sup> en hann getur þeirra ekki sem bókmennta heldur þjóðkvæða. En greinarhöfundur lætur hins vegar hjá líða, eins og aðrir íslenskir lærðir menn á þessum tíma, að drepa á tengsl Íslendingasagna við munnmæli. Það virðist ekki hafa hvarflað að nokkrum þeirra að einmitt Íslendingasögur sóttu margt til 'almúgasagna', eins og skáldsögur Scotts og Ingemanns. Að því er best verður séð litu Íslendingar þá enn á forn-sögur sínar, einkum Íslendingasögurnar, sem sannar sögur; í þeim ríkti sannleikurinn einn, ódeilanlegur og óumdeilanlegur. Þess vegna kom þeim ekki til hugar að nefna þær í neinu sambandi við almúgasögur, hálf sannar eða jafnvel ósannar. Svo fór þó samt að lokum að Jón Thoroddsen, sem lagði grunninn að íslenskri skáldsagnagerð, fetaði í ýmsu dyggilega í fótspor hinna fornu meistara á 13. öld, jafnframt því sem hann sótti margt til Scotts og annarra evrópskra samtíðarhöfunda og jós ótæpt úr óþrjótandi sjóði munnmælanna.

Ílla gekk íslenskri skáldsagnagerð að komast á legg, m.a. vegna fámennis þjóðarinnar sem gerði það að verkum að torvelt var að koma út skáldriti í óbundnu máli mestalla 19. öld. Fjárhagsörðugleikarnir voru svo miklir að útgáfa allra bóka og tímarita nema guðsorðabóka og rímna var glæfraspil. Enn erfiðara átti leikritun uppdráttar. Þar þurftu að reisa nær allt frá grunni.

Um miðja 19. öld var íslensk leiklist enn afar skammt á veg komin. Innlend leikritun hafði líka skamma hefð við að styðjast. Rætur hennar náðu ekki lengra aftur en á 18. öld til svokallaðra Skraparotsprédikana í Skálholtsskóla, en þar voru vaxtarmöguleikar mjög takmarkaðir vegna fámennis. Uppgangur Reykjavíkur á fyrri hluta 19. aldar studdi, eins og við mátti búast, að viðgangi leiklistarinnar en þó ekki íslenskrar leikritunar sérstaklega því að oft var leikið á dönsku eða leiknar

<sup>7</sup> *Fjölnir* 1838, bls. 13.



þýðingar danskra leikrita, m.a. leikrita Holbergs. Hinar dönsku leiksýningar báru glöggt vitni um ítök Dana í höfuðstaðnum og skort á íslenskum leikritum. Á fimmta áratugnum dró þó nokkuð úr dönskum áhrifum í Reykjavík. Hvorttveggja var að íslenskum Reykvíkingum fjölgaði meir en dönskum og eins hitt að Íslendingarnir efdust heldur að völdum ef nokkuð var. Latínuskóli landsins var fluttur frá Bessastöðum til Reykjavíkur 1846 og prestaskóli stofnaður ári síðar. Við þetta styrktist þjóðfrelshreyfingin í höfuðstaðnum. Jafnvel ósigur hennar á þjóðfundinum 1851 og deilur Íslendinga innbyrðis á sjötta áratugnum gátu ekki heft framgang hennar. Vísast hefur mörgum þótt þróunin of hæg og ekki veitti því af félagsskap sem tæki málin fastari tókum. Þess vegna stofnaði hópur þjóðrækinna háskólaborgara, iðnaðarmanna og pílta úr Latínuskólanum leynilegt málfundafélag árið 1861. Það hét upphaflega Leikfélag andans, en síðar var nafninu breytt í Kvöldfélagið.<sup>8</sup> Kvöldfélagið lét bæjarmál mjög til sín taka, en jafnframt var tilgangur þess 'að reyna að vekja innlent menntalíf, sér í lagi í skáldskap og fögrum menntum'.<sup>9</sup> Um þjóðleg fræði voru félagarnir áhugasamir í besta lagi, því að tíu þeirra skráðu þjóðsögur fyrir hinn mikla þjóðsagnasafnara Jón Árnason og samþykkt var á fundi félagsins árið 1861 að safna alþýðukveðskap. Það kemur líka berlega í ljós að félagsmenn hafa treyst allmjög á þjóðfræði til að efla skáldskapinn því að snemma árs er samþykkt að veita verðlaun fyrir bestu drápu um útilegumanninn Fjalla-Eyvind. Fróðlegt væri að vita hvers vegna Kvöldfélagsmenn höfðu svona mikinn áhuga á þessum meinhæga útilegumanni frá síðasta hluta 18. aldar, en rökstuðningur þeirra hefur því miður glatast algerlega. Annars stóð íslensk leikstarfsemi styrkari fótum en fyrr árið 1861 vegna starfsemi Sigurðar Guðmundssonar málara.<sup>10</sup> Hann var áhugamaður mikill um leiklist og brennandi þjóðernissinni í því sem öðru og áhugi hans var borinn uppi af listrænum hæfileikum og kunnáttu. Um árabíl hafði Sigurður stundað myndlistarnám í Kaupmannahöfn og hann lét ekki deigan síga við málaraíðju sína eftir að hann kom heim alkominn árið 1858. Tveimur árum síðar varð hann frumkvöðull að svokölluðum 'þöglum sýningarþáttum', en í þeim

<sup>8</sup> Um Kvöldfélagið eða Leikfélag andans sjá greinina Leikfélag andans eftir Lárus Sigurbjörnsson í *Skírni* CXXI, 1947, bls. 33–59.

<sup>9</sup> Tilv. ritgerð, bls. 39.

<sup>10</sup> Lárus Sigurbjörnsson, 'Sigurður málari', *Skírni* CXXIII, 1949, bls. 25–44.

sýndi hann atburðarás með 'lifandi myndum', sem kallaðar voru. Efnið sótti hann í Eddukvæði og fornsögur, og þótti mönnum mikið til sýninganna koma.<sup>11</sup> Jafnframt studdi Sigurður við bakið á leiklistinni með ráðum og dáð, var óþreytandi leiktjaldamálari, hvatti skáldin til að semja leikrit og samdi jafnvel eitt sjálfur, Smalastúlkuna, en ekki var það þó sýnt fyrr en á þessari öld. Vitað er að Sigurður benti einu helsta ljóðskáldi landsins, Steingrími Thorsteinssyni, á það að vænlegt væri að leita efnis í væntanlegu þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar, en Steingrímur sinni því ekki.<sup>12</sup> En Matthías Jochumsson hlustaði því betur á Sigurð, enda þá ungur maður, aðeins 26 ára; og víst er um það að með hinum margkunnandi og ákaflynda málara og eldsálinni Matthíasi tókst samvinna. Samdi Matthías Útilegumennina í jólaleyfinu 1861, eins og fyrr getur. Mörgum árum síðar endursamdi hann svo leikritið og gaf því nafnið Skugga-Sveinn. Í Skugga-Sveini er hvorki breytt persónum né efni að marki – en einni aukapersónu er reyndar bætt við. Upphafið er samt á aðra lund og byggingu leiksins og leiklausnum hefur verið breytt.

Steingrímur J. Þorsteinsson hefur tíundað vandlega heimildir um samstarf þeirra Sigurðar og Matthíasar og skulu því aðeins greind fáein höfuðatriði um sjálfa samningu Útilegumannanna. Matthías getur þessa í sjálfsævisögubroti sínu: 'En hugmynd leiksins og efni var yfirleitt frá mér sjálfum.'<sup>13</sup> Þó gaf Sigurður skáldinu unga 'margar ágætar hugvekjur (mótiv) handa leiknum.'<sup>14</sup> Beinast liggur við að skilja það

<sup>11</sup> *Þjóðólfur* 10. mars 1860.

<sup>12</sup> Sbr. *Skírnir* CXX, 1946, bls. 27–28.

<sup>13</sup> *Sögukaflar af sjálfum mér* eftir Matthías Jochumsson, 2. útg., Rv. 1959, bls. 152. Sbr. Um leikrit M.J., bls. xviii.

<sup>14</sup> *Norðurland* 27. janúar 1912. Sbr. Um leikrit M.J., bls. xviii.

Þegar saman eru borin leikritin Útilegumennirnir eftir Matthías Jochumsson og Smalastúlkan eftir Sigurð Guðmundsson málara kemur fram allmikill skyldleiki. Smalastúlkan er að vísu ekki samin fyrr en 1870–1871 – og var raunar aldrei fullsamin, en Sigurður hefur að sumu leyti stuðst við svipaðar sagnir og Matthías í Útilegumönnunum, t.d. flýja foreldrar Gríms til fjalla eins og foreldrar Haralds höfðu gert. Guðmundur bóndi á Ölfusvatni og lögréttumaður fer svo í sel með dóttur sína, Helgu, ásamt öðru heimilisfólki. Helga kynnist Grími sem vaxið hefur upp föðurlaus hjá útilegumönnunum og verður auðvitað ástfangin af honum. Að lokum eru útilegumennirnir handsamaðir og leiddir fyrir rétt. Helga biður Grími ákaft gríða og fær hann þau eins og aðrir.

Í þessum stutta samanburði leikritanna tveggja hefur höfuðáherslan verið lögð á að sýna skyldleikann. Margt er einnig sem á milli ber, t.d. kvenhatur Eldjárns útilegumanns sem hefur mikil áhrif á uppeldi hans á Grími. Þá væri einnig fróðlegt að athuga nákvæmlega mismunandi tengsl leikritanna tveggja við sögu landsins.



orðalag svo að Sigurður hafi miðlað Matthíasi af leiklistarþekkingu sinni með því að benda honum á ákveðin leikhæf atriði og gagnrýna hugmyndir hans. Í frumgerð Útilegumannanna er líka draumur Skugga-Sveins eftir Sigurð, en því atriði sleppti Matthías í prentuðu útgáfunni frá árinu 1864.<sup>15</sup>

Í þessum útilegumannaleikritum Matthíasar Jochumssonar er greint frá ástum útilegupiltsins Haralds og bóndadótturinnar Ástu. Þau mál leysast, eins og áður hefur verið getið, með brúðkaupi eftir að Lárenzíusi sýslumanni tekst með tilstyrk bænda og tveggja skólapilta að ráða niðurlögum útilegumannaflokksins. Þá kemur í ljós að Haraldur er í raun réttri systursonur sýslumanns og fær hann grið og frelsi ásamt fóstura sínum Ögmundi. Í Útilegumönnunum sannast frændsemi Haralds og sýslumanns með bréfi, en í Skugga-Sveini ber móðurmerki á Haraldi eitt vitni skyldleika þeirra sýslumanns. Dauði Skugga-Sveins er einnig mikilfenglegri í samnefndu leikriti en í Útilegumönnunum. Þar tekst þessum ógnvaldi að steypa sér í foss með Ketil skræk fylginnaut sinn en er ekki hengdur eins og í Útilegumönnunum.

Uppistaða útilegumannaleikrita Matthíasar Jochumssonar er úr íslenskum útilegumannasögum frá 19. öld. Ekki er vitað með fullri vissu hvort höfundurinn hefur sótt þekkingu sína á þeim í þjóðsagnahandrit Jóns Árnasonar – útilegumannasögur komu út í seinna bindi þjóðsagnasafns Jóns Árnasonar árið 1864 – en það skiptir ekki höfuðmáli. Aðalatriðið er að allir helstu efnisþættirnir eru til í þessu þjóðsagnasafni og gátu því sannanlega verið kunnir Matthíasi.

Útilegumannasögur, sem skráðar voru á 19. öld, áttu sér að baki langa og flókna þróun. Frægastar þeirra á 19. og 20. öld hafa sagnirnar af Fjalla-Eyvindi og Höllu fylgikonu hans orðið, en þau lágu úti á öræfum allmörg ár seint á 18. öld.<sup>16</sup> Þá var einnig skráð á 19. öld Hellismanna saga, en sagnir um ræningjaflokka má rekja allt aftur í Landnámu.<sup>17</sup> Langmest var samt til af sögnum um skipti byggðamanna og

Sjá greinina Sigurður Guðmundsson og Smalastúlkan eftir Lárus Sigurbjörnsson í *Skírni* CXX (1946), bls. 10–54.

<sup>15</sup> Sbr. Um leikrit M.J., bls. xviii.

<sup>16</sup> Sjá *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. Safnað hefur Jón Árnason. Ný útgáfa. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna, Rv. 1954–1961, II, bls. 237–245 og IV, bls. 400–404. (Hér á eftir skammstafað *JÁ*.)

<sup>17</sup> Hellismanna saga er prentuð í *JÁ* II, bls. 290–293, en á Hellismenn er fyrst minnst í Landnámu *Íslenzk fornrit* I, Rv. 1968, bls. 75.

útilegumanna sem áttu heima í dularfullum byggðum víðs vegar um fjöll og firnindi, og má rekja sagnir um dalinn hulda allt aftur til Grettis sögu frá því snemma á 14. öld.<sup>18</sup> Hinar síðastnefndu voru óskasögur bláfátækrar þjóðar sem átti æ erfðara með hverjum áratugnum að sjá sér farborða í byggðum og flúði því í draumum sínum upp á öræfin.

Í þessar löngu og margslungnu útilegumannasögur sótti Matthías Jochumsson aðalefnið í Útilegumennina. Til voru líka stuttar sögur um skipti útilegumanna og byggðamanna á förnum vegi á fjöllum uppi, en sögn af því tagi er notuð í Skugga-Sveini.<sup>19</sup> Úr gömlu ræningjasögunum er kominn útilegumannaflokkur erkisauðabjósins og morðingjans Skugga-Sveins. Heimkynni þeirra, hellirinn í dalnum djúpa umkringdum hömrinum háu, minnir á Surtshelli í Hellismanna sögu og útilegumannadalinn forna, en yfir þessum dal hvílir engin hulda eða þoka eins og Áradal og mörgum öðrum útilegumannabyggðum sagna 17. og 19. aldar.<sup>20</sup> Efnið minnir nokkuð á sögnina af Ólöfu bóndadóttur og útilegumönnunum.<sup>21</sup> Henni rændu útilegumenn, og hjá þeim kynntist hún pilti sem kvæntist henni þegar þau höfðu losnað úr útleð og konungur hafði náðað hann. Úr útilegumannasögum er minnið um elskendurna sem ekki fengu að eigast og flúðu því til fjalla, en svo var einnig háttað með foreldra Haralds.<sup>22</sup>

Eins og oftár í skáldsögum og leikritum 19. aldar eru elskendurnir, Haraldur og Ásta, einna svipdaufastir. Hinar persónurnar eru litríkari en oftast skyggðar í einum fleti. Sjálfur er Skugga-Sveinn beinn afkomandi hinna gömlu útilegumanna. Hann er hreystimenni eins og Grettir Ásmundarson og harður og ókvalráður eins og Eiríkur foringi Hellismanna sem samkvæmt sögunni um þá fór á handahlaupi upp á Eiríksgrípu í Eiríksjökli og komst svo einn undan byggðamönnunum sigursælu. En Skugga-Sveinn er miklu grimmari. Yfir Skugga-Svein bregður líka svip af hinum gamla útilegumannahöfðingja Skugga-

<sup>18</sup> Sbr. *Grettis sögu*, 61. kafla. Útilegumannabyggðir, sem þekktar voru á 19. öld, eru taldar upp í *JÁ II*, bls. 161–162.

<sup>19</sup> Sjá einkum sagnaflokkinn Margvísleg skipti við útilegumenn í *JÁ II*. bindi. Gott dæmi um sagnir af þessum toga er sögnin Gunnsteinsstaða-Sigurður í *JÁ II*, bls. 174.

<sup>20</sup> Um Áradal sjá Einar Ól. Sveinsson, *Um íslenzkar þjóðsögur*, Rv. 1940, bls. 207–211 og Einar G. Pétursson, Rit eignuð Jóni lærða í Munnmælasögum 17. aldar, *Afmælisrit til Steingríms J. Þorsteinssonar*, Rv. 1971, bls. 42–53.

<sup>21</sup> *JÁ II*, bls. 209–212.

<sup>22</sup> Sbr. *JÁ II*, bls. 256–258; *Útilegumennirnir*, 3. þáttur, 2. atriði.



Valda úr Áradal 17. aldar, en hann er hvorki dularfullur né göldróttur eins og Skugga-Valdi. Ekki er heldur greint frá ástæðunni fyrir útleð Skugga-Sveins eins og oft í útilegumannasögum. Hann er aðeins 'út-skúfaður öllum frá'<sup>23</sup>, og við honum 'taka vildi ei neinn'<sup>24</sup>, og er síðara orðtakið frekar í stíl fornsagna en þjóðsagna seinni alda. Þarna er einnig Ögmundur fóstri Haralds sem hefur flúið í óbyggðir sökum galdraáburðar og er það í réttum útilegumannasagnastíl. Ögmundur er kristinn, Skugga-Sveinn og Ketill skrækur, fylgisveinn hans, heiðnir; sumir útilegumenn voru kristnir en aðrir heiðnir samkvæmt sögunum.

Matthías sótti sér efni í fleiri sagnaflokka en útilegumannasögur. Galdramaðurinn Héðinn er að sjálfsögðu vestan úr Arnarfirði eins og allir hinir römmustu galdramenn, og skáldið vitnar til gamalla galdramannasagna sem einhvern veginn hafa festst við Sæmund Sigfússon í Odda.<sup>25</sup> En Galdra-Héðinn glúpnar þegar skólapiltar fara að þylja fyrir honum latínuna, enda töldu alþýðumenn töframátt mikinn fólgin í henni.<sup>26</sup> Svo segja skólapiltarnir Margréti hlægilegar skröksögur til að reyna trúgirnri hennar og ýkjusögur Grasa-Guddu, vinnukonu Sigurðar bónda, eru snodlíkar sögunum af Vellygna-Bjarna í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar.<sup>27</sup> Matthías greip líka óspart til draugasagna. Á 19. öld höfðu sagnir af uppvakningum orðið þeirra algengastar í munnmælum, enda koma þær fyrir í Útilegumönnunum og Skugga-Sveini. Hinn alkunni Þorgeirsboli eltir vinnumann og annar draugur bindur saman hala á kúm í fjósi.<sup>28</sup> Þá sækja vofur að Skugga-Sveini, vofur þeirra sem hann hafði myrt. Draumar koma einnig þarna fyrir eins og í þjóðsögum og fornsögum. Harald dreymir konu sem gefur honum í skyn nálæg endalok Skugga-Sveins og lausn Haralds og Ögmundar úr útleðinni.

Miklu minna fer fyrir þjóðkvæðum. Skólapiltarnir yrkja auðvitað beinakerlingavísur, vísur sem voru láttnar í leggi í vörður á fjöllum uppi

<sup>23</sup> *Útilegumennirnir*, 3. þáttur, 4. atriði.

<sup>24</sup> Sama stað.

<sup>25</sup> Hér er átt við sagnirnar *Fabula um Sæmund fróða* (*JÁ* I, bls. 469–470; annað afbrigði frá 19. öld er *Svartiskóli* í *JÁ* I, bls. 475–476) og *Sæmundur fróði fær Oddann* (*JÁ* I, bls. 478).

<sup>26</sup> Um mátt latínunnar til galdra sjá *JÁ* III, bls. 467–468 og *JÁ* IV, bls. 91.

<sup>27</sup> *Vellygni Bjarni*, *JÁ* IV, bls. 247–250.

<sup>28</sup> Um Þorgeirsbola sjá skrá um mannanöfn, drauga og vætta í *JÁ* VI, en þessi draugur kemur oft fyrir í sögnum í öðrum þjóðsagnasöfnum. Í sögninni *Púkinn* og *fjósa-maðurinn* (*JÁ* I, bls. 481) er það kölski sem bindur kýrnar saman á hólunum og í ann-  
arri, sem heitir *Sálufélag Sæmundar* (*JÁ* I, bls. 472), er það Sæmundur sjálfur.

og gjarnan ortar í orðastað vörðunnar kvenkenndrar. Vísurnar í leikritum Matthíasar eru auðvitað hinar hæverskustu – flestar beinakerlingavísurnar voru reyndar misjafnlega mikið klæmnar – enda hefði ekki annað þótt hæfa á íslensku leiksviði á hans tímum og lengi síðar. Þá skopstælir Matthías gamlar katólskar bænarpulur í Sultarbæninni.<sup>29</sup> Svo er annar skólapilturinn látinn yrkja ferskeytlu á latínu, en lærðir menn íslenskir ortu margir lausavísur á því máli undir íslenskum bragarháttum, en ekki veit ég hvernig hinum fornu rómversku skáldum hefði líkað það því að hinir íslensku hagrýðingar skeyttu auðvitað lítt um rétta lengd atkvæða að rómverskum reglum.

Lengi má bera saman Útilegumennina og Fjeldeventyret þó að ekki sé auðvelt að komast að ákveðinni niðurstöðu í einstökum atriðum eða kannski einmitt þess vegna. Annars eru Útilegumennirnir líkari Fjeldeventyret en Skugga-Sveinn, nema hvað sýslumaðurinn í Útilegumönnunum er greindari en embættisbræður hans í Skugga-Sveini og Fjeldeventyret. Útilegumennirnir eru nefnilega hreinræktaðri skólapiltaleikur en Skugga-Sveinn eins og Steingrímur J. Porsteinsson hefur bent á, 'með óspöru latínuorði í ljóðum og tali'.<sup>30</sup> Skólapiltarnir gegna miklu hlutverki í Útilegumönnunum – öllu meira en í Skugga-Sveini – eins og í Fjeldeventyret þó að það sé með ólíkum hætti eins og vonlegt er. Í Útilegumönnunum verða þeir beinlínis til þess að hvetja Lárenzíus sýslumann til að leita Skugga-Sveins. Þá væri líka gaman að bera saman íslensku skólapiltana og norsku stúdentana, t.d. skoðanir þeirra á náttúrunni og kvenfólkinu, en erfitt er að sjá þar hvað geta verið áhrif og hvað tilviljanir því að lærðir menn eru oft með líku marki brenndir. Samt væri rétt að benda á það að hlutverk Margrétar vinnukonu á sýslumannssetrinu er svipað hlutverki Aagot seljastúlku í Fjeldeventyret, en samtal íslensku skólapiltanna við þessa myndarlegu, trúgjörnu stúlku er hreinræktaðri skemmtipáttur en rabb Finbergs við Aagot.

Á hitt vil ég leggja áherslu að höfuðmunur er á afstöðu lærðra manna til bænda í hinum íslensku leikritum og í því norska. Í Fjeldeventyret er hæðst að bændum á ýmsan hátt, en bæði í Útilegumönn-

<sup>29</sup> Katólskar bænir eru tundaðar m.a. í *JÁ II*, bls. 57–66. Ýmislegt bendir til þess að konur hafi verið einna fastheldnastar á bænir úr katólsku, t.d. lætur Jón Thoroddsen engan annan fara með katólskar bænir í *Manni og konu* en Puríði, afgamla kerlingu í *Hlið*, sbr. bls. 313 og 315 í útgáfu Steingríms J. Porsteinssonar, Rv. 1942.

<sup>30</sup> Sjá tilv. ritg., bls. xxvi.



unum og Skugga-Sveini sýna Lárenzíos sýslumaður og skólapiltarnir Sigurði bónda í Dal eðlilega virðingu bæði sem góðum búþegni og skynsemdarmanni.<sup>31</sup> Smábændum lýsir Matthías af minni samúð, m.a. lætur hann þá trúa á galdra. Ég efast samt um að í þessu sé fólgin nokkur lítilsvirðing, því að leikritin eru látin gerast á 17. öld sem var réttnefndasta galdraöld Íslandssögunnar. Vinnufólkslýsingarnar eru mismunandi. Hin duglega og húsbóndaholla vinnukona Grasa-Gudda er í greinilegu dálæti hjá höfundi, en öðru máli gegnir um hinn grobbna og sjálfhælna Jón sterka.

Þessi mismunandi afstaða Matthíasar og Bjerregaards er mjög skiljanleg þegar lítið er á aðstæður í hvoru landi. Þrátt fyrir embættismannabótta í þeim báðum litu hinir framsæknu íslensku menntamenn á það sem sérstakt hlutverk sitt að styðja með ráðum og dáð hina frjálslyndu bændur, enda voru þeir sjálfir bændasynir langflestir. Annars var gott samkomulag bænda og embættismanna á Íslandi svo sjálf-sagt orðið um miðja 19. öld að annað þótti stórunarlegt. Þegar málfræðingurinn og bókmenntafræðingurinn Guðbrandur Vigfússon var á ferð í Noregi sumarið 1854 rak hann í rogastans þegar hann komst að hinum litla samgangi milli embættismanna og bænda. Greinir Guðbrandur skilmerkilega muninn á efnahag þeirra og máli og bendir svo fagurlega á það að 'hjá oss hefir guð gjört alla jafna'.<sup>32</sup> Hitt er einnig aðgætandi að á Íslandi höfðu íslensku embættismennirnir engan bak-hjarl í gamalgróinni innlendri borgarastétt eins og í Noregi.

Ekki er unnt að benda á það með óhrekjandi rökum að Matthías Jochumsson hafi þekkt Fjeldeventyret. Hitt er fullvíst að öll lögin við kvæðin í Útilegumönnunum og Skugga-Sveini eru úr Elverhøj, nema eitt sem er *gamalt skólapiltalag*.<sup>33</sup> En margt annað er líkt með íslensku leikritunum og hinu danska þó að lítið sé um beinar samsvaranir af því að þau gerast í mjög ólíku umhverfi. Atburðarás beggja er úr sögnum, viðfangsefni þeirra er að vissu leyti líkt þó að ástamálin í Elverhøj séu með framandlegum blæ fyrir Íslendinga og flóknari en í Útilegumönnunum. Bæði Agnete og Haraldur eru ófrjáls. Agnete er á valdi álfa-

<sup>31</sup> Þessi munur skýrist að verulegu leyti með aldursmun leikritanna. Hallvard Magerøy hefur bent mér á fyrir nokkrum árum að norskir höfundar hefðu varla leyft sér að lýsa bændum á svo neikvæðan hátt eftir Bændastórþingið svokallaða 1833.

<sup>32</sup> Sbr. 'Ferðasögu úr Noregi' í *Nýjum félagsritum* 1855, bls. 59.

<sup>33</sup> Sungið við óðinn Sic te diva potens Cypri eftir Quintus Horatius Flaccus, sbr. *Íslenzk þjóðlög* Bjarna Þorsteinssonar, Kh. 1906-1909, bls. 525.

kónsins á Stevns og Haraldur dvelst nauðugur í útilegumannaflökki Skugga-Sveins. Þar að auki vita þau ekki um hinn sanna uppruna sinn. Hann kemur svo í ljós að lokum og þar leikur Ögmundur líkt hlutverk og Karen í Elverhøj. Bæði eiga þátt í því að leiða menn í allan sannleika. Í Skugga-Sveini beinir svo hin tryggja vinnukona Grasa-Gudda yfirvöldunum á rétta braut í stað Ögmundar í Útilegumönnunum. Sönnunargögnin eru misjöfn. Í Útilegumönnunum er það bréf, fæðingarblettur í Skugga-Sveini en í Elverhøj hringur sem konungurinn hefur gefið hinni réttu Elísabetu. Þá eru ástamálin nátengd réttindaveitingu Agnete og Haralds. Æðstu handhafar ríkisvaldsins á hvorum stað leysa ungmennin úr nauðum og veita þeim með hjúskap þá stöðu sem þeim ber samkvæmt ætt og uppruna.

En líta má víðar til átta. Í ævisögunni getur Matthías þess hve djúp áhrif Ræningjar Schillers hafi haft á sig.<sup>34</sup> Vandséð er nákvæmlega hvaða áhrif sá lestur hefur haft á þetta hrifnæma upprennandi skáld. Geta má þess til að rekja megi hugmyndina að samningu Útilegumannanna til Ræningjanna, auk ferðar Matthíasar um íslensk örfæfi sumarið 1861, eins og Steingrímur J. Þorsteinsson hefur bent á.<sup>35</sup> Þá hafði Matthías líka 'vaðið í gegnum flest Shakespeares rit'<sup>36</sup> og vafalaust lært af þeim hitt og þetta um mannlýsingar og tíðaranda. Þá hefur áhugi vina Matthíasar á drápunni um Fjalla-Eyvind ekki dregið úr. Nú verður það aldrei vitað með öruggri vissu hvers vegna Matthías valdi útilegumannasögur sem efnivið í þessa frumsmíð sína. Hitt er varla tilviljun að hann hafði til hliðsjónar m.a. útilegumannasögur um menn sem ekki vildu eyða ævi sinni í útleið á fjöllum uppi heldur gerast bændur í byggðum og deyja svo í sátt við guð og menn eins og Fjalla-Eyvindur og margar höfuðpersónur í eldri sögnum.

Í Útilegumönnunum og Skugga-Sveini er lýst mjög andúð Haralds á lífi útilegumannanna og þrá hans eftir venjulegu lífi í byggðum, og minnir þetta á hið fræga kvæði Sunnudagur selstúlkunnar eftir Jörgen Moe. Nú er fjöllunum samt lýst sem fögrum stöðum og nytsömum, þaðan eru m.a. fjallagrösin, og nauðsynlegar grasferðir Sigurðar í Dal

<sup>34</sup> *Sögukaflar af sjálfum mér*, 2. útg., bls. 139.

<sup>35</sup> Sjá tilv. ritg. hans, bls. xix-xxi.

<sup>36</sup> Bréfið um lesturinn á leikritum Shakespeares er skrifað 17. mars 1862 til Steingríms Þorsteinssonar, pr. í *Bréfum Matthíasar Jochumssonar*, Akureyri 1935, bls. 7. Í öðru bréfi til sama viðtakanda sést að Matthías hefur lesið 'vensku útlekkinguna hans Hagbergs', sbr. *Bréf*, bls. 8.



verða undirróttin að kynnum elskendanna. En fjöllin eru óbyggileg. Þar geta menn ekki sett saman bú og þess vegna neyðast þeir til að lifa þar á sauðapjófnaði, svívirðilegasta glæp íslenska bændapjóðfélagsins; með því að stela sauðum var verið að ganga á mikilvægasta hluta þess matarforða sem menn gátu komið sér upp í lítt tæknivæddu þjóðfélagi. 'Sveltur sauðlaust bú,' segir gamall íslenskur málsháttur, og það voru víst orð að sönnu fyrsta árpúsundið sem þjóðin bjó í landi sínu. Þetta kemur algerlega heim við þær hugmyndir sem menntaðir Íslendingar höfðu gert sér á þessum tímum um útilegumannabyggðir fyrri alda. Á fyrri hluta 19. aldar höfðu menn aftur farið að ferðast um öræfin, en ferðir um þau höfðu fallið niður að mestu á 17. og 18. öld. Einn hinna víðförlustu var Björn Gunnlaugsson kennari við Latínuskólann sem áratugum saman stundaði landmælingar. Hann komst að því að öræfin væru óbyggileg og engar útilegumannabyggðir hefðu nokkru sinni verið til. Leiddi hann rök að þessari niðurstöðu í grein í blaðinu Íslendingi árið 1861, einmitt sama árið og Matthías samdi *Útilegumennina*.<sup>37</sup> Sagnirnar um hjónaleysin Eyvind og Höllu sem lifðu nokkur sumur seinast á 18. öld á sauðapjófnaði og veiðum í óbyggðum, hafa svifið fyrir sjónum skáldsins. Matthíasi hefur þess vegna þótt fýsilegt að semja um útilegumenn leikrit sem mátti til sanns vegar færast í höfuðdráttum. Nútímaefasemdarmönnum kann ef til vill að finnast þetta undarleg ályktun því að varla hafi útilegumannaflokkur Skugga-Sveins verið álitinn sannsögulegur. Því er þá til að svara að Hellismenn, útilegumennirnir í Surtshell, augljós fyrirmynd skáldsins, eru nefndir í Landnámu. Á þessum tímum voru Íslendingar ekki farnir að draga í efa fornsögur sínar og trúðu þá sagnfræðiritinu Landnámu að sjálf-sögðu brotalaust. Að hinu er líka að gæta að fjalladvöl þeirra Eyvindar og Höllu var ekki með hinum rétta rómantíska blæ og því ekki að skapi ungs og hrifnæms skálds. Hún var einfaldlega of hversdagsleg – þó að þeim Höllu hafi sennilega ekki fundist það – og þess vegna varð að sækja efnisþráð *Útilegumannanna* í sagnir sem óskir og draumar þjóðarinnar höfðu sett greinilegt mark sitt á.

Á 19. öld batnaði hagur Íslendinga til muna. Landbúnaðurinn hvíldi enn að vísu í aldagömlum skorðum, m.a. fóru allir til grasa eins og Sigurður bóndi og hans fólk. En með batnandi árferði og auknu frelsi, bæði verslunarfrelsi og stjórnarfarslegu frelsi, fór trú manna á sjálfa sig

<sup>37</sup> *Íslendingur* 1861, bls. 11–13.

og landið sívaxandi. Við slíkar aðstæður hefði skáldið misboðið veruleikaskyni sínu og ekki síður landsinna og trú þjóðarinnar á bjarta framtíð í byggðum landsins, hefði hann ekki valið sér að yrkisefni flóttu manna af öræfunum. Þar að auki hafði hann sannfærst um það, bæði af eigin raun og annarra dómbærra manna, að öræfin höfðu aldrei verið til neins gagns nema veiða, grasatekju og hagagöngu á sumrin. Hins vegar braut yrkisefnið ekki í bága við sögulega þekkingu manna og skáldið gat meira að segja leyft sér að láta hinn gróna bónda Sigurð í Dal og yfirvaldið samviskusama, Lárenzíus, dást að hetjuskap og seiglu Skugga-Sveins jafnframt því sem leikritið er samfelld ádeila á fánýti einstaklingshyggju þessa sanna útilegumanns.

Matthías Jochumsson trúði á sameinaða þjóð sem lifði í sátt og samlyndi bæði innbyrðis og við landið sitt. Það er þessi trú sem ber uppi útilegumannaleikrit hans og lyftir þeim á hærra svið. Trúin á lífsbaráttu þessarar þjóðar, fátækrar en samhuga, gæddi fábreytta atburðarás þeirra og persónusköpun sannfæringarkrafti. Jafnvel elskendurnir, sem alltaf hafa verið taldir í daufara lagi, verða áhugaverðir því að menn standa upp að leikslokum fullvissir um að þeir verði langlífir í landinu sem þeir hafa tekið í arf eftir forfeðurna á réttmætan hátt, eins og andleg skyldmenni þeirra í Elverhøj og Fjeldeventyret.



ÁRNI BJÖRNSSON

## LAURENTIUS SAGA BISKUPS Í ÍB 62 FOL.

ÞEGAR Laurentius saga var búin til prentunar fyrir Handritastofnun Íslands, var ekki vitað um handritið ÍB 62 fol. af sögunni.<sup>1</sup> Til þess var sú ástæða, að um þetta handrit segir einungis í skrá um handritasöfn Landsbókasafns: 'Sögubók, skr. ca. 1770 (Knýtlinga saga o.fl.), er ekki unnt að lýsa nánara, með því að hdr. er í láni utanlands.'<sup>2</sup>

Laurentius sögu er því ekki getið við þetta handritsnúmer í orðalyklum skrárinnar. Fyrir nokkrum árum rakst Einar G. Pétursson cand. mag. á söguna í þessu handriti og gerði undirrituðum viðvart. Skal nú gerð nokkur grein fyrir því.

Bók þessi er bundin í tréspjöld með skinni utan um, og á kilinum stendur áþrykkt: 'Krambod Bog for Flatöe Handel 1799.'

Handritið er 657 tölusettar síður, en sumar tölurnar eru máðar eða hafa skorist ofan af blöðunum, líklega þegar bókin var bundin. Bls. 261 og 489–90 eru auðar. Ábúðarmikið titilblað er framan við lítið eitt skert, og á því stendur:

Pessi Sagna Bök skirir frá. I<sup>o</sup>. Dana Kongu[m] fyrstum Haralldi Gorms(syn)i sidustum Kn(uti) Valdi[marssyni] II<sup>o</sup>. Norv(egs) Köngum Olafi H(elga) fyrstum Magnusi Erlings(syn)i seinustum III<sup>o</sup>. Hemingi Aslákss(yni) IV<sup>o</sup>. Hálfi K(on)gi og Reckum hans V<sup>o</sup>. Eyreke hinum Rauda VI<sup>o</sup> Laurentio Hóla B(isku)pe VII<sup>o</sup> Hungur Vaka.

Fleira er þó aftast í handritinu eða eins og segir á innlögðum bláum mjóum seðli með hendi Jóns Sigurðssonar:

7. Jóns Egilss(onar) B(isku)pa ann(álar) (Húngurvaka) með viðbæti (Gísli – Oddr – Gísli – Brynjólfr)
8. Æfiflokkir Sira Einars í Heydölum

<sup>1</sup> *Laurentius saga biskups*, Árni Björnsson bjó til prentunar (Rit Handritastofnunar Íslands III), Rv. 1969.

<sup>2</sup> Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins* II, Rv. 1927, 729.

## 9. Barnatölu flokkur S' Einars.

Það sem Jón nefnir viðbæti og er á bls. 632–644 er samhljóða efni í þáttum um Skálholtsbiskupana Gísla Jónsson, Odd Einarsson og Gísla Oddsson í ættartölubókum kenndum við séra Þórð Jónsson í Hítardal; ennfremur ágrip af lífssögu Brynjólfs biskups Sveinssonar eftir séra Torfa Jónsson í Gaulverjabæ. Samstofna ágrip er t.d. í *AM* 437 fol.

Framan við titilblað ÍB 62 fol. er dálkskipt saurblað, og efst framan á því er skrifað stórum stöfum með bleki: 'Pétur Gudlaugsson', en neðar með blýanti: 'Skúli Arnason, Gudmundur, Sveyrn, Snyolaug, Helga, Þorbyorg, Sygrydur', og neðst með öðru skriftarlagi 'Gudmundur.' Í næstaftasta dálki stendur 'Petur Pálmason'.

Aftan á saurblaðinu efst til vinstri stendur með bleki: 'DNíelsson 1851.'

Aftan á miðju síðasta blaði sjálfrar sögubókarinnar (bls. 658) er skrifað með bleki: 'Gudm Jónas', en nokkru neðar með blýanti: 'Gudmundur Jónas Són'. Sama nafn er skrifað með blýanti á bls. 544 og með bleki á neðri spássíu bls. 548 og stendur á haus. Aftan við eru tvö skert saurbloð með einhverju reikningsyfirliti, og samskonar blöð eru innan á báðum spjöldunum. Á þeim koma fyrir ártölin 1789, 1790 og 1807. Á fyrra saurblaðinu aftan við söguhandritið má greina brot úr bundnu máli, sem einna helst virðist blanda af guðsorði og hetjurímu (um Egil Skallagrímsson?):

Eigli . . . nn . . . so . . . kom og . . . koldu flesta hafa nadi kiemp-  
ann þigt og ulgratt hafdi han a heila stor[d] . . . herda mikill hals-  
inn digur hard [leitur] og grimmiligur. Gud minn Godur giefi  
m[ier] Gott ad læra og skilia so eg meigi þockn[ast þier] og þin-  
um dirdar vilia.

Neðan við þetta má greina nöfnin Bergur Be . . . s(on), Sigurdur Þordar Son, Pietur Gudlau[gs] Son.

Um aldur handritsins og feril segir Jón Sigurðsson þetta eitt á fyrrnefndum seðli: 'hönd c. 1770. Daði Níelss. átti bókina 1851. Baldv. Stephánsson prentari 1869.' Öðrum kunnáttumönnum um handrit og skriftargerð ber saman um, að höndin sé frá seinni hluta 18. aldar.<sup>3</sup>

<sup>3</sup> *Byskupa sögur*, udg. Jón Helgason, I. Hefte, Kh. 1938, 54; sbr. *Hálfs saga ok Hálfsrekka*, herausgegeben von Hubert Seelow, Rv. 1981, 34–35. Með öðrum kunnáttumönnum er einnig átt við Grím M. Helgason á Landsbókasafni, Guðrúnu Ásu Grímsdóttur og Jón Samsonarson á Stofnun Árna Magnússonar.



Baldvin Stefánsson var fæddur á Svalbarði í S-Ping. árið 1840. Hann hóf prentnám hjá Helga Helgasyni á Akureyri um 1857. Eftir lát Helga tók hann við prentsmiðjunni og var yfirprentari á Akureyri 1862–1867. Þá hvarf hann frá prentverki um hríð, en 1871 gerðist hann enn prentari á Akureyri og var það samfleytt til 1882. Jón Sigurðsson veit því af handritinu í eigu Baldvins, meðan hann tekur sér hlé frá prentstörfum.<sup>4</sup>

Daði Níelsson fróði var fæddur 1809. Hann dvaldist á Akureyri annað veifið frá því um 1850 og starfaði þar m.a. sem næturvörður í tvö ár, en var oft í bóksöluferðum. Hann varð úti á Skagaströnd 8. jan. 1857, um líkt leyti og Baldvin byrjar prentnám á Akureyri.

Ekki er vitað með vissu um feril handritsins, áður en það kemst í hendur Daða, en letrið á skinnbandinu bendir ótvírætt til Flateyjar á Breiðafirði. Á handritinu eru tvær hendur og skiptir um með annarri línu á bls. 137. Skriftin þaðan og til enda líkist mjög hendinni á *Lbs. 204 fol.* og *Lbs. 389 4to*, sem skrifuð eru af sr. Markúsi Snæbjarnarsyni. Hann var einmitt prestur í Flatey 1753–1787.

Laurentius saga er á bls. 516–566 og endar á orðunum *megni hans*, 140<sup>24</sup> í útgáfunni. Sagan er því eins heil hér og í *AM 404 4to (P)* að undanskildu síðasta orðinu: *vm*. Neðan við lok sögunnar yst til vinstri hefur eitthvað verið skrifað en skorist framan af orðunum. Það sem nokkurnveginn má lesa virðist vera: [*hu*] *cusque exscriptum Hacqvini*. Framan við síðasta orðið má lesa bókstafina *ni*, en ótryggt er að giska á hvaða stafi vantar framan á svo úr verði heilt orð.<sup>5</sup>

Rekja má sérleshætti þessa handrits allar götur frá P til *Lbs. 36 fol.* Hinsvegar er engin samsvörun við neina sérleshætti *Lbs. 1229 4to* og ekki heldur við *British Museum Add. 11.135*, nema á einum stað: 66<sup>26</sup> *ometnadarsamliga*] *nadarsaml. 36, fagnadarsaml. 11.135, fagnadarsamliga 62*. En þess er að gæta, að þrír úrfellingarpunktar eru framan við *nadarsaml.* í 36, og virðast tveir skrifarar blátt áfram hafa getið á sama hátt í þá eyðu.

Samsvörun er á hinn bóginn við suma sérleshætti í *Rask 52*, en ekki við aðra, og er sá munur öldungis hinn sami og í *Lbs. 942 4to*. Frá því handriti virðist ÍB 62 fol. vera runnið.

<sup>4</sup> *Bókagerðarmenn*, Rv. 1976, 205.

<sup>5</sup> Við úrlestur þennan naut ég aðstoðar Jakobs Benediktssonar og Sigurðar Péturssonar.

Meginröksemd fyrir því, að 62 sé komið af 942, en ekki öfugt, felst í fyrirsögn sögunnar. Alla leið frá Þ til 942 hefur hún verið á þessa lund með lítilvægum frávikum í stafsetningu: *Hier byriar sogu aff Laurentio Höla bÿskupe*.

Í 62 er fyrirsögnin hinsvegar þessi: *Saga Larentii Hoola B(isku)ps*.

Neðan við söguheitið stendur *Prologus*, en sú kaflafyrirsögn sést ekki í neinu öðru handriti sögunnar. Það væri harla ósennilegt, ef 942 væri skrifað eftir 62, að skrifari 942 hefði farið að breyta þessum fyrirsögnum og þá hitt á nákvæmlega sömu aðalfyrirsögn og fylgt hafði allri handritaröðinni fram til 62. Líklegra er því, að skrifari 62 hafi breytt um fyrirsögn, enda er hann ekki alveg laus við fordild og hneigist m.a. nokkuð til fyrningar í stafsetningu, t.d.: 3<sup>19</sup> *Krist fe*] *Christoffur* 942, *Christ Offr* 62; 3<sup>26</sup> *vistum*] *vestur* 942, *vestr* 62.

Nýir leshættir í 62 miðað við 942:

2<sup>25</sup> *Fadir – Kalfur*] *Af fauður Laurentio er það ad seigia ad hann er Kalfur nefndur* 942, *Af fædr Laurentio er það at segia at fadir hans er nemndr Kälfr* 62; 2<sup>28</sup> *mega*] *meigie* 942, *mä* 62; 4<sup>18</sup> *at*] *ad* 942, 62; 4<sup>21</sup> *leidde*] *leydde* 942, *leida* 62; 4<sup>25</sup> *frænnda*] *frænda* 942, *mägi*, *leiðr*. á spássíu úr *frænda* 62; 9<sup>27-28</sup> *sagdiz – boknams*] + 62; 11<sup>14</sup> *for*] *kom* 62; 11<sup>15</sup> *hinum*] + 942, *enum* 62; 11<sup>22</sup> *þegar*] + 62; 15<sup>23-24</sup> *kominn*] + *til hans* 62; 17<sup>27</sup> *sagdi Laur(entius)*] + 62.


Nokkuð er um leiðréttingar og viðbætur á fyrstu blaðsíðum sögunnar, 516–523 (1–14 í útgáfunni), með dekkra bleki og smærri skrift, ýmist á spássíu eða milli lína. Einkum er um að ræða orð og setningar, sem vantaði þegar í 942 og jafnvel enn eldri handrit. Dæmi: 4<sup>30</sup> *kaggi Þórgr*; 5<sup>31-32</sup> *af Púl – br(odir) h(ans)*; 8<sup>22</sup> *sukk*] *hark* > *suck*; 9<sup>31</sup> *godann*] *mikinn* > *gódan*; 10<sup>21</sup> *alldurs*; 12<sup>6</sup> *forsia*] *Rada* > *forsiár*; 12<sup>8-10</sup> *og hinn – í vináttu*; 13<sup>34</sup> *heilags manz*] *herramanna* > *heilagra manna*; 14<sup>24</sup> *brefsins*] *prestsins* > *brefsins*.

Við tvö síðustu dæmin stendur *al*: (þ.e.: *alii*). Af því má ráða að skrifari hafi haft annað handrit til hliðsjónar.

Með þessari viðbót og smávægilegri lagfæringu frá útgáfunni lítur ættarskrá handrita Laurentius sögu þannig út:



## ÆTARSKRÁ HANDRITA



HERMANN PÁLSSON

## Í GETNAÐARPUNKTI

Í FORNSÖGUM vorum ber það ekki ósjaldan við, að menn hljóti auknefni af tilteknum einkennum, sem þeir voru fæddir með, en hitt má teljast til undantekninga, að tildrögin séu rakin til getnaðar. Örvar-Odds saga í lengri gerð hefst á þessa lund:

Grímr hét maðr ok var kallaðr loðinkinni. *Því var hann svá kall- aðr, at hann var með því alinn*, en þat kom svá til, at þá þau Ketill hængr, faðir Gríms, ok Hrafnhildr Brúnadóttir gengu í eina sæng, *sem fyrr er skrifat*, at Brúni breiddi á þau húð eina, er hann hafði boðit til sín Finnum mörgum, ok um nóttina leit Hrafnhildr út undan húðinni ok sá á kinn einum Finnum, en sá var allr loðinn. *Ok því hafði Grímr þetta merki síðan, at menn ætla, at hann muni á þeiri stundu getinn hafa verit.*<sup>1</sup>

Tvær aðrar frásagnir af Grími geta um viðurnefni hans en kveða þó engan veginn jafnskýrt að orði um tildrögin og Örvar-Odds saga. Í Ketils sögu hængs er að vísu lýsing á atburðum, en þó er hvergi berum orðum sagt, að loðna kinnin hans Gríms stafaði frá reynslu móður hans, í þann mund sem Grímur var byrjaður. Ketill hittir Brúna, sem býður honum í stofu.

Þeir gengu síðan inn. Þar váru fyrir tvær konur. Brúni spurði, hvárt hann vill liggja hjá dóttur hans eða einn saman. Hún hét Hrafnhildr ok var harðla stór vexti ok þó drengilig. Svá er sagt, at hún hafði alnar breitt andlit. Ketill kveðst hjá Hrafnhildi liggja vilja. Síðan fóru þau í rekkju, ok breiddi Brúni á þau uxahúð efsta. Ketill spurði, hvat því skyldi. 'Ek hefi hingat boðit Finnum, vinum mínum,' sagði Brúni, 'ok vil ek eigi, at þit verðið fyrir sjónum þeira. Þeir skulu nú koma til smjörlaupa þinna.' Finnar kómu ok váru eigi mjóleitir. Þeir mæltu: 'Mannfögnuðr er oss

<sup>1</sup> *Fornaldarsögur Norðurlanda I*, Rvík 1943, 283. bls.



at smjóri þessu.' Síðan fóru þeir í burt. En Ketill var þar eptir ok skemmti sér við Hrafnhildi.<sup>2</sup>

– Nú líður nokkur tími, og Ketill fer heim til Hrafnistu, og þangað kemur síðan Hrafnhildur með son þeirra, Grím loðinkinna. '*Því var hann svá kallaðr, at kinn hans önnur var loðin, ok með því var hann alinn.*'<sup>3</sup> – Gríms saga loðinkinna vîkur að sama efni: '*Því var hann loðinkinni kallaðr, at kinn hans önnur var vaxin með dökkt hár, ok með því var hann alinn.*'<sup>4</sup> Í styttri gerð Örvar-Odds sögu er komizt að orði á svipaða lund: '*Grímr hét maðr loðinkinni; því var hann svá kallaðr, at hann var með því alinn.*'<sup>5</sup>

Hér verður ekki reynt að leiða rök að skyldleika þessara frásagna, heldur vakir hitt fyrir mér að kanna hugmynd Örvar-Odds sögu hinnar lengri um orsökina fyrir líkamslýti Gríms. Hér eins og víðar í fornsögum má gera ráð fyrir áhrifum útlendra lærdómsrita, og hvarflar þá fyrst að lesanda frásögn Fyrstu Mósebókar af bragði Jakobs við Laban, þegar hann fær lof um að eignast mislitt fé og sauði í hjörð Labans. Laban skildi frá 'alla rílóttu og spreklóttu hafrana, og allar flekkóttu og spreklóttu geiturnar – allt það, sem hafði á sér einhvern hvítan díla, og allt hið svartu meðal sauðanna og fékk sonum sínum. Og Jakob tók sér stafi af grænni ösp, möndluviði og hlyni og skóf á þá hvítar rákir.' Síðan hagaði Jakob þannig til, að beztu ærnar sáu stafina, þegar þær fengu, og 'ærnar áttu rílótt, flekkótt og spreklótt lömb.'<sup>6</sup>

Í skýringarritum við Mósebók er um þetta fjallað eins og aðferð Jakobs sé byggð á vísindalegum forsendum. Í Stjórn er kveðið skýrt að orði (178. bls.):

Commestor segir sua. at þat er eigi ulikligt eðr undarligt. at burdrinn uerdi likr þeirri mynd eðr likneskiu. sem hon séér í sidarsta punct lostagirndarinnar sua sem hun uerdr at honum hafandi. medr þi at Jeronimus segir sua. at þetta sama uerdi medr horsunum i Spania. Ok sá meistari sem Quintillianus het uernaði sua nockura fru. þa sem fæddi sua sem blalendzkan burð. at

<sup>2</sup> Sama rit, 252. bls.

<sup>3</sup> Sama rit, 255. bls.

<sup>4</sup> Sama rit, 269. bls.


<sup>5</sup> *Örvar-Odds saga* (Altnordische Saga-Bibliothek 2), útg. R.C. Boer, Halle a.S. 1892, 3. bls.

<sup>6</sup> *I. Móseb.* 30. 35–39.

hann profaði þat af þi sua uordit hafa. at hon hafði þers háttar likneski seeð i þann punct sem burdrinn byreaðiz meðr henni. Ok i bokum Ypocratis finnz þat skrifat. at menn ætlaðu at pina þa konu sem hon hafði fæðt hardla uænt meybarn miok ulikt bædi fedr ok meðr ok þar medr öllu þeirra kyni. þar til er þersi hinn sami Ypocras bad menn leita ok foruitnaz. ef þilik skrifan fyndiz skrifat i þeim suefnklefa sem barnit uar byriat i.

Lítill ástæða þykir mér til að rekja dæmin lengur en til Stjórnar, og er þó auðvelt að finna önnur, sem styðja sömu hugmynd: afkvæmi ber svip af þeirri mynd, sem móðirin sér í punkti lostagirndar. Hitt ætti þó að vera nokkurn veginn ljóst, að þessi hugmynd í lengri gerð Örvar-Odds sögu er runnin hvorki frá Óðni, víkingum né reynslu norrænna manna á Lapplandi eða annars staðar, heldur á hún það sammerkt með ýmsum öðrum hugmyndum í fornritum vorum að vera getin og fædd langt úti í heimi og tekin þaðan inn í sögurnar.





# UM FORMÁLA ÍSLENSKRA SAGNARITARA

*Andmælaræður Bjarna Guðnasonar og Jakobs  
Benediktssonar við doktorsvörn Sverris Tómassonar  
2. júlí 1988*

## I

### RÆÐA BJARNA GUÐNASONAR

RIT Sverris Tómassonar kand. mag., *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum. Rannsókn bókmennthaefðar*, sem hér er til umræðu, er mikil bók og vegleg. Með skrá og töflum (formála, efnisyfirliti, helstu skammstöfunum, útdrætti á ensku, skrá um formála, heimildaskrá og nafnaskrá) er hún 462 blaðsíður að lengd, gefin út af Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi (Rit 33). Frágangur er í alla staði prýðilegur.

Eins og fram kemur í formála höfundar að bókinni, þá er stofninn í doktorsritinu gömul kandiðatsritgerð, sem hann hefur á marga lund stórlega aukið og bætt. Þótt höfundur hafi frá því að hann lauk prófi í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands 1971 leyst af hendi margvísleg verkefni í fræðigreini sinni, hefur hann augljóslega aldrei misst sjónar á formálarannsóknnum sínum. Hann hefur sótt föng til bókar sinnar bæði heima og erlendis, m.a. þegar hann var við nám og kennslu við háskóla á Englandi og í Þýskalandi. Með því móti hefur hann komist yfir mörg nýtileg hjálpargögn og greinilegt er, að sum þeirra rita, sem hann styðst við, eru ekki til í íslenskum bókasöfnum. Sökum þess hve heimildaskráin er ríkuleg og stendur víða fótum er mikill fengur að henni. Doktorsritið ber höfundi sínum fagurt vitni um lifandi áhuga og þrotlausa elju um áratuga skeið við rannsóknir á formálum og formálahefð. Og af þessu er sýnilegt að hann muni ekki hafa kastað höndum til verksins.

Ekki fer á milli mála að formálar í íslenskum miðaldaritum eru kjörð verkefni til úrlausnar við doktorspróf. Og ber margt til þess. Nefna



má, að það er merkingarlega skýrt afmarkað bóklegt fyrirbrigði. Í annan stað snertir það óumdeilanleg tengsl latínumennta og innlendrar frásagnarhefðar. Enn fremur dylst ekki, að viðfangsefnið er bæði brýnt úrlausnar og miðlægt í bókmenntasögunni. Og loks fer ekki hjá því, að það reynir á fræðilega hæfni og dugnað rannsakandans.

Það er alkunna að formálar hafa fylgt íslenskum bókum frá upphafi ritaldar eins og formáli eða prologus Íslendingabókar Ara fróða ber með sér. Segir það sína sögu um rætur íslenskrar bókmenningar. Fræðimenn hafa að sjálfsgöðu skoðað formála Ara grannt en lesið hann og túlkað misjafnlega. Sama gildir um aðra merka formála eins og formála fyrir Sverrissögu og Heimskringlu. Formálarýnin hefur að langmestu leyti verið bundin við þessa eða aðra einstaka formála, en á hinn bóginn hefur láðst að gera sér viðhlítandi grein fyrir bókmenntahefð formálanna.

Sverrir Tómasson gerir fyrstur manna hér á landi heildarkönnun á formálum sem sérstæðu og alþjóðlegu bókmenntalegu fyrirbrigði, þar sem hann sýnir fram á, að formálar latínubóka og norrænubóka eru af einni og sömu rót. Á það verða ekki bornar brigður enda má segja, að það hafi legið í augum uppi. En samtímis gengur hann skrefi lengra og leiðir rök að því, að hver formáli sé hluti af bókmenntahefðinni og út frá þeirri staðreynd verði að beita honum til skilnings og túlkunar á því bókmenntaverki, sem hann stendur fyrir. Formálarnir verða á sína vísu bókmenntafræði innlendra lausamálsverka á sama hátt og Snorra-Edda er skáldskaparfræði hins norræna kveðskapar.

Það grundvallarsjónarmið að formálar lúti reglum lærðrar og fastmótaðrar hefðar er einkum rakið til rannsókna E.R. Curtiusar, sér í lagi rits hans *Europäische Literatur und lateinisches Mittelalter* (1948). Hann gekk úr skugga um að sömu efnispættir formálanna kæmu fyrir aftur og aftur í latínubókum miðalda og rakti slóð þeirra til klassískrar mælskulistar og sagnaritara Grikkja og Rómverja. Curtius hélt sig aðallega við latínurit í athugunum sínum en vék lítt að ritverkum á þjóðtungum. Sverrir Tómasson bætir úr þessari vöntun hvað varðar sagnarit á íslensku máli og virðir fyrir sér formála þeirra með hliðsjón af niðurstöðum Curtiusar, en doktorsefni hefur vitaskuld tekið tillit til og rætt þær formálarannsóknir, sem síðar hafa birst eftir aðra fræðimenn (M. Schulz, G. Simon, T. Janson o.fl.).

Curtius kallaði þessa venjubundnu efnispætti formálanna *topos* (grískt orð, flt. *topoi*; á lat. *locus communis*), en Sverrir nefnir þá *ritklif*

á íslensku. Orðið gefur vísbendingu um tíðni og eðli þeirra. Sú tegund ritklifa, sem hér kemur við sögu, fellur undir hugtakið *captatio benevolentiae*, þ.e. þau málbrögð sem beitt er til að öðlast velvild áheyrenda eða lesenda. Þessi ritklif eru ávörp, bókarefni, tilefni, ritbeiðni, vinnubrögð, heimildir, stíll, form, viðhorf til áheyrenda eða lesenda, tilgangur og loks beiðni um leiðréttingar á verki.

Þessum ritklifum, sem eru frumhugtök og grunnur rannsóknarinnar, gerir doktorsefni fræðileg skil og leiðir í ljós, hvernig þau birtast í íslenskum formálum. Allajafna ber hann ekki saman að fullu erlenda og innlenda formála, heldur bendir hann á einstök ritklif í þeim til að sýna erlend áhrif í íslenskum formálum. Í doktorsritinu er urmull dæma og tilvitnana til erlendra formála og retórískra handbóka, sem hafa orðið til á ólíkum tímum, svo að skakkar öldum, víðs vegar í hinum latneska menningarheimi Evrópu. Þetta er í sjálfu sér fróðlegt og lærdómsríkt en augljóst, að litlar líkur eru á því að öll þau rit eða handbækur, sem doktorsefni tilgreinir til að styðja mál sitt, hafi borist til Íslands. Virðist því oftast ráða hending ein hvaða erlenda formáladæmi er haft til hliðsjónar. Hér er því um almenna menningar- eða bókhefð að ræða en ekki áhrif frá einu ritverki til annars. Þetta hlýtur að torvela rannsóknina og brýna menn til aðgætni í niðurstöðum með því að samanburðardæmin geta verið í miklum fjarska hvert frá öðru, ýmist hvað snertir merkingarlegt samhengi, stað eða tíma.

Sverrir Tómasson kemur býsna víða við í bók sinni og skyggnist um lærdómslendur evrópskrar miðaldar. Hann víkur að og glímur við fjölmörg torleyst vandamál íslenskrar sagnaritunar og bókmenntafræði. Hann gerir ráð fyrir, að helsti milliliður latínumennta og innlendrar menningar séu bækur sem hafðar voru um hönd í skólum, klaustrum eða lærdómssetrum hér á landi og rekur leið formálanna eftir bókum.

Jakob Benediktsson mun taka til nánari umræðu þá kafla í bók doktorsefnis sem greina frá latneskum menntaheimi, retórík og lærdómslistum héraðs á miðöldum. Hins vegar mun ég ræða fimm meginþætti könnunarinnar, en þeir eru bygging bókarinnar, skilgreining formála, afmörkun rannsóknarefnis, formálaskýringar og að endingu formálahefð og innlend frásagnarhefð.



### 1. Bygging bókarinnar

Mér virðist, að höfundur hefði mátt fara efnisskipan bókarinnar betur úr hendi. Rannsóknin hefst á inngangi, sem er hvorki meira né minna en 80 blaðsíður að lengd. Þar ræðir höfundur um efni eins og mælskulist, íslenska lærdómssögu, skóla, skólagöngu, bókakost og erlend menningaráhrif á Íslandi til að sýna að sagnaritarar hafi átt greiðan aðgang að formálum. Innganginum lýkur með umræðu um bókmenntahefð og ritklif og um bókmenntategundir á miðöldum.

Inngangurinn greinist í sjö undirkafla og þar er dreginn saman mikill erlendur lærdómur. Vissulega er þakkarvert að fá almenna greinargerð um þessa menningarsögulegu hluti, ekki síst um retórikina og ritklifin – einkanlega þar sem fátt eitt hefur verið ritað og rætt um þessi efni á íslensku – en engu að síður hefði doktorsefni mátt fara fljótar yfir sögu og stytta mál sitt. En um það má vitanlega lengi deila. Aftur á móti er einsætt, að betur hefði farið á því að gera hærra undir höfði þeim undirkafla inngangsins, sem nefnist 'Formálinn: skýrgreining, hlutverk og bygging' og láta hann standa einan og sér, þar sem hann er þrátt fyrir allt forsenda fræðilegrar umfjöllunar, eins og heiti ritsins vottar. Höfundur á augljóslega heldur óhægt um vik með því að hann nefnir tvo meginhluta verksins 'Fyrri hluta' og 'Síðari hluta'. Eru það áhrif frá formála Sverrissögu? Af því leiðir að búið er að reyra verkið í víðjar og inngangurinn verður fyrir vikið drjúglangur eins og raun ber vitni. Þessi kaflaheiti – 'Fyrri hluti' og 'Síðari hluti' – segja harla lítið og byrgja úti rannsóknarefni, sem æskilegt hefði verið að fjalla um ræki-lega og í sérstökum köflum. Hér á ég við höfuðatriði eins og *virik – óvirik ritklif og formálahefð – innlend frásagnarhefð*. En það skal tekið fram, að doktorsefni vikur að sjálfsögðu margoft að þessum efnunum en á víð og dreif í bókinni, svo að heildarsýn fer forgörðum.

Í 'Fyrri hluta' bókar er farið í saumana á ritklifum formálanna og dregnar af þeim ályktanir. Þessi kafli er víðamesti hluti bókarinnar og skiptist í þrjá undirkafla. Sá fyrsti nefnist 'Tilefni' þar sem doktorsefni ræðir um tildrög þess, að bækur voru skráðar og talar hann þar um ritbeiðni, þakklæti og hlýðni, þörf á nýju verki o.s.frv. Annar snýst um 'Tilgang', þar sem gerð er grein fyrir markmiði ritunarinnar. Þar eru undirkaflar, sem nefnast 'Markmið, nytsemi og hlutverk', 'Minning forfeðranna', 'Lof og heiður' o.s.frv. En hér er doktorsefni nokkur vandi á höndum því að tilefni bókar er oftast nær samofið tilgangi

hennar eins og doktorsefni tekur víða fram, (sbr. t.d. 108) og tilgangur ritunarinnar gat verið margs konar, jafnvel annar en sá sem sagt er frá í formála.

Tökum Hungurvöku sem dæmi. Doktorsefni ræðir um *tílefni* ritunar Hungurvöku eftir orðum formála hennar og kemur þá í ljós að þau eru ferns konar: 'þakklæti og hlýðni' (94–95), 'hvatning frá öðrum verkum' (99), 'að miðla fróðleik' (101) og loks 'metnaður og minnisverð tíðindi' (102). En þessu til viðbótar ætlar doktorsefni *markmið* ritunar Hungurvöku margvíslegt og getur doktorsefni þess í undirköflunum 'minning forfeðranna' (111), 'skuggsjá til eftirdæmis' (127), 'nytsamleg skemmtan eða dægradvöl' (130) og loks í þeim undirkafla sem kallast 'Stefnuyfirlýsingar formálanna og hið raunverulega markmið verksins' (146), þar sem S.T. gerir því skóna að þrátt fyrir allt séu ekki öll kurl komin til grafar um markmið verksins í formálanum. S.T. segir:

En samt sem áður er ekki skýrt frá þeim sem mest efldi kristnina í Skálholti, sælum Þorláki, og virðist það þó hafa verið ætlunin. Það má líta á Hungurvöku eins og inngang að sögu þessa gimsteins; þar með er ekki sagt að slík frásögn yrði jatarasaga. Sennilegast þykir mér að í lokin hafi átt að koma stutt lofgjörð um Þorlák lík að gerð og um hina biskupana og ef til vill mærdarmeiri; þá hefði verið sagt frá sex merkismönnum og sú tala hafði tákngildi á miðöldum (147).

Ekki fer á milli mála, að höfundur Hungurvöku hafi gengið margt til þegar hann samdi ritið en mér hefur jafnan fundist megintilgangurinn vera sá að láta ekki sögu fyrstu Skálholtsbiskupa vera ósagða eftir að saga Þorláks helga var skrifuð. Ef menn vilja þá geta þeir kallað Hungurvöku inngang að sögu Þorláks, en ég hygg úr lausu lofti gripið, að í lok Hungurvöku 'hafi átt að koma stutt lofgjörð um Þorlák lík að gerð og um hina biskupana og ef til vill mærdarmeiri'. Væri slíkri 'stuttri lofgjörð' ekki ofaukið sem forspjalli að sérstakri sögu um Þorlák? En þetta er ekki aðalatriðið, heldur hitt, hvort þessi stranga greining doktorsefnis eftir tílefni og tilgangi sé heppileg. S.T. kemst svo að orði:

Mér þykir þó rétt að taka hér fram að nauðsynlegt reyndist að nálgast viðfangsefnið frá mörgum hliðum; ein klausa úr formála



gat lýst tvenns konar viðhorfum sem ekki var auðvelt að fjalla um á einum stað. Vegna þessa er oft rætt um sömu klausuna á mörgum stöðum og bein tilvitnun í hana tekin upp á þeim öllum, lesanda til þæginda. Í tveim köflum verksins, *tílefni* og *tilgangi*, er þetta t.a.m. algengt og endurtekningar óhjákvæmilegar, þar sem um mjög skylt efni er að ræða (VIII).

Með þessu vinnulagi verða sömu tilvitnanir bornar oftsinnis fyrir vit lesandans; slíkt er sjaldan til bóta í vísindaríti. En sum dæmanna eru hins vegar höggvin úr lengra samhengi þeirra, þannig að hætt er við að það samhengi skorti einnig í huga lesandans.

Formálaklausurnar eru endurteknar víða í ritinu, stundum með stuttu millibili og verða bæði leiðinlegar og varasamar, ekki síst vegna þess að greinarmunurinn milli tílefnis og tilgangs er ekki fjarska glöggur. Hefði ekki mátt hafa aðra tilhögun á efninu? Ef til vill hefði mátt greina formála Hungurvöku í einu lagi? En doktorsefni á hér þá vörn, að það eru ritklifin sem eru undirstaða rannsóknarinnar, og hann leggur áherslu á að gaumgæfa tengsl þeirra við verkin sjálf. Með aðferðinni, sem hann beitir, fær hann svigrúm til fræðilegrar umræðu um hvert einstakt ritklif.

Þriðji kafli 'Fyrri hluta' kallast 'Viðhorfið til efnisins'. Þetta er lengstur og veigamestur kafli verksins, um 110 blaðsíður að lengd. Þar fjallar doktorsefni um fjölmörg grundvallaratriði íslenskrar sagnaritunar, svo sem um efni og búning, sagnfræði og skáldskap, heyrnarvotta og sjónarvotta, vinnu eða sköpun o.s.frv. Þarna eru mörg álitamál.

'Síðari hluti' (261–302) eru sjálfstæðar greinar. Sú fyrsta kallast 'Ólafs saga Tryggvasonar – Formáli og verk'. Þar varpar S.T. fram ýmsum spurningum: Hvers vegna skrifaði Oddur munkur Snorrason Ólafs sögu Tryggvasonar og af hverju á latínu? Hvernig kemur yfirlýstur tilgangur í formála heim og saman við verkið sjálft? Næsta grein er um Ara og Snorra og kannar höfundur einkum áhrif Ara á Snorra og stefnu þeirra í sagnaritun. Þriðja grein nefnist 'Fræðisagan um Adonías', þar sem S.T. leiðir líkur að því, að í formála þessarar riddarasögu frá 14. öld, sé skotið fram skarpri þjóðfélagsádeilu.

EKKI LÆTUR S.T. ÞESS GETIÐ, HVÍ HANN TEKUR FYRRNEFNDI FORMÁLA MEÐ ÞESSUM HÆTTI FREKAR EN AÐRA TIL SÉRSTAKRAR MEÐFERÐAR. HÉR HEFÐI FULLT EINS VEL MÁTT TAKA FORMÁLA HUNGURVÖKU OG GERA Á EINUM STAÐ HEILDARGREIN FYRIR ÞVÍ HVAÐ VAKAÐ HAFI FYRIR HÖFUNDI HENNAR MEÐ RITI SÍNU. ÞAÐ

sýnist mundu hafa verið eðlilegasta aðferðin að gera þennan 'Síðari hluta' með sínum þrem greinum að bókarauka (exkurs).

Niðurlag bókarinnar greinist í tvennt, annars vegar vettvang og njótendur, hins vegar niðurstöður. Venja er, að niðurstöður séu sérstakur lokakafli en doktorsefni viku þar að meginatriðum, sem hafa naumast verið rædd áður í rannsókninni, svo sem um íslenska frásagnarhefð og um formálalausar Íslendingasögur. Niðurstöðurnar hefðu mátt vera settar fram á greinilegri og rækilegri hátt, sökum þess hvernig gengið hefur verið að efninu áður og hvernig því hefur verið komið fyrir í skipan bókarinnar.

Að endingu er langur 'Viðbætur' um varðveislu þeirra formála, sem um er talað. Slíkt yfirlit er gott að fá; það eykur gildi ritsins að mun. En reyndar mætti telja, að 'Viðbæturinn' hefði mátt vera nánar sniðinn að viðfangsefninu sjálfu og óþarfi virðist að gera grein fyrir úreltum skoðunum fræðimanna.

## 2. Skilgreining formála

S.T. skýrgreindir formála á eftirfarandi hátt: '*Formáli kallast upphafsþáttur ritverks eða einhvers hluta þess þar sem höfundur, þýðandi, ritstjóri og/eða safnandi gerir grein fyrir því efni sem á eftir fer*' (57).

Hér er sagt að staðsetning skeri úr um hvort eitthvert ritstycki sé formáli eða ekki: hann skal vera í upphafi ritverks. S. T. er ekki einn um það greinimark. En óneitanlega verður þá nokkur vandi á um eftirmála eins og fram kemur í eftirfarandi orðum doktorsefnis:

Glögglega má sjá að formála hefur stundum verið bætt við eftir að frásagan hefur verið samin. Hann getur því stundum kallast eiginlegur eftirmáli. Það skiptir þó ekki máli, þótt hann sé samin eftir á, ef hann er sannanlega skrifaður af sama manni og verkið sjálft. Formáli og eftirmáli mynda ramma utan um frásögnina. Eftirmálinn gegnir í bókmenntalegu tilliti sama hlutverki og formálinn. Það réttlætir að úr honum séu tekin sýni til samiburðar við efnisatriði formálanna (62–63).

Af þessu er ljóst að eftirmáli 'virðist vera fullkomið ígildi formála' (342) og að engu skipti hvort slíkur aðfarakafli sé settur á undan rit-



verki eða eftir. Til að mynda telja flestir að formáli Ara að Íslendinga-bók sé upphaflega eftirmáli. Eina skýra dæmið um hið algenga ritklíf *amor patriae* í íslenskum miðaldaritum sækir S.T. til eftirmála Þórðar-bókar Landnámu og er títt vitnað til hans. Sama gildir um A-gerð Jóns sögu helga, sem hefur eftirmála en ekki formála. Í fæstum orðum sagt fer doktorsefni með eftirmála í riti sínu eins og væru þeir formálar að öllu leyti, en hann fellir þá ekki undir skilgreiningu sína.

Doktorsefni hlítir eigi að fullu skilgreiningu sjálfs sín. Hann telur til formála 'formálaorð' Sturlu Þórðarsonar í Sturlungu (3), en ekki formála Eiríks Oddssonar að Hryggjarstykki í Morkinskinnu og Heimskringlu. Báðir þessir formálar hafa svipaða stöðu og eru umsamdir að nokkru leyti. En þrátt fyrir það beitir S.T. formála Eiríks Oddssonar fyrir sig í röksemdafærslu um gildi sjónarvotta. Þar kemst S.T. svo að orði:

Það kemur og fyrir að formálar rita eru teknir upp að hluta eða í heilu lagi í samsteypur, sbr. *Sturlungu*;. . . En til þess að unnt sé að kalla þessa klausu formála, verða fleiri efnisatriði að koma fram og staða hennar í verkinu verður að vera í upphafi þess (203 nmáls).

Í 'Viðbætinum' farast S.T. orð um sama efni á þessa lund:

Þá hef ég sleppt að ræða um klausur sem líklega eiga rót sína að rekja til formála rita er nú eru glötuð eins og t.d. Hryggjarstykkis, en leifar þess formála eru sjáanlegar í Heimskringlu og Morkinskinnu (395).

Þess má geta að formáli Eiríks telur upp heimildir og segir frá vitnisburði heyrnar- og sjónarvotta og er að því leyti mikilvægur að ætla má að hann sé formáli fyrstu frumsömdu sögunnar á íslensku máli og brautryðjandaverks í íslenskum bókmenntum. Ég hef leitast við að færa rök að þessu í riti mínu *Fyrsta sagan*. En nauðsynlegt hefði verið fyrir doktorsefni að útlista nánar hvaða 'fleiri efnisatriði' þurfa að vera í formála til þess að hann komist í formálatölu. Nefna má til samanburðar að doktorsefni hefur tekið formála Veraldarsögu með í skrá

sína um formála en hann er örstuttur og segir lítið annað en frá upphafi ritunar helgra bóka:

Moysees het guðs dýrlingr í Gyðinga fólki sá er fyrst hóf þá þrífnaðar sýslu at rita helgar bækr um guðs stórmerki . . .

Mér sýnist skilgreining formálahugtaksins vera of þröng. Affarasælast hefði verið – eins og varðveislu íslenskra miðaldarita er háttað – að fella undir hugtakið allar þær klausur sem gegna bókmenntalegu hlutverki formálaorða. Enda hefur doktorsefni að verulegu leyti gert það í reynd með dæmasafni og úrvinnslu í riti sínu.

### 3. Afmörkun rannsóknarefnis

Eins og titill bókarinnar ber með sér, takmarkar doktorsefni rannsókn sína við þá formála, sem 'með nokkrum rétti mega kallast íslensk smíð' (2). Hann heldur áfram og segir:

Með orðinu *sagnarit* á ég við þær bókmenntagreinir sem í fræðiritum eru flokkaðar eftir efni, þ.e. konunga-, dýrlinga- riddara- og fornaldarsögur, en hér með tel ég einnig Íslendingabók, Íslendinga sögu Sturlu Þórðarsonar og Stjórn, þar sem formáli þess rits er að hluta verk norræns safnanda (3).

Orðalagið er tæplega nógu nákvæmt. Líklega á 'norræns safnanda' að vera 'íslensks safnanda', ef ég hef numið þetta rétt. Í annan stað mætti ætla af samhenginu, að Íslendingasaga Sturlu væri ekki sagnarit og í þriðja lagi vantar í upptalninguna biskupasögur og hef ég þá í huga sögur eins og Hungurvöku og Lárentíussögu, því að ekki verða þær taldar til dýrlingasagna, þótt örli á áhrifum þeirra, einkum á Hungurvöku. Og loks sakna ég veraldlegra samtíðarsagna og minni sérstaklega á Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar (um formála hennar er auðvitað rætt í ritinu), en þeirra er skylt að geta, þar sem doktorsefni kveðst fylgja venjulegri flokkun sagnarita í fræðiritum.

Doktorsefni tekur fram að hann fjalli ekki sérstaklega um formála fræðirita, svo sem Snorra-Eddu, dæmisagnasafna, hómilíubóka, mál-



fræðiritgerða, ríms og lögbóka, en hirði úr þeim dæmi, ef með þarf, og sama gildi um norsk rit.

Sýnt er, að nokkur fræðilegur vandi er á höndum, þegar dæma á hvort formálar t.a.m. þýðdra riddarasagna séu norskir eða íslenskir nema hvorttveggja sé, þ.e. að þeir hafi verið umsamdir í afskriftum. Þetta á við um formála Stjórnar. Formáli Möttulssögu er tekinn með en ekki formáli Tristramssögu. Kleift hefði verið að leysa þennan vanda með því að láta verkið spanna formála allra þýðdra riddarasagna sem eru örfáir og norsk formálarit. Þau eru einnig fá, helst eru Theodoricus, Historia Norvegiae og Konungsskuggsjá. Ekki hefði þetta lengt ritið að ráði því að doktorsefni sækir óspart formálasýni til þessara bóka. Nefna má, að í fáa formála eru jafnmörg dæmi sótt og til formála Theodoricusar.

Æskilegt hefði verið að fá stutt yfirlit – þótt ekki hefði verið nema töflu – yfir formála íslenskra fræðirita. Hvað einkennir formála þeirra? Gætu þeir lýst eða skýrt atriði í formálum sagnarita? Af hverju er talið rétt að skilja að formála sagnarita og formála fræðirita? Einhverjar skýringar hefðu átt að fylgja þessum aðskilnaði af hálfu doktorsefnis.

#### 4. Formálaskýringar

Það segir sig sjálf að fyrir ýmissa hluta sakir er oft erfiðleikum bundið að skilja og skýra formálana, það sannar fjöldi dæma. Hvað merkir eitthvert orð eða orðasamband? Er það ritklif? Er það virkt eða óvirkt? Curtius taldi ritklif vera 'feste Cliches oder Denk- und Ausdruckschemata', þ.e. óvirkt eða lítið merkingarvirk föst sambönd, klisjur (hugsunar- og tjáningarmynstur). Curtius tileinkaði ritklifum litla eiginlega merkingu og gerði ekki ráð fyrir miklum tengslum þeirra við verkið sjálf. Þótt Curtius væri ekki ávallt samkvæmur sjálfum sér eins og doktorsefni bendir á, þá hafa hugmyndir hans mótað mjög viðhorf síðari fræðimanna við túlkun ritklifanna. Meginvandinn – upphaf og endir – við skýringar á formálum er því fólgin í spurningunni: Er mark takandi á ritklifunum til skilnings á verkunum? Þessu verður að svara í hverju einstöku tilviki og fræðimenn getur greint mjög á um svör. Tökum dæmi.

Í Danasögu sinni frá um 1200 segir Saxi málspaki í frægum formála að hann hafi kynnt sér fræðasjóði Íslendinga 'og samið eigi lítinn hluta verks síns' upp úr frásögnum þeirra. Ég hef haldið því fram, að það sé

rangt að ómerkja orð Saxa eins og margir fræðimenn hafa viljað gera og hef rökstutt það með því að benda á, að fyrstu níu bækurnar í sögu Saxa eru að stórum hluta samstofna við íslenskar fornaldarsögur og hann hafi því víslega stuðst við íslenska heimildarmenn. En danskir fræðimenn standa allfast á því að orð Saxa séu að litlu hafandi, þau séu tiskubundin og merkingarlaus formálaorð eða óvirk ritklif. Og við það situr um skilning manna á formála Saxa. Þetta dæmi sýnir, hve grunnurinn er valtur til að meta á honum merkingargildi formálaorða eða ritklifa. Af þessum sökum hefði verið ákjósanlegt, að doktorsefni hefði rætt skilmerkilega í sérstökum kafla um virkni og óvirkni ritklifa í íslenskum formálum, eins og fyrr segir. Má greina einhver kennimörk um það hvort einstök ritklif beri merkingu eða ekki?

Doktorsefni hopar í rannsókn sinni hvergi fyrir þeim erfiðleikum að reyna að skilja og skýra ritklifin og um leið að túlka þau og verkið sjálft. Álitamálin eru mörg og því þarf ekki að koma á óvart, þótt ekki séu allar ályktanir hans sannfærandi og skal ég nefna nokkur sýnis-horn.

Í formála Jóns sögu helga (B-gerðar) er vikið að umbótum á verk-inu. Þar segir:

Biðjum vér alla þá sem þessa frásögn heyra, at fyrir vörn ólistug-an framburð ok ósnjallt orðatiltæki fyrirdjarfi þeir eigi svá háleitt efni sem vér munum fram flytja, heldr umbæti meðr ást ok elsku þar sem þeir sjá þess með þurfa (161).

Um þennan póst segir doktorsefni:

Rétt er að vekja athygli á síðustu setningunni, '*þar sem þeir sjá þess með þurfa*'. Ekki er unnt að skilja þetta orðalag öðruvísi en svo að gefið sé í skyn að umbóta sé raunar ekki alls staðar þörf. Lesandinn gæti jafnvel freistast til að halda að höfundurinn væri í raun og veru að segja að engra umbóta væri þörf (161–62).

Doktorsefni hyggur að einungis sé beðið um lagfæringar á stíl en sennilega mun einnig vera átt við textann eða söguna sjálfa, sbr. for-formála Eugippiusar (sagnaritara frá 6. öld) að útdrætti úr verkum



Ágústfnusar. Litlar horfur eru á því, að þetta ritverk hafi borist til Íslands, en vert væri að velta vöngum yfir því hvort hægt er skilyrðislaust að leggja að jöfnu formálaorð fyrir trúarriti kirkjuföður og formálaorð fyrir ævisögu veraldlegs konungs. Er víst að gildi orða sé hið sama óháð bókmenntategundum? S.T. segir réttilega, að formálar Sverris sögu séu skrifaðir af ritstjóra (160) og er það liður í röksemdafærslu hans, en ekki má gleyma, að stofn þeirra er frá Karli ábóta runninn, höfundur sögunnar, og ekkert virðist því til fyrirstöðu að tilvitnunin í styttri formálagerðina sé frá honum komin (eða jafnvel í lengri gerðina). Að öllu athuguðu treysti ég mér ekki til að staðhæfa að skilningur S.T. sé rangur en mér þykir hann orka tvímælis. Ég hygg að menn ættu að leggja nokkurn trúnað á orð sagnaritara, taka þau bókstaflega, þangað til annað reynist réttara.

Höfundur Lárentíussögu vísar til heimilda sinna á þessa lund í formála:

Eru hér ok margir hlutir saman settir af ýmissum atburðum sem fram hafa farit á ýmsum löndum eptir því sem annálar til vísa, hverir mestan fróðleik sýna (231).

Í þessu sambandi leggur S.T. áherslu á að annálar séu einmitt heimildir, sem evrópskir höfundar sóttu mjög til, og sannar mál sitt með tilvitnunum til Beda prests og Adams frá Brimum. Er ekki annað að skilja en höfundur Lárentíussögu feti í fótspor þeirra (231–32). Er hér ekki farið yfir lækinn eftir vatni? Einar Hafliðason er talinn hafa samið bæði Lárentíussögu og Lögmannsannál og hann styðst mjög við annálinn í sögu sinni; tilvísun formálans hnígur ugglaust að því.

Í formála Lárentíussögu segir enn fremur:

því at sá sem þessa sögu hefir saman sett var (+ B ek) áminntr af honum sjálfum í minni halda hverja hluti hann sjálfr fram sagði (93).

Um þessa formálaklausu segir S.T.:

Í formála Lárentíus sögu er ekki ritbeiðni. Höfundur gat ekki

látið líta svo út að hann hefði tekið upp hjá sjálfum sér að rita ævisögu Lárentíusar. Þá hefði hann verið sakaður um ofdirfð. Hann lætur í ljós að hann hafi hlýtt boði biskups; þess vegna hafi hann farið að skrifa söguna (93).

‘Í minni halda’ merkir aðeins ‘að geyma (vel) í minni’ og þetta er auðskilið þegar haft er í huga að þeir atburðir sem leiddu til þess að Lárentíus varð að lokum biskup á Hólum voru svo ævintýralegir að viðbúið var að síðari tíma mönnum virtist frásögnin vera skrök. Sagnfræðingurinn séra Einar Hafliðason er aðeins að leggja áherslu á að frásaga sín sé frá biskupi sjálfum komin og því trúverðug. Hér er því ekki um að ræða að orðin ‘í minni halda’ feli í sér boð biskups um að Lárentíus eigi að skrifa bók. Þetta sést m.a. af framhaldi þess formálapósts, sem doktorsefni vísaði til:

*Í minni halda hverja hluti hann sjálfr fram sagði, hverju fram hafi farit um hans ævi áður hann varð byskup á Hólum.*

Það er eftirtektarvert að einungis er vikið að tíðindum í lífi Lárentíusar, áður en hann varð biskup á Hólum. Varla hefði saga hans átt að enda þegar hann varð biskup.

Mér þykir einsýnt að S.T. lesi of mikið í málið þegar hann dregur þá ályktun að höfundur Lárentíussögu hefði verið sakaður um ofdirfð, ef hann hefði tekið upp hjá sjálfum sér að rita ævisöguna. Einar Hafliðason var lærisveinn Lárentíusar, messudjárn hans, trúnaðarvinur, gætti vinstúku hans og var honum einna kærastur allra klerka hans. Ýmsar ástæður gátu legið til þess að séra Einar skrifaði sögu Lárentíusar og koma mér tvær í hug. Hann hefur viljað sýna fram á að farsælast væri fyrir almúgann og kirkjuna, að íslenskir menn sætu í biskupsstóli á Hólum en ekki útlendingar, sem hvorki skildu þjóðina né tungumálið. Og í annan stað hefur hann einfaldlega viljað minnast velgjörðamanns síns. Varla verður talið að íslenskir sagnaritarar hafi aldrei getað sjálfir átt frumkvæði að því að semja sögur um látna menn. Hvað um Pál biskup? Enginn formáli er fyrir sögu hans. Verður að saka höfundinn um ofdirfð?

Og enn Lárentíussaga. Í formála hennar er komist svo að orði um tilgang ritunarinnar:



upp byrja góðum mönnum til gleði ok skemmtunar, ok svá eigi síðr til fróðleiks ok nytsemðar (130).

S.T. ætlar orðið 'skemmtun' merkja hér eins og yfirleitt í trúarbókmenntum 'uppbyggilega skemmtun' eða 'andlega huggun' og styður þá skoðun sína með tilvitnunum til annarra rita og sömuleiðis til þeirra andstæðna, sem fram eru dregnar í téðri klausu.

Ekki er um það að villast að orðið 'skemmtun' getur falið í sér bæði nytsemd (utilitas) og gleði eða dægurstyttingu (delectatio) og fer þá eftir atvikum hvor þátturinn er burðarmeiri í hugtakinu. Í þessu dæmi sem endranær er skylt að taka tillit til samhengis eða m.ö.o. túlka 'ritklifið' með hliðsjón af sögunni sjálfri. Lárentíussaga er tvímælalaust 'skemmtilegust' allra biskupasagna og þar segir höfundur margar skrýtnar sögur, sem bersýnilega eru ekki fallnar til nytsemðar eða andlegrar huggunar heldur einbert til dægurstyttingar. Ég læt fylgja hér frásöguna af Jóni Flæmingja, af því að mér þykir hún svo skemmtileg:

Einn tíma kómu mörg Íslandsför til Þrándheims, ok vóru á margir íslenzkir menn. Vildi síra Laurentius þeim öllum nokkut til góða gera. Þar kom millum annarra sá maðr, er Klængr steypir hét ok frændi Laurentii ok honum heimuligr.

En sem Jón Flæmingi sá þat, vildi hann gera honum nokkut at hvarf ok talaði einn tíma við Laurentium á latínu ok mælti: 'Kennið mér at heilsa á þenna yðar kompán upp á norrænu.'

Laurentio þótti mikit gaman at Jóni ok sagði: 'Heilsaðu honum svo: fagnaðarlaus, kompán!'

'Ek undirstend,' sagði Jón, 'at þetta mun vera fögr heilsan, því *gaudium* er fögnuðr, en *laus* er lof,' gengr síðan at Klængi steypi, klappaði honum á hans herðar, ok mælti: 'Fagnaðarlaus, kompán!'

Hinn hvessti augun í móti ok þótti heilsanin eigi vera svo fögr sem hinn ætlaði.

Nú mælti Jón Flæmingi við Laurentium: 'Ek forstend nú, at þú hefir dárat mik, því at þessi maðr varð reiðr við mik.'

Jón Flæmingi hafði sér lagskonu svo ljóta ok leiðinliga, at varla fannst ferligri ásjóna en sú, sem hon bar. Síra Laurentius sagði meistara Jóni einn tíma, hvar fyrir hann vildi hafa svo forljóta konu í bland við sik.

Jón svarar: 'Ek er bráðlyndr maðr, ok þyldi ek eigi vel, ef nokkurr ginnti mína þjónustukonu frá mér, ok því tók ek þessa, at ek veit hennar girnist enginn.' (Úr Íslendingasagna-útgáfunni).

Þess má geta, að Fritzner skýrir orðið *fagnaðarlaus* með 'blottet for alt hvad der er godt eller duer', en merkingin mun vera hér önnur: 'sá sem gengur ekki inn í fögnuð himnaríkis og nýtur miskunnar guðs', þ.e. fordæmdur. Kappinn Goliath var sagður fagnaðarlaus. Af þessu má skilja, hvers vegna heilsan Jóns Flæmingja er eigi fögur. Annað þarfnast ekki skýringa í þessari frásögu.

Sagnirnar *að segja*, *fyrir segja* og *heyra* geta átt bæði við munnlegar og skriflegar frásagnir, einnig nafnorðin *sögn*, *fyrirsögn* og *heyrn*. *Framburður* merkir hvorttveggja framsögn og skráða sögu. Fleiri orð eru til af þessu tagi en þessar tvíræðu merkingar hafa leitt til margs konar misskilnings við skýringar á formálaorðum. Þetta er doktorsefni ljóst. Hugum að formála Heimskringlu, sem hefst þannig:

Á bók þessi lét ek rita fornar frásagnir um höfðingja þá, er ríki hafa haft á Norðurlöndum ok á danska tungu hafa mælt, svá sem ek hefi heyrt fróða menn segja, svá ok nokkurar kynslóðir þeira eptir því, sem mér hefir kennt verit. . .

Doktorsefni telur hugsanlegt, að fornar frásagnir bendi til skriflegra heimilda en telur þó eðlilegra að átt sé við heyrnarvotta og rökstyður það hald sitt með því að benda á setninguna, sem á eftir kemur: '*eptir því, sem mér hefir kennt verit*' (228).

Snorri Sturluson getur sem heimilda í formála sínum aðeins Ara fróða, langfedgatalis og fornra kvæða og textakönnun hefur fært fræðimönnum heim sanninn um að Heimskringla er nánast öll samin upp úr eldri sögubókum. Það er því nærtækast að ætla að Snorri hafi í huga ritaðar heimildir, enda þarf sögnin 'að kenna' ekki að merkja annað en að Snorri hafi numið þessar fornu frásagnir af bókum, sem settar hafi verið fyrir hann við fræðslu. Það er ljóst að sú túlkun formála, sem er í samræmi við bókmenntaverkið, hlýtur að vera æskilegri. Í raun leggur S.T. víða í verki sínu áherslu á það viðhorf, en mér virðist hann ekki ávallt gæta þess sem skyldi.



Ekki þarf að efast um að innlend frásagnarlist hafi þroskað með sér einhvers konar 'munnklið', því að sagnamenn og kvæðamenn hafa auðvitað viljað vinna velvild eða hylli áheyrenda engu síður en bókarhöfundar. *Captatio benevolentiae* hefur sprottið upp sjálfkrafa með óskyldum menningarþjóðum. Ávörp eru til að mynda fyrir hendi í dróttkvæðum eins og í lærðum ritum, og sama máli gegnir um að líkja skáldskap við smíði húss eins og doktorsefni víkur að. Þótt formálahöfundur tali um að stytta mál sitt (brevitas), þá er ekki sjálfgefið að slík ummæli eigi endilega rætur að rekja til lærdómshefðar formála, slík ögun er ekki framandi munntum og þar til gæti góður sagnaritari tekið þetta upp hjá sjálfum sér. Í lengri formála Sverrissögu segir: 'Nú mun þetta mál mörgum nógu langt þykkja. . .' Um þetta farast S.T. svo orð:

Allar málalengingar voru álitnar óæskilegar og ekki fallnar til þess að vinna hylli áheyrandans. Þetta hefur ritstjórinn lært og hann lætur sem hann vilji skrifa gagnyrktan stíl (179).

Er nauðsynlegt að skýra orð ritstjórans með lærdómi og ómerkja orð hans? S.T. minnst lítilega á hliðstæður ritklifa í munntum, en óneitanlega hefði verið mikill fengur að því, ef þeim hefði verið gerð ýtarlegri skil í sérstökum kafla þar sem einnig hefði verið hugað að samruna hugtaka úr ólíkum straumum menningar, 'synkretisma'.

##### 5. Formálahefð og innlend frásagnarhefð

Á einum stað í riti sínu lætur S.T. þessi orð falla:

Það virðist nær undantekningarlaust í evrópskum bókmenntum að lausamálsverk hafi formála. Að þessu leyti sker íslensk bókmenntahefð sig úr; formálar eru ekki fyrir Íslendinga sögum (327).

Þessi ummæli eru villandi að því leyti, að af þeim mætti skilja að Íslendingasögur einar af sagnaflokkum séu án formála en því fer víðs fjarri.

Af formálaskránni (396–97) sést að doktorsefni styðst við 45 formála í könnun sinni, þar af eru 24 formálar fyrir helgisögum og trúarritum, 12 fyrir riddara- og fornaldarsögum og 9 fyrir öðrum veraldlegum ritum. Það hlýtur að gegna furðu, að þessir formálar skuli ekki vera miklu fleiri, þegar gefinn er gaumur að þeim mikla fjölda fornrita, sem varðveist hafa. Hin síendurteknu formáladæmi, sem S.T. nefnir í bók sinni, villa lesanda sýn í fyrstu, því að rannsóknin hvílir í raun á tiltölulega fáum formálum, sem flestir standa fyrir helgisögum og riddarasögum, eins og ofangreindar tölur sýna.

Lítum nánar á formálaleysi einstakra bókmenntagreina. Fyrir Íslendingasögum eru ekki formálar, svo sem fyrir segir. Um það breytir vitanlega engu ritstjóraformáli Fóstbræðrasögu í Flateyjarbók. Formálar eða eftirmálar eru fyrir Bósasögu (yngri gerð), Göngu-Hrólfis sögu og Hrólfis sögu Gautrekssonar en þar má ætla riddarasögur fyrirmynd (formáli Göngu-Hrólfis sögu er sá sami og fyrir Sigurðar sögu þögla). Enginn formáli er fyrir 20–30 öðrum fornaldarsögum og verður ekki annað ályktað um þetta en sú sagnagrein hafi í upphafi og löngum verið formálalaus. Með þeim fyrirvara sem óáreiðanleg varðveisla gerir nauðsynlegan má segja það sama um veraldlegar samtíðarsögur: Íslendingasaga Sturlu Þórðarsonar hefur haft formála, og A-gerð Hrafnis sögu Sveinbjarnarsonar, en það er athugandi, að hún ber greinilegan keim af helgisögum og skýrir sú staðreynd væntanlega tilvist formálans. Það má því segja, að veraldlegar samtíðarsögur séu líka formálalaus bókmenntategund að kalla.

Öðru máli gegnir um aðrar bókmenntagreinar, þar skiptir í tvö horn. Um helmingur biskupasagna er með formála og þá einkum sögur helgra manna. En það vekur óskipta athygli að engan veginn er öruggt að sjálf latínusaga Jóns helga eftir Gunnlaug munk hafi haft formála, eftirmáli er með jarteinabók þýðingarinnar í A-gerð, en formáli fyrir B-gerð. Þessi formálasaga Jóns sögu helga ber vitni um kynlegt staðfestuleysi formálans, sér í lagi þar sem þýðandi B-gerðar hafði til hliðsjónar bæði latínusöguna og A-gerð, eins og áður hermir. Guðmundar saga góða (A-gerð), Páls saga biskups, Árna saga biskups eru án formála. Aftur á móti hefur Lárentíussaga formála, eins og fram hefur komið; sú saga er skrifuð um miðbik 14. aldar. Auðvitað hefur miðaldalærdómur og áhrif hans á einstök rit verið bæði tiskubundinn og persónubundinn.

Sumar konungasögur hafa formála, aðrar ekki. Eins og fyrri daginn



er geymdin óáreiðanleg en nefna má að hvorki er formáli fyrir Fagur-skinnu né Hákonar sögu Hákonarsonar. Fáir formálar standa fyrir þýddum riddarasögum og hlutfallslega fáir fyrir frumsömdum riddarasögum.

Niðurstaðan er þessi: Lítill hluti íslenskra sagnarita hefur formála. Þetta vekur sérstaka athygli og krefst skýringa, þar sem lausamálsverk hafa nær undantekningarlaust formála í evrópskum bókmenntum, eins og doktorsefni segir. En hann gefur þessu efni lítinn gaum og leggur áherslu á það í inngangi sínum að rannsókn sín varði formála en ekki formálaleyssi; það liggja utan rannsóknarsviðsins. Á þessa afstöðu get ég ekki fallist, því að ógerningur er að draga upp skýra mynd af áhrifum erlendra formálahefðar á íslenska söguritun og meta þau réttilega án þess að gera glögg skil á stöðu og fjölda formála í því heildarsafni sem bókmenntirnar eru. Öðruvísi sagt verður lærd bókmenntahefð hvorki skilin né túlkuð á viðhlítandi hátt nema með því að hafa að staðaldrí í huga ekki aðeins formála íslenskra bóka heldur og formálaleyssi þeirra. Þessa stöðu hefur doktorsefni ekki gaumgæft sem skyldi við fræðilegar útlistanir og ályktanir í bók sinni, jafnvel þótt hann slái varnagla í niðurstöðum sínum með þessum orðum:

Þess ber þó að gæta að þessar tilvitnanir (þ.e. formáladæmin) eru aðeins ályktunarhæfar um nokkurn hlut íslenskra fornbókmennta, þar sem formálar eru ekki fyrir öllum forníslenskum lausamálsverkum (323).

Í ritgerðarlok vikur S.T. að formálaleyssi Íslendingasagna og veltir fyrir sér hvort skýringa á því sé að leita til þess að Íslendingasögurnar væru alinnlend bókmenntagrein og hefði mótast af sagnahefðinni eða formálaleyssið yrði þrátt fyrir allt skýrt eftir reglum mælskufræðinnar (328–29). Þar koma fram lauslegar hugmyndir um að mælskufræðin ylli þrátt fyrir allt formálaleyssi Íslendingasagna, og tel ég ekki ástæðu til að fara frekar út í þær. En doktorsefni er samt tvístígandi og vísar vandanum frá sér, þar sem íslensk sagnahefð sé ekki í hans verkahring. En augljósasta og um leið einfaldasta skýringin á formálaleyssinu er, að það fylgi þeim bókmenntagreinum, sem eiga innlendar rætur, Íslendingasögum, fornaldarsögum og veraldlegum samtíðarsögum, en formálar séu fyrir þeim greinum, sem teljast aðkomnar, helgisögum og

riddarasögum. Konungasögur rekja uppruna sinn annars vegar til dýrlingasagna og króníkna og hins vegar til dróttkvæða og innlendrar sagnalistar. Bókmenntagreinin veit ekki á hvora sveifina hún á að hallast og af því leiðir að sumar konungasögur hafa formála, aðrar ekki. Og fleiri greinar vega salt í þessum efnum. Hvergi sést glegggra til uppspretna íslenskra miðaldabókmennta en einmitt í tvítöginu á milli formála og formálaleyfis í sagnaritum.

S.T. kemst svo að orði:

Það er ekki nein regla fyrir því í íslenskum sagnaritum frá miðöldum hvenær formáli á að standa fyrir verkinu (328).

Hér virðist of djúpt tekið í árinna, þegar að því er hugað að þrjár bókmenntagreinar eru formálalausar að heita má en aðrar þrjár hafa formála með þeim takmörkunum sem að ofan greinir.

Enn farast doktorsefni svo orð:

Höfundar þeirra verka sem hér um ræðir eru háðir þeim leikreglum sem mælskufraeðin og kirkjulegt uppeldi hefur sett þeim. Það verður ekki séð að þeir hafi sett sér eigin reglur. Það rennir og stoðum undir þessa skoðun að formálar erlendra verka eru þýddir beint og það virðist ekki þörf á að breyta neinu (324).

Hér er ég ekki alveg með á nótunum. Formálar erlendra rita urðu fyrir ýmsum breytingum við þýðingu og má benda um það á orð doktorsefnis:

Í allmörgum þýðingum, bæði dýrlingasagna og riddarabókmennta hefur upphaflegum formála verið sleppt og ekki saminn nýr. Nefna má sem dæmi þýðingarnar í Stock. Perg. fol. nr. 2, Er-ex sögu og Ívens sögu, þar sem formálum Chrétiens hafur verið sleppt. Í öðrum sögum, eins og t.d. Möttuls sögu, hefur honum verið bætt við. Þá er þess að gæta að þýðendur eða þeir sem síðast hafa rjálað við textann, hafa oft lagað upphaf erlendra sagna að því sem mætti nefna innlenda frásagnarhefð. Má hér t.d. nefna upphaf Bevers sögu, þar sem inngangsorð í upphafi hvers erindis, eru felld brott og efnið dregið saman (328).



Og í annan stað sýnist vera nokkur mótsögn í því, þegar S.T. kveður svo að orði, að sagnaritararnir hafi ekki getað 'sett sér eigin reglur' (324), því að hann segir á öðrum stað:

Eins og fyrr segir eru íslenskir formálar svo bundnir leikreglum mælskufræðinnar að engin leið er að sjá þar móta fyrir persónulegum viðhorfum. Formáli Heimskringlu sker sig þó úr, enda þótt um hefðbundna og jafnvel íhaldssama lýsingu á vinnubrögðum sé að ræða (327).

Formálar Snorra Sturlusonar eru 'lausir við flest retórísk ritklif' og er því sýnt að helsti sagnaritari Íslendinga er sjálfstæður gagnvart 'leikreglunum' og í formálum hans birtast persónuleg viðhorf. Hann hefur því 'sett sér eigin reglur'. Hann hefur ekki verið einn um það, eins og marka má af því að formálar eru tiltölulega fáir, sundurleitir og flestir vanburðugir sem slíkir, hvað varðar efni, snið, röð og fjölda ritklifa. Algeng erlend ritklif, eins og ávörp, ættjarðarást (amor patriae) og bein ritbeiðni koma ekki fyrir oftár en svo, að telja má á fingrum annarrar handar í öllum þessum sæg sögubóka.

Formálar sýna vissulega erlendar rætur og erlend áhrif á íslenska sagnagerð, eins og doktorsefni hefur skilmerkilega leitt í ljós, en þegar á allt er litið eru þeir ekki síður góður vitnisburður um styrk og sjálfstæði íslensks menningararfs, sem hefur valdið því að hafnað var þeirri reglu latínubóka að formáli skuli fylgja hverju verki. Þessi þróttmikla innlenda frásagnarhefð hefur staðið formálum fyrir þrifum, fækkað þeim, dregið úr notkun lærðra ritklifa og gert snið formálanna laust í reipum og þar með fjarlægt þá frá retórískum kennisetningum.

Mál er að linni. Ég vil alls ekki láta liggja í láginni að geta þess að ritdoktorsefnis er mikils háttar rannsókn og fræðimannlega unnið. Í því kemur fram margra ára vinna við söfnun og úrvinnslu. Doktorsefni er augsýnilega vel lærður og fjöllesinn í miðaldafræðum. Hann fer jafnan sínar eigin leiðir í athugunum, og hann er óragur við að varpa fram tilgátum og rökstyðja þær eftir mætti til þess að steypa goðum af stalli. Hann er traustur textafræðingur og tilvitnanir hans eru áreiðanlegar.

Þótt telja megi að doktorsefni hefði átt að vera varfærnari í ályktunum sínum um hlutdeild, stöðu og áhrif erlendrar bókmenntahefðar

og taka meira tillit til íslenskrar frásagnarlistar, þá er rannsókn hans brautryðjandaverk og gagnsamur skerfur til skilningsauka á eðli og uppruna íslenskrar sagnaritunar. En eins og fram er komið í aðfinnslum mínum, þykja mér efnistökin markast fullmikið af því að doktors-efni líti á sagnaritunina svo sem innan úr húsi evrópskra miðaldafræða, en virði hana varla í nægum mæli fyrir sér svo sem utan af víðavangi. En með þessu riti hafa íslensk miðaldafræði fært út kvíarnar með þeim hætti að enginn fræðimaður getur skotið sér undan því að kynna sér niðurstöður doktors-efnis, þegar fjallað er um erlenda og innlenda menningu í íslenskum miðaldabókmenntum.

Verk doktors-efnis mun án efa leiða margan á götu til frekari rannsókna á hinum merku og sérstæðu miðaldabókmenntum Íslendinga.

Ég árna Sverri Tómassyni allra heilla með þetta lærða og nýtsamlega verk.



## II

## RÆÐA JAKOBS BENEDIKTSSONAR

‘Ég neita því . . . að íslenskur skáldskapur og sögutilbúningur standi í nokkuru sambandi við fræði annara Evrópuþjóða. Þar eru engar beinar fyrirmyndir’.

Þetta eru ekki mín orð, heldur Finns prófessors Jónssonar, en þau setti hann á blað í æviminningum sínum aðeins tveimur árum áður en hann lést. Vitaskuld vissi hann að ekki voru allir honum sammála um þetta efni, en allar athuganir á því voru þá harla skammt á veg komnar, og Finnur tók einfaldlega ekki mark á þeim, sannfæring hans var ennþá grómlaus, svo að ég noti orðalag Hermanns Pálssonar.

En síðan hefur margt gerst í þessum fræðum, og nú mundi enginn norrænufræðingur taka sér þvflík orð í munn. Bók Sverris Tómassonar sem hér er lögð fram til umræðu ber því rækilegt vitni að nú er öldin önnur. Hún er fyrsta heildarrannsókn á formálum íslenskra sagnaritara á miðöldum sem gerð hefur verið, og um leið ýtarlegasta rannsókn á einum þætti erlendra áhrifa á íslenskar miðaldabókmenntir sem íslenskur fræðimaður hefur leyst af hendi.

Rannsóknaraðferð bókarinnar er angi af þeirri fræðigrein sem Þjóðverjar hafa kallað *Toposforschung* og á upptök sín í hinni merku bók Curtiusar, *Europäische Literatur und lateinisches Mittelalter*, sem kom fyrst út 1948 og hefur dregið á eftir sér mikinn slóða, eins og Sverrir lýsir á bls. 69 o.áfr. Curtius dró saman og flokkaði venjubundin atriði í klassískum ritum sem urðu fastir liðir í bókmenntum miðalda. Um þessi atriði notaði hann gríska orðið *topos*, sem hann sótti í gríska mælskufræði þar sem það var notað um almenna eða sameiginlega staði í ræðunni. Þetta hugtak hefur Sverrir kallað *ritklif*, sem er ágætt orð, enda á það rætur sínar í skáldskaparfræðum Snorra.

Kjarni bókarinnar og meginkenning er að íslenskir formálar miðaldarita séu yfirleitt samdir samkvæmt reglum retórískra handbóka eða skólabóka, enda komi þar ljóslega fram þau ritklif sem séu fastir liðir í formálum allt frá klassískum tíma fram á miðaldir. Höfundar íslensku formálanna hafi því venjulega farið eftir latneskum fyrirmyndum, stundum reyndar þýtt eða stælt latneska formála þegar um var að ræða latínurit sem snúið var á íslensku.

Þessa niðurstöðu styður Sverrir með ýtarlegri könnun á fjölda fræðiritum um þróun mælskufræðinnar á miðöldum og með greiningu á íslenskum formálum og þeim ritklifum sem þar eru notuð. Sá samanburður sýnir ótvírætt að íslensku formálarnir eru í beinu samhengi við bókmenntahefð miðalda.

Í þessari rannsókn hefur höfundur dregið saman mikinn fróðleik og leitað fanga í aragrúa rita, eins og sjá má af heimildaskrá hans sem er á hvorki meira né minna en 25 blaðsíðum. Mikill fjöldi þeirra rita sem þar er vísað til er ekki tiltækur hér á landi, enda er bókin að mestu leyti samin erlendis. En einmitt þessi heimildaskrá er þörf ábending um þá skelfilegu fátækt íslenskra bókasafna í þeim fræðum sem snerta íslenskar miðaldarannsóknir: bók eins og þessa hefði einfaldlega ekki verið hægt að semja hér á landi.

Bókin hefst á inngangi sem er greinargott yfirlit um nokkur meginhugtök í mælskufræði og um gerðir formála, þróun hvors tveggja á miðöldum, svo og um skólakennslu og latínukunnáttu, og að lokum er rætt um ritklif og bókmenntagreinar á miðöldum. Þetta yfirlit er vitaskuld að mestu leyti unnið upp úr ritum fræðimanna, en það er næsta þarflegt að fá slíkt yfirlit á íslensku, og það mætti raunar verða skyldulestur stúdenta í íslenskum miðaldabókmenntum. En auk þess er þessi inngangur nauðsynlegt baksvið þess sem á eftir fer, þar er lýst þeirri bókmenntahefð sem lá að baki formálaritunar á Íslandi og þeirrar bókagerðar sem á einhvern hátt studdist við erlendar fyrirmyndir, þær fyrirmyndir sem Íslendingar höfðu kynnst með latínulærðómi og lestri erlendra rita.

Þau íslensk rit sem hér koma við sögu eru einkum þrenns konar: kirkjuleg eða trúarleg rit, veraldleg sagnarit og sumar greinar skemmtunarsagna, þ.e. riddarasögur og fáeinar fornaldarsögur. Formálar þeirra eru sumir þýddir eða stældir eftir erlendum forritum, aðrir frumsamdir af höfundum eða safnendum og endursemjendum.

Nálega öllum þessum formálum er það sameiginlegt að í þeim koma fyrir ritklif sem kunn eru úr erlendum miðaldarritum. Að vísu er það misjafnt hversu mörg þeirra koma fyrir í hverjum einstökum formála, eða með öðrum orðum hversu vandlega formálarnir fylgja skólabókaforskriftum miðalda. Fyrir þessu gerir höfundur rækilega grein í fyrri hluta bókar, og verður ekki annað sagt en að hann hafi fært gild og skilmerkileg rök fyrir máli sínu.

Fyrri hlutanum skiptir höfundur í þrennt, eftir því hvaða atriði koma



beint fram í formálunum eða verða úr þeim lesin: í fyrsta lagi er *tilgangur*, í öðru lagi *tilefni* og í þriðja lagi *viðhorfið til efnisins*. Í þessum þáttum eru einstök efnisatriði og ritklif formálanna rakin hvert í sínu lagi og borin saman við erlendar fyrirmyndir. Þessi aðferð hefur óhjákvæmilega í för með sér töluverðar endurteknningar, vegna þess að sami formálinn og sömu dæmin koma fyrir og eru tekin til athugunar oftár en einu sinni í mismunandi samhengi, eftir því hver efnisþáttur formálanna er til umræðu. Við þessu verður þó ekki gert eins og bókinni er niðurskipað, enda þótt það lengi bókinna verulega, og stundum örli á því að ummæli höfundar um einstaka staði séu ekki með öllu samhljóða. Hinsvegar hefur þessi aðferð þann kost að hún gefur tilefni til ýtarlegri greinargerðar og samanburðar við erlend rit. Sömuleiðis varpar þessi aðferð stundum ljósi á tengsl formálanna við verkin sjálf, en þau tengsl geta verið með ýmsum hætti og eru ekki ævinlega háð því hversu mikil brögd eru að ritklifum í formálunum sjálfum. Enn fremur er þessi vandlega greining formálanna gagnleg til þess að átta sig á því hvort þeir séu varðveittir í upphaflegri mynd eða hvort líklegt sé að rjálað hafi verið við þá í síðari eftirritum. Hér verður þó að fara með gát, því að torvelt er að sanna t.d. að ákveðin ritklif hafi verið felld burt úr formálum, enda þótt þau hefðu átt að standa þar samkvæmt forskriftum skólabóka. Enda tekur Sverrir sjálfur fram og sýnir um það dæmi að því fer fjarri að öll venjubundin ritklif komi fram í hverjum formála.

Enn má nefna eitt atriði sem leiðir af þessari efnisskipun. Þær breytingar sem urðu á gerð formála frá því á 12. öld og fram á þá 14. koma tæplega nógu skýrt í ljós. Með þessu er ég ekki að halda því fram að Sverrir hafi ekki gert sér ljóst að þvílíkar breytingar hafi átt sér stað, síður en svo. Það er ljóst af mörgum ummælum hans víðs vegar í bókinni. Stutt greinargerð sem tekur aðeins til nokkurra atriða er þannig á bls. 54–56. Þar segir m.a.: 'Þegar líða tekur á 13. öld verður enn augljósara en fyrr að nákvæmar er fylgt forsögnum mælskufræða'. Þetta er vitaskuld hárrétt og um það eru nefnd ýmis dæmi hér og þar síðar í bókinni, t.d. um beina ritbeidni (bls. 86 o.áfr.), um margorðara lof um helga menn (bls. 113 o.áfr.) og um þann sið að endurgera helgisagnir, auka þær á ýmsan hátt og breyta stíl þeirra (bls. 99, 144 og áfr.). Þarna er vitaskuld ekki aðeins um það að ræða að fara nákvæmar eftir forskriftum skólabóka, heldur eru að baki aðrar hugmyndir um stíl, aðrar fyrirmyndir erlendra bóka. Breytingar á formálunum eru aðeins þáttur

í víðtækari breytingu á viðhorfi höfundanna. Þetta sést oft óbeint víða í bókinni þegar tekin eru dæmi samhliða úr eldri ritum og yngri. Það hefði e.t.v. verið heppilegt að gera rækilegri grein fyrir þessari breytingu á einum stað, t.d. á bls. 54–56 eða í lokakafla bókar. Sú lærdómsstefna sem virðist verða ráðandi á fyrri hluta 14. aldar er býsna ná-tengd þessari breytingu, sú stefna sem menn hafa kennt við Berg Sökkason eða norðlenska benediktínaskólann. En formálar Bergs og hans skóla koma víða við sögu í þessari bók.

Í síðasta þætti fyrri hluta bókar, um viðhorfið til efnisins, svo og í síðari hlutanum og að nokkru í viðbæti, fjallar höfundur um ýmis önnur og víðtækari vandamál íslenskra miðaldabókmennta sem hann freistar að leita á lausnar í formálunum. Að sumu af þessu verður vikið hér á eftir. Um flest þessara vandamála hafa verið uppi ýmsar ólíkar skoðanir sem höfundur rekur stundum óþarflega rækilega, einkum þegar um er að ræða kenningar sem nú eru með öllu úreltar. Hinsvegar er gagnrýni hans á skoðunum fyrri manna oft skarpleg, ekki síst þar sem hann getur bent á að þeir hafi ekki tekið nógu mikið tillit til þeirrar erlendu bókmenntahefðar sem vissulega var kunn og áhrifadrjúg á Íslandi á miðöldum. Hér er um að ræða vandamál eins og viðhorf höfundar til verksins, höfundarhugtakið, notkun og mat heimilda, mörk sagnfræði og skáldskapar o.s.frv. Sverrir hefur hér lagt drjúgan skerf til umræðu um þessi efni frá nýjum sjónarhóli, en ósanngjarnt væri að ætlast til að hann hefði leyst þar úr öllum vanda, enda kemst hann sjaldan að beinhörðum niðurstöðum, er yfirleitt varkár í fullyrðingum, setur að vísu stundum fram tilgátur sem orka tvímælis, en hefur þá oftast fyrirvara um gildi þeirra. Enda er þá yfirleitt um að ræða spurningar sem seint verður svarað með nokkurri vissu.

Um almenn vinnubrögð höfundar er yfirleitt gott eitt að segja. Hér er fræðimannlega staðið að verki, framsetning er skýr, stundum kannske nokkuð margorð, tilvitnanir nákvæmar. Dálítið slangur af prentvillum hef ég rekist á. Leiðastar eru nokkrar rangar millivísanir í texta bókarinnar, sem orðið hafa við umbrot í blaðsíður. Aðrar prentvillum eru ekki margar og yfirleitt þess eðlis að auðvelt er að lesa í málið. Nefna má þrjú atriði sem hefði átt að útrýma í próförok. Á bls. 31 er nefnt ritið 'Tobias glosatus' og það er skýrt sem 'Thobiam metricum glosatum', og verður ekki séð hví það heiti skal standa í þolfalli. – Á bls. 18 og 30 er minnst á Alexander frá Villa Dei, en á bls. 43 er hann þrívégis nefndur Alexander Villa Dei, en svo er hann annars ekki



nefndur. – Á bls. 91 og 185 er minnst á sekvensíubók sem Jón Þorláksson, sá mæti skrifari, ritaði. Bókin var ekki sekvensíubók heldur grallari.

Höfundur hefur þann lofsverða hátt á að þýða allar latínutilvitnanir, sem eru æði margar og mundu annars verða latínulausum lesendum torveldar viðfangs. Yfirleitt eru þessar þýðingar fullnægjandi, en þó bregður fyrir ónákvæmni á fáeinum stöðum, að vísu sjaldan svo að máli skipti um heildarmerkingu. Fáein dæmi má nefna: Þýðingin á bls. 113 efst er torskilin; réttara mundi: 'svo að með réttu bæri að heiðra guð fyrir fjölda ágættra (kirkju)feðra, þar sem hann efldi verðug verk þeirra'. – Bls. 125 efst: 'árangurslaust' á að vera 'að ástæðulausu'. – Bls. 167 í miðju: 'ef þeir skyldu verðskulda það'; réttara: 'ef einhverjir skyldu vilja líta við því'. – Bls. 201 neðst er eyða í þýðingunni (. . .), þar ætti að standa: 'Grikkir kölluðu söguna (historia) eftir (sögninni) historein', eins og raunar kemur fram á bls. 202.

Allt þetta sem ég hef nú drepð á er vitaskuld heldur ómerkilegur spardatfningur og er kannske mest til vitnis um að ég hafi lesið bókina eins og mér bar skylda til.

Við skulum nú snúa okkur að nokkrum efnisatriðum, en þar verður að fara eftir þeirri gömlu reglu sem Sverrir nefnir oft, sem sé *pauca ex multis*, þ.e. að um fátt eitt verður rætt af þeim mörgu atriðum sem bók-in fjallar um.

Sverrir ræðir nokkuð um Ólaf hvítaskáld og málfræðiritgerð hans á bls. 42–43, en áður hefur hann drepð á að bæði sú ritgerð og 4. málfræðiritgerðin séu tengdar innlendri skáldskaparfræði í handritum. Hann bendir réttilega á ritklifið um *translatio studii* hjá Ólafi, og nefnir kynni hans af Snorra Sturlusyni, en ræðir annars ekki frekar um tengsl ritgerðarinnar við innlenda skáldskaparfræði. Hinsvegar telur hann að ekki sé laust við að í ritgerð Ólafs 'birtist tómstundagaman æðri stéttar manns'. Þetta held ég sé hæpin tilgáta. Við vitum að Ólafur fékkst við kennslu – að vísu er ókunnugt í hversu miklum mæli – og því er nær að ætla að ritgerðin sé samin að öðrum þræði sem kennslubók, en hitt kann engu síður að hafa vakað fyrir Ólafi að tengja saman erlenda og innlenda skáldskaparfræði. Þetta er framar öllu ljóst af því að hann tekur innlend dæmi um latnesku hugtökin, og í öðru lagi hnykkir hann á þessu samhengi þegar hann ber saman *paronomasia* og hendingar í íslenskum skáldskap, og í því sambandi vitnar hann í Háttatal er Snorri

hefur ort. Á sama hátt tengir hann saman *paromoion* (sem hann kallar *paranomeon*) og stuðla og höfuðstafi sem halda saman norrænum skáldskap 'svá sem naglar halda skipi saman'. Eins tengir hann saman *metaphora* og kenningar og styðst þar enn við skáldskaparfræði Snorra. Mér virðist allt þetta benda eindregið til þess að Ólafur hafi beinlínis ætlað sér að víkka svið skáldskaparfræðinnar með þessum tengslum við latneska óðfræði. Það er líka eins konar *translatio studii*. Sama hugsun kemur raunar fram í 4. málfræðiritgerðinni, sem Sverrir vitnar til á bls. 43, þar sem því skal lýst 'hversu ný skáld ok fræðimenn, ok einkanliga klerkarnir, vilja lofaz láta, hversu kveða skal'. Ólafur hvítaskáld var sjálfur skáld, og höfundur 4. málfræðiritgerðarinnar var sémilega hagarður. Báðir hafa verið lærðir í retórik og kunnað góð skil á handbókum sinnar tíðar. 4. málfræðiritgerðin hefur verið tengd þeirri uppsveflu í lærdómi á fyrri hluta 14. aldar sem áður var minnst á, og málfræðiritgerðirnar voru skrifaðar upp í handritum af Snorra-Eddu á 14. öld. Allt virðist mér þetta því bera að sama brunni.

Sverrir gerir skilmerkilega grein fyrir efnisþáttum formála í inngangi (41–69) og þeim ritklifum sem einkenna þá í bókmenntahefð miðalda, en það má rekja til klassískrar mælskufræði. Hann drepur þar m.a. á formála Ara fyrir Íslendingabók og bendir á að hann noti ekki alla hina venjubundnu efnisþætti formálans. Að þessu kemur Sverrir oftast en einu sinni síðar í bókinni og þá ekki öldungis á sama hátt. T.d. segir á bls. 68: 'Hér er greint frá ritbeiðni, sagt frá því að verkið hafi verið sýnt biskupunum og Sæmundi presti'. En á bls. 86–87 segir að ekki sé unnt að draga neinar ályktanir af orðalagi Ara, 'þar sem ritbeiðnin er ekki bein og hugsanlegt er að við formálann hafi verið rjálað'. Að þessu viku Sverrir enn á bls. 157 og 387 og vitnar í ritgerð sína *Tækileg vitni* í afmælisriti Björns Sigfússonar, þar sem hann fjallaði rækilegar um þetta efni. Nú er sú ritgerð ekki til umræðu hér, en ég skal ekki leyna því að röksemdafærsla hennar hefur ekki sannfært mig, og sú tilgáta sem sett er fram á bls. 387 virðist mér ekki sennileg. Þó að Ari hafi sleppt vissum hefðbundnum atriðum úr formálanum er það engin sönnun þess að við formálann hafi verið rjálað, sjálfur nefnir Sverrir mörg dæmi um slíkt. Ef Ari hefði skrifað fyrstu gerð Íslendingabókar á latínu er torvelt að greina ástæður fyrir því að síðari gerðin hefði verið skrifuð á íslensku. Nú virðist Sverrir ætla að konunga ævi Ara hafi verið sjálfstætt rit, og er sú kenning ekki ný. En ekkert bendir til þess að



hún hafi verið á latínu, enda veit ég ekki hvort Sverrir hefur hugsað sér það. En konunga ævi í einhverri mynd hefur þó verið í fyrri gerð Íslendingabókar.

Mér virðist allt eins líklegt að Ari hafi vissulega haft hugmynd um þau formsatriði sem títt var að hafa í formálum en ekki ætlað sér að beita þeim öllum. Ávarp til biskupanna þurfti hann ekki að hafa ef aðeins var um hvatningu til starfa að ræða en ekki beina ritbeiðni. Greinargerð fyrir heimildum er ekki í formála Ara, en hinsvegar telur hann upp marga heimildarmenn sína í textanum. Hverjar aðrar heimildir hefði hann þá átt að nefna í formála?

Það er vafalaust rétt, eins og segir á bls 157, að ummæli Ara um biskupana og Sæmund eigi að vera e.k. trygging fyrir traustleika ritsins. Þetta er að vissu leyti hliðstætt tilvísunum til Gissurar Hallssonar í formálum Hungurvöku og Ólafs sögu Odds munks. Mér virðist því skorta rök fyrir því að rjálað hafi verið við formála Ara eða úr honum fellt, en tilgátan um það á bls. 387 er hugvitsamlegri en hvað hún er sennileg.

Kaflinn um tilefni verkanna er hinn fróðlegasti, en þar er dregið saman það sem lesa má úr formálunum um orsakir þess að verkin voru samin. Þetta hefur ekki verið gert áður og er í alla staði hið þarfasta verk. Eina smávegis athugasemd vildi ég þó bera fram. Á bls. 96 er ýj- að að því að gerð Jóns sögu B hafi átt að knýja enn á um helgi Jóns biskups af því að hann hefði aldrei verið kanóníséraður af páfa. Um þetta vitum við of lítið, en Sverrir kemur að þessu máli síðar þar hann ræðir um tilgang dýrlingasagna (bls. 147–8). Þar telur hann að latínusögurnar um hina helgu biskupa hafi átt að stuðla að því að þeir fengjust kanóníséraðir. Í því sambandi segir hann að páfi hafi árið 1170 einn fengið vald til þess að útnefna dýrlinga. Þetta er fullmikið sagt, því að páfar voru lengi að berjast fyrir þessum rétti á síðari helmingi 12. aldar og fram á þá 13. Formlega samþykktur var þessi einkaréttur páfa á Lateranþinginu 1215 og sú samþykkt var tekin upp í decretalia Gregors IX 1234. Upp úr því hófust réttarrannsóknir páfastóls á verðandi dýrlingum. Hitt er rétt að fyrsta páfabréfið sem heimtar þennan rétt var gefið út 1172, en það var Alexander III sem amaðist við sænsku dýrlingskjöri, þar sem dýrlingsefnið þótti heldur lélegur kandidat, en þetta bréf var síðan grundvöllur kröfunnar um einkarétt páfa í þessu efni. Það er því fremur ólíklegt að íslenskir kirkjuhöfðingjar um 1200 hafi leitað eftir viðurkenningu páfa á helgi þeirra Þorláks og Jóns, enda eru um það alls engar heimildir. Hinu má aftur á móti

ekki gleyma að það var lítúrgísk nauðsyn að eiga *vita* eða líffssögu dýrlings á latínu, til þess að hægt væri lesa latneskar *lectiones* eða les á messudögum þeirra. Að það hafi verið gert sýna brotin úr Þorlákslesi sem varðveist hafa. Aðferðin í þeim er sú sama og í öðru dýrlingalesi: útdráttur er gerður úr sögu á latínu. Sama aðferðin hefur vafalaust verið höfð við latínusöguna um Jón helga, enda þótt ekkert sé varðveitt af því lesi. Þessar latínusögur hafa báðar verið samdar skömmu eftir að helgi biskupanna var samþykkt, enda hlýtur fljótlega að hafa verið gerð að því gangskör að koma á föstu ritúali á hátíðum þeirra, því að minnsta kosti á dómkirkjunum og í klaustrum og höfuðkirkjum hefur orðið að lesa tilskildar *lectiones* á latínu. Því er engin furða að Guðmundur góði hafi gengist fyrir því að hin latneska Jóns saga væri skrifuð. Vitaskuld má vera að þessar latnesku sögur hafi öðrum þræði verið ætlaðar til útflutnings, a.m.k. til erkistólsins í Þrándheimi. Þorláksles er raunar í Breviarium Nidrosiense, að vísu stytta, aftur á móti er Jóns helga þar ekki getið.

Í öðrum kafla ræðir Sverrir um tilgang eða markmið verkanna eins og því er lýst í formálum beint eða óbeint. Vitaskuld er þetta nátengt tilefni ritunar, en eins og höfundur tekur fram er yfirlýsingum formála varlega treystandi, eða eins og hann orðar það: 'tilgangurinn getur verið allt annar en höfundurinn lætur uppi í formálanum' (109). Því er nauðsynlegt að bera saman orð formálanna og verkið sjálft. Sverrir gerir fyrst skilmerkilega grein fyrir tvenns konar hlutverki helgisagna: að lofa dýrlinginn og verk hans og að láta söguna verða áheyrendum til kristilegrar uppbyggingar og eftirdæmis. Eins og hann bendir á (112) þótti ekki sæma að lofa manninn í lífanda lífi og vitnar þar í biblíustað (Eccl. 4,2). Raunar hefði öllu fremur mátt vitna í Síraksbók 11,30: '*Ante mortem ne laudes hominem quemquam*' (lofa engan mann fyrir andlát sitt), sem stendur nær texta Þorláks sögu og Jóns sögu A, en þær hafa báðar: 'Eigi skaltu lofa mann í lífi sínu' og vísa báðar í ritninguna. Hinsvegar hefur Jóns saga tilvitnunina líka á latínu: '*Ne laudaveris hominem in vita sua*', sem er ekki biblíutexti. En einmitt þessi sama latínutilvitnun stendur í latneska lesinu um Þorlák, og er líklegast að báðar íslensku sögurnar hafi fengið þessa tilvitnun þaðan. Raunar hefur Peter Koppenberg<sup>1</sup> fundið þessa latínutilvitnun orðrétta í ávísögu

<sup>1</sup> P. Koppenberg, *Hagiographische Studien zu den Biskupa sögur. Unter besonderen Berücksichtigung der Jóns saga helga*, Bochum 1980, bls. 101.



Honoriusar eftir Hilarius frá Arles, sem samin var á öndverðri 5. öld. Þessi klausa er því vafalaust fengin úr erlendum helgisögum og líklega skráð fyrst í hinni latnesku sögu um Þorlák biskup. Þetta er því enn eitt dæmi um gamalt ritklif, sem í íslensku textunum er ranglega heimfært til biblíunnar.

Hinar endurgerðu heilagra manna sögur frá síðari hluta 13. aldar og fyrri hluta hinnar 14. auka mjög á lof dýrlinganna. Þær eru glósaðar, lofið er fært í skrúðstíl að þeirrar tíðar hætti, eins og ég drap á áðan. Þetta sýnir Sverrir með mörgum dæmum úr sögum sem flestar hafa verið eignaðar norðlenska skólanum.

Sá tilgangur trúarrita að þau skuli vera mönnum sem spegill eða skuggsjá til eftirdæmis kemur fram í formála B-gerðar Þorláks sögu, en á sér eldri rætur. Sverrir vitnar í Norsku hómilíubókina (128), en hefði mátt taka fram að sá texti er bein þýðing á Alkuin, *De virtutibus et vitiis*, en það rit var líka kunnugt á Íslandi í þýðingu, þó að í yngri handritum sé. Þýðingin hefur sennilega verið til á Íslandi snemma, jafnvel á 12. öld.

Annað atriði í þessu sambandi sem Sverrir bendir réttilega á er að þessi tilgangur kemur líka fram í veraldlegum sögum sem eiga að vera til eftirdæmis um hæverska siði og drengileg verk. Þessu tengist að nokkru skemmtilegur samanburður sem Sverrir gerir á hugtakinu skemmtun í trúarlegum ritum annars vegar og veraldlegum ritum hins vegar. Þetta er athyglisverð merkingarfræðileg rannsókn, sem dregur fram misjafna afstöðu höfunda til hugtaksins skemmtun og til þess frásagnarefnis sem þeir skrá á skinn. Þar kemur m.a. fram greinarmunurinn á *fabula* og *historia*. Til *fabulae* geta svarað stjúpmaðra sögur og skróksögur, eins og Sverrir réttilega segir. Hann bendir þar á skemmtilega hliðstæðu við 'stjúpmaðra sögur er hjarðarsveinar segja' í formála Odds munks við '*fabulas Choridonis vel pecudes Melibeï*' hjá Gottfried frá Viterbo. Nú er, eins og Sverrir segir, ólíklegt að Oddur hafi þekkt Gottfried, en báðir hafa getað vitað um 7. e. clögu Vergils, þar sem Meliboeus og hjarðsveinninn Corydon koma fram: Vísast er að Gottfried hafi þekkt hana beint, en Oddur gat haft óbeina hugmynd um hjarðskáldskap Vergils. Hvers vegna skyldi hann annars minnst á hjarðarsveina, sem eðlilegra hefði verið að kalla smalamenn, eins og Sverrir segir á öðrum stað. Því miður vitum við ekki hvað stóð í latínutexta Odds.

Sverrir ræðir nokkuð endurgerðir heilagra manna sagna á bls. 140-



46 (sbr. 339–43 og 357–9) og sýnir að þær eiga margt sameiginlegt, eins og ég hef áður dregið á. Í umræðu hans um B-gerð Þorlákssögu eru mér ekki ljós rökin fyrir því að formálinn og endurgerð hennar séu frá því um 1250 (bls. 359), þ.e. miklu fyrr en hinar sögunnar sem um er rætt. En á bls. 358 segir að formálinn beri 'þess merki að vera skrifaður þegar skruðstíllinn svonefndi er farinn að gera vart við sig í klerklegum bókmenntum'. Þetta virðist mér ekki koma vel heim, heldur benda til síðari tíma. Oddaverja þáttur skiptir hér ekki máli, því að hann er vafalaust eldri en endurgerð sögunnar og skotið inn af ritstjóranum.

Í þriðja kaflanum, Viðhorfið til efnisins, rekur Sverrir fyrst þau ritklif formálanna sem gefa í skyn viðhorf höfunda til verksins en víkkar síðan rannsóknarsviðið með athyglisverðri rannsókn á höfundarhugtakinu og afstöðu til heimilda, markanna milli sagnfræði og skáldskapar. Þar er ekki lengur um formálana eina að ræða heldur verkin í heild, og raunar stangast stundum yfirlýsingar formálanna við það sem kemur fram í verkunum sjálfum. Sumpart stafar þetta af því að höfundarnir fylgja retórískum fyrirmyndum í formálanum sem koma ekki ævinlega heim við þá aðferð sem birtist í verkunum. Enda þótt Sverrir ræði hér víða um efni sem margir fræðimenn hafa áður fengist við og mikið hefur verið um skrifað, hefur hann margt þarflegt til málanna að leggja, einmitt af því að hann kemur að vandamálanum úr annarri átt en fyrirrennarar hans, miðar við þá erlendu bókmenntahefð sem að baki liggur og freistar þess að sýna fram á áhrif hennar ekki aðeins í formálanum heldur og í verkunum sjálfum. Enda þótt slík rannsókn gefi ekki endanleg svör við gömlum vafaatriðum er hún í alla staði gagnleg og vekur til umhugsunar á nýjum grundvelli.

Sverrir sýnir fram á að ritklifið um lífllæti höfundar og vanhæfi til verksins eigi sér tvennar rætur: annarsvegar í kenningum mælskufræðinnar um *captatio benevolentiae*, viðleitninni að vinna áheyrandann á sitt band, hinsvegar í *humilitas*, kristilegri auðmýkt. Hvorttveggja gat vitaskuld orðið tilgerð og yfirdrepsskapur, enda þótt svo þurfi ekki alltaf að vera, eins og höfundur dregur fram dæmi um. En þessi ummæli geta líka staðið í sambandi við bón um umbætur á verkinu, þó að svo sé ekki ævinlega. Sverrir lætur að því liggja að almenn bón um umbætur hafi ekki verið meint í alvöru, heldur séu höfundar í rauninni að gefa í skyn að engra umbóta sé þörf. Þarna sé því um að ræða innantómt ritklif. Eitthvað er vafalaust til í þessu, þar sem höfundar hafa vísast talið sig vita meira um efnið en almennum lesendum væri ætlandi,



enda styðja þeir oft framsetningu sína með *auctoritatibus*, tilvísunum til rita eða örugggra heimildarmanna og varpa þannig ábyrgðinni á þá að verulegu leyti. Þó held ég að varasamt sé að alhæfa of mikið í þessu efni, ekki síst um eldri formála, þar sem rithefðin er ekki orðin eins föst. Jafnvel þótt ritklif sé notað er ekki loku fyrir það skotið að höfundur hafi tekið það bókstaflega, lagt í það raunverulega merkingu. Í því sambandi get ég ekki stillt mig um að minnast á leiðréttingartilraun Sverris á orðum Ara í formála Íslendingabókar (bls. 259): 'En hvatki es missagt es í fræðum þessum, þá es skylt at hafa þat heldr es sannara reynisk'. Orðið *missagt* er leiðrétting Árna Magnússonar á *nusagt* í handriti Jóns Erlendssonar. Sverrir telur að 'í samræmi við miðaldavenju gat ekki verið unnt að efast um að ritið flytti sannindi ein, þar sem svo voldugir ritbeiðendur stóðu að baki Ara'. Þetta virðist mér hæpin fullyrðing. Sverrir vill leiðrétta í *vansagt*, en þá er mér spurn: hvers vegna bætir Ari þá við: 'þá es skylt at hafa þat heldr es sannara reynisk', ef ekki er hugsanlegt að eitthvað hafi skolast til í frásögn hans? Ef hann hefði verið að gefa í skyn að eitthvað gæti vantað í frásögnina, ætli hann hefði þá talað um að eitthvað gæti reynst sannara? Þar virðist hann miða við að eitthvað gæti verið sannara en það sem sagt hefur verið. Þarna held ég að Sverrir hafi helst til mikla trú á fylgispækt Ara við retórískar fyrirmyndir. Raunar má vitna í formála Hungurvöku til samanburðar, þar sem segir: 'Þat mun af mínum völdum og vanrækkð, ef þat er nokkut í þessu máli sem rangt reynisk, þat er ritat er, en eigi þeira manna er ek þykkjumk þenna fróðleik eptir hafa'. Hér skýtur höfundur sér ekki á bak við heimildarmenn sína frekar en Ari.

Pegar rætt er um formála Ara og aðra elstu formála íslenskra sagnarita hlýtur sú spurning að vakna hvort þar sé nóg að einblína á áhrif kennisetninga retórískra handbóka, þ.e. hvort þar hafi ekki einnig getað skipt verulegu máli bein eftirlíking erlendra rita. Sverrir víkur að hugtakinu *imitatio* á bls. 107–8 og bendir réttilega á að þess verði vart í elstu íslenskum sagnaritum. Einmitt sú staðreynd að formálar þessara rita taka ekki upp öll ritklif sem skólabækur gera ráð fyrir í formálum gæti ef til vill bent til þess að höfundar hefðu ekki síður farið beint eftir fyrirmyndum í erlendum sagnaritum, hirt þaðan það sem þeim hentaði, en ekki endilega haft kenningar skólabóka frammar öllu að forðæmi. Vitaskuld verður hér ekki komið við beinum sönnunum, en Sverrir hefur sjálfur bent á ýmsa erlenda formála þar sem finna má augljósar samsvaranir við elstu íslensku formálana, t.d. formála Beda

prests, sem gætu endurómað hjá Ara. Má ekki gera ráð fyrir að þroskaðir menn sem vaxnir eru upp úr skólalærdómi og farnir að lesa erlend sagnarit hafi litið á þau sem engu síðri fyrirmyndir en þurrar reglur handbókanna?

Sverrir rekur skilmerkilega þau ummæli formála sem lúta að mótöku verksins og hugsanlegri gagnrýni, bæði á efni og stíl og sýnir fram á að þar liggur gömul hefð að baki. Afsakanir á ófáguðum stíl eru oft í mótsögn við textann, eins og Sverrir sýnir dæmi um, t.d. ágætt dæmi úr Jóns sögu B (bls. 176), en þar hefði raunar verið æskilegt að tilfæra hliðstæðan texta úr A-gerðinni, því að þá hefði legið í augum uppi að B-gerðin beitir þar stílbragðinu *amplificatio* af töluverðri íþrótt, þrátt fyrir ummæli formálans um 'ólistugan framburð og ósnjallt orðatiltæki'. Þetta sjónarmið er í andstöðu við hugmyndir fyrri manna um *brevitas*, sem virðist ráðandi í eldri formálum. Hinsvegar er annað efst á baugi í formálum skemmtunarsagna eins og Sverrir bendir á, enda eru þeir yngri.

Ég hef áður dregið á síðari hluta kaflans um viðhorfið til efnisins, þar sem Sverrir snýr sér að almennari rannsóknarefnum. Þar fæst hann við vandamál sem um hafa verið skrifaðar heilar bækur, og eru engin tök á að rekja það hér. En eins og ég hef áður sagt er þar margt skarplega athugað og mikill fróðleikur saman komin, litið á málin frá öðru sjónarhorni en títt er í ritum fyrri manna. Ég skal aðeins nefna fáein atriði. Sverrir leggur megináherslu á tengslin við erlenda bókmenntahefð og þá lærdóma sem af þeim megi draga um starfsaðferðir höfundna, mat þeirra og notkun á heimildum, afstöðu þeirra til sannleika frásagnarinnar. Þessar spurningar tengjast hinni fornu greiningu í *historia*, *fabula* og *argumentum*, eða gróft þýtt: það sem gerst hefur, það sem hvorki er satt né sennilegt, og það sem er skáldskapur en hefði getað gerst. Síðan gat *argumentum* færst yfir í táknræna merkingu, orðið *figura* eða *integumentum*, og það bæði í trúarlegum skilningi og í skemmtunarsögum. Um þetta hefur Sverrir margt fróðlegt og athyglisvert að segja.

Umræðu Sverris um höfundarhugtakið lýkur með þessari niðurstöðu (bls. 187): '... í upphafi ritaldar má óglöggst greina á milli heimildarmanns og þess manns sem nútímamenn mundu kalla höfund'. En hvað vítt er þá hugtakið heimildarmaður? Sverrir gerir þarflega grein fyrir mismunandi heimildum: bókum, heyrnarvottum og sjónarvottum. Þetta eru allt heimildarmenn, *auctoritates*, en a.m.k. suma þeirra virðist



auðvelt að greina frá þeim sem frásögnina ritar. Mér þykir raunar ekki líklegt að með ívitnuðum orðum sé Sverrir að nálgast skoðanir sagnfestumanna.

Sverrir hefur m.a. rækilega umræðu um *fróða menn* og merkingu orðsins fróður. Margt má af þeirri umræðu læra, en vandinn er sá að orðið fróður er notað í býsna víðri merkingu, og því er erfitt að marka því bás eða negla það niður við ákveðin orð á latínu, eins og ýjað er að á bls. 226. Ég efast um að *doctus* og *sapiens* svari til orðsins fróður. Víst er að *sapiens* er venjulega þýtt með spakur eða vitur. En t.d. Oddur munkur talar um vitra menn og fróða, og þegar Ari nam marga fræði af Puríði Snorradóttur varð hann ekki af því *doctus*. Þess vegna held ég að ekki sé rétt að þýða *doctus* hjá Beda og William frá Malmesbury (bls. 224) með fróður. Þar er vissulega átt við lærða menn. Hitt má vera að í síðari ritum hafi menn getað teygt svo merkingu orðsins fróður að það tæki einnig til lærðra manna, eins og virðist vera gert í dæminu á bls 225–6. Sverrir hefur vafalaust rétt fyrir sér í því að hafna þeirri kenningu að orðið fróður hafi einkum táknað þá menn sem settu sönn fræði á bækur og ætla þeim þess vegna sérstakan sess í bókmenntasögunni.

Hér skal nú staðar numið, og er þó æði margt ónefnt sem umræðu væri vert. En hvorttveggja er að ég ætla ekki að fjalla um atriði sem fyrri andmælandi hefur þegar rætt og að bókin er svo efnismikil að þess er enginn kostur að nefna úr henni nema einstök dæmi. Og eins og oft hendir í andmælum verða þau atriðin helst fyrir valinu sem um geta verið skiptar skoðanir, eða andmælandi vill fetta fingur út í. Hitt skal þó að lokum ekki undan dregið að með þessari bók hefur höfundur unnið merkilegt starf og næsta þarflegt öllum rannsóknum á íslenskum miðaldabókmenntum. Hann hefur varpað nýju ljósi yfir tengsl ákveðins hluta íslenskra miðaldabókmennta við erlenda bókmenntahefð, sýnt á ótvíræðan hátt að þeir sem skópu þessar bókmenntir voru ekki innibýrgðir sem fé í sjóarhólmum, heldur virkir þátttakendur í bókmenntaheimi miðalda. Samspil þessarar miðaldahefðar og innlendarar bókmenntasköpunar sem lýst er í þessari bók, nær aðeins til nokkurs hluta íslenskra miðaldabókmennta. En frekari skilningur á eðli einmitt þessara bókmennta er nauðsynleg undirstaða annarra rannsókna á þeim íslenskum fornbókmenntum sem ekki koma við sögu í þessari bók. Þessa undirstöðu hefur Sverrir lagt með mikilli

elju og ærinni fyrirhöfn, dregið saman óhemju mikið efni sem áður var ókannað af íslenskum fræðimönnum. Efnismagn bókarinnar og að sumu leyti skipulag hennar kann að gera hana nokkuð seiga undir tönn, en kostir hennar eru þó miklu meiri. Hún er ein þeirra bóka sem ekki verður fram hjá gengið í þeim rannsóknum sem framundan eru á íslenskum fornþókmenntum.

Því er full ástæða til að þakka Sverri Tómassyni þetta verk og óska honum til hamingju með afrekið og þann merka áfanga sem hann hefur náð á fræðimannsferli sínum.



## III

## SVÖR SVERRIS TÓMASSONAR

ÉG vil þakka ritstjóra *Griplu* fyrir að gefa mér kost á að birta svör við ræðum andmælendanna, Bjarna Guðnasonar og Jakobs Benediktssonar, við doktorsvörn mína 2. júlí 1988. Eins og venja er til, var vörn mín mælt af munni fram, en það sem hér fer á eftir er byggt á skrifuðum minnispunktum mínum og fært í samfellt mál þegar liðið var meira en ár frá athöfninni. Svör þau sem hér birtast hafa því að geyma lungann af því sem ég sagði við vörnina en einnig sitthvað sem ég vildi sagt hafa.

## SVAR VIÐ RÆÐU 1. ANDMÆLANDA

Athugasemdum Bjarna Guðnasonar má skipta í tvo aðalhluta. Sá fyrri er eins konar inngangur en hinum síðari skiptir hann niður í fimm þætti, þar sem hann ræðir fyrst byggingu verksins, því næst skilgreiningu á hugtakinu formáli, í þriðja lagi fjallar hann um afmörkun rannsóknarefnisins, þá 'formálaskýringar' og loks þann þátt sem hann kys að kalla 'formálahefð og innlenda frásagnarhefð'.

Ég mun nú víkja að athugasemdum hans, lið fyrir lið. Í upphafi mun ég þó ræða um forspjall andmælaræðunnar þar sem birtist skilningur hans á viðfangsefninu. Ég er engan veginn sátturn við þá túlkun hans og tel að hann hafi misskilið þau grundvallarhugtök sem rannsóknin er reist á.

Í inngangi bókar minnar, *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum*, tek ég skýrt fram að formálar séu einn þáttur bókmenntahefðar. Enn frekari áherslu hafði ég lagt á þetta í undirtitli bókarinnar: *Rannsókn bókmenntahefðar*. Þessi hefð er sumpart runnin frá klassískum mælskufræðum, sumpart frá fræðiritum og túlkunum kristinna höfunda á þeim. Í íslenskum formálum frá miðöldum lá hún ekki í augum uppi fyrr en málið hafði verið kannað. Ég veit ekki til þess að það hafi verið gert fyrr en með fyrstu rannsókn minni á þessu efni, kandídatritgerð minni, sem andmælandi minn raunar þekkir vel en fáir aðrir því að hún var samin undir tilsjón hans og hefur aldrei birst. Orð Bjarna Guðnasonar um að tengsl íslenskra formála við erlenda hafi legið í augum uppi eru þess vegna ofmælt og teljast til þess sem miðaldamenn

nefndu *superbia*. Verk mitt má kallast frumsmíði á þessu sviði og má vafalaust gera betur. Ég hafði og hugsað mér að bókin yrði til þess að menn könnuðu aðra þætti bókmenntahefðar betur eða færu nánar í saumana á því sem í verkinu er rétt drepð á.

Í formálum koma fram svipuð viðhorf til efnis og algeng eru í bókmenntafræðum nútímans. Samt sem áður er ekki réttmætt að álykta, eins og Bjarni Guðnason gerir, að formálar standi gagnvart lausamálsverkum eins og Snorra-Edda við túlkun dróttkvæða. Ég hef hvergi leyft mér að láta í ljós svo óvarlega fullyrðingu. Hið rétta er að formálahöfundar hafa sótt efnivið sinn í klassíska retórik sem fjallar m. a. um það hvernig best sé að bera mál sitt fram í ræðu og riti. Einmitt vegna þessa ver ég miklu rúmi í að kanna hvaða kennslubækur voru þekktar hér á landi og reyni að sýna hvernig menntun verðandi rithöfunda var hér háttáð. En í öllum meginatriðum var hún af sama toga og rómverskir mælskumenn fengu, því að kristnir miðaldamenn tóku upp sams konar aðferðir bæði við að uppfærða æskulýðinn og kenna honum að skrifa. Sama hefð í þessum efnum er því ríkjandi frá klassískum tíma fram undir lok 18. aldar. Af þessum sökum leyfi ég mér að taka dæmi frá ólíkum tíma og úr erlendum ritum sem engin líkindi eru til að hafi borist hingað til lands, þar sem augljóslega sama bókmenntahefð býr að baki. Það ræður því 'engin hending' hvaða sýnishorn eru valin til hliðsjónar dæmunum úr íslensku formálunum. Gagnrýni Bjarna Guðnasonar um þetta er því sprottin af misskilningi á hugtakinu *bókmenntahefð* og rannsóknunum á henni. Misskilningur hans kemur enn betur í ljós síðar þar sem hann ræðir um notkun mína á hugtakinu *ritklif*. Hann segir berum orðum að ég virði fyrir mér íslenska formála með 'hliðsjón af niðurstöðum Curtiusar' (bls. 136). Við þessa fullyrðingu Bjarna Guðnasonar er fyrst það að athuga að Curtius kemst ekki að neinni niðurstöðu um formála. Hann talar einvörðungu um '*Exordialtopik*' og er það aðeins lítill hluti þeirra venjubundnu efnisatriða sem formálar hafa yfirleitt að geyma. Ég fjalla hins vegar rækilega um hugmyndir hans og skýrgreiningar sem og gagnrýni annarra fræðimanna á verk hans. Og þess skal getið hér að Marie Schulz sem Bjarni telur hafa rannsakað ritklif eftir að verk Curtiusar kom út, birti verk sitt þrjátíu og níu árum áður (*Die Lehre von der historischen Methode bei den Geschichtsschreibern des Mittelalters*. Berlin 1909). Meginalli á hennar verki var einmitt, að hún, eins og Bjarni Guðnason, áttaði sig ekki á hlutverki ritklifa innan bókmenntahefðarinnar. Engin leið er að



skipta ritklifum niður í *virk* og *óvirk*, eftir því hvort þau hafa merkingu eða ekki. Eðli sínu samkvæmt eru þau alltaf virk, einn liður í bókmenntahefð, þau eru eins og ég hef eftir Heinrich Lausberg (bls. 72), 'eine Form (. . .) die (wie ein Gefäß bald mit Wasser, bald mit Wein: jeweils mit verschiedener Funktion) mit jeweils aktuell gemeintem Inhalt gefüllt werden kann' (*Elemente der literarischen Rhetorik*, 39). Skipting Bjarna Guðnasonar felur í sér að hann vill skilja að efni og form eins og var í tísku meðal bókmenntafræðinga fyrir um það bil öld. Hér má bæta því við að ég geri mér fyllilega grein fyrir því að *klif* þekkjast í munnmenntum og hef ég kallað þau *sagnaklif* (bls. 70). Orðið *munnklif* sem Bjarni Guðnason notar um hugtakið er hins vegar ótækt og á fremur heima í talmeinafræði. Uppástunga Bjarna um rannsókn á samruna hefðar í bók- og munnmenntum á elstu stigum er illframkvæmanleg, meðan menn eru ekki sammála um hver séu einkenni munnlegrar frásagnarlistar og hvaða ritaðar frásagnir eigi rót sína að rekja til hennar. Af þessu leiðir að óljóst er hve mikill hluti fornra bókmennta á uppruna sinn í munnlegri frásagnarlist. Um þetta efni vísa ég (bls. 70) í alkunna skólabók eftir Scholes og Kellogg, *The Nature of Narrative*, bls. 27. Ég mun víkja lítilsháttar að þessu efni síðar.

### 1. Um byggingu verksins

Við byggingu verksins hefur Bjarni Guðnason margt að athuga. Hann finnur að því að inngangur þess sé of langur og gera hefði mátt 'hærra undir höfði þeim undirkafla inngangsins sem nefnist 'Formálinn, skýrgreining, hlutverk og bygging'.' (bls. 138) Af athugasemdum andmælendans virðist mér ljóst að hann geri sér allt aðra hugmynd um byggingu fræðirits en ég. Mér þykir t. a. m. eðlilegt að allar skýrgreiningar sem snerta höfuðefni verksins séu í inngangi þess en standi ekki einar sér. Það er hins vegar rétt hjá Bjarna Guðnasyni að sumt í inngangi hefði mátt vera styttra, en lengdin ákvarðaðist nær einvörðungu af því að ekkert hafði verið skrifað á íslensku um efnið. Alla umræðu um klassísk áhrif, skóla eða hugtök mælskufræða skorti í íslenskum fræðiritum og sökum skyldleika við efni bókarinnar varð að gera því skil. Og þetta efni getur síður en svo kallast erlendur lærdómur, þar sem það snýst um menntun manna á Íslandi.

Um þann hluta inngangsins sem lýtur að sjálfum formálanum er ég



ósammála Bjarna Guðnasyni um að láta hann standa sem sjálfstæðan kafla. Hann er hluti af almennum skýringum inngangsins og stendur í rökréttu samhengi við aðrar útskýringar úr klassískum mælskufræðum. Hið sama gildir um hugtakið *ritklif*.

Ég vil strax taka fram að ég forðast að tala um *formálahefð*. Verkið snýst ekki einungis um venjubundna efnisþætti formála eins og Bjarni Guðnason virðist ætla. Sum ritklif formálanna eru líka algeng í verkunum sjálfum og eftirmálum. Meginrannsóknin fjallar um ritvenju sem að miklum hluta á uppruna sinn í klassískum mælskufræðum og útskýringum miðaldamanna á þeim. Af þessu má ljóst vera að könnun mín snýst um önnur efni en þau sem Bjarna Guðnasyni finnst vera aðalatriði. Ég er ekki að bera saman 'innlenda frásagnarhefð' við 'formálahefð'. Með öðrum orðum sagt, heildarsýn mín er því önnur en Bjarna Guðnasonar.

Andmælandi minn fettir fingur út í skiptingu verksins í tvo meginhluta og spyr hvort það séu áhrif frá formála Sverris sögu. Sá formáli skiptist reyndar ekki í hluta heldur skiptir hann sögunni í fyrra og síðari hlut. En fyrir mér var það fullkomlega rökrétt skipting að byrja bókina á inngangi, en fjalla í fyrri hluta verksins um ritklif og önnur venjubundin atriði í íslenskum formálum almennt og bera þau saman við bókmenntahefð annars staðar í Evrópu. Í síðari hluta voru hins vegar valin þrjú verk, sitt úr hverri bókmenntategundinni til þess að fjalla um formálann í tengslum við verkið sjálf. Það hefði ekki verið unnt að gera við 45 formála. Ég get hins vegar tekið undir gagnrýni Bjarna Guðnasonar á undirskiptingu fyrri hluta bókarinnar, þá kafla sem kallast *tílefni* og *tílgangur*. Ég drep á hana í forspjalli mínu, en hún á rætur sínar að rekja til fornar kennisetningar um niðurskipan verks (sjá rit mitt bls. 1). Ég geri mér fyllilega grein fyrir göllum þessa fyrirkomulags. Í þessu viðfangi nefnir Bjarni Guðnason formála Hungurvöku. Um margt sem hann segir um sundurliðun þess formála er ég honum sammála. Ég er aftur á móti þeirrar skoðunar að hann hafi ekki íhugað hvaða bókmenntagrein Hungurvöku heyrir til þegar hann segir: 'Ef menn vilja þá geta þeir kallað Hungurvöku inngang að sögu Þorláks, en ég hygg úr lausu lofti gripið, að í lok Hungurvöku 'hafi átt að koma lofgjörð um Þorlák lík að gerð og um hina biskupana og ef til vill mærdarmeiri'" (bls. 139). Ég drep á þessa tvo möguleika og er sá síðari að stofni til sóttur í smiðju Árna Magnússonar (sjá rit mitt, bls. 386). Ef menn vilja líta á Hungurvöku sem inngang Þorláks sögu, þá



gæti hún verið ein af þeim helgisögum þar sem á undan upprás dýrlingsins fylgir saga þess staðar sem hann þjónaði, þá er helgi hans kom upp. Ef síðari kosturinn er valinn, þá má líta á Hungurvöku sem e.k. *gestae episcoporum* þar sem aðaluppistaðan er ævi einstakra biskupa.

Ég valdi þá leið að birta sömu tilvitnun aftur og aftur, til þess að sjá mætti ritklifin frá öðru sjónarhorni en fyrr hafði birst í ritinu. Það má vera að sumum þyki þetta vera galli. Þetta var meðfram gert til þess að auka lesandanum leti; hann þyrfti ekki að fletta fram og aftur í bókinni til að finna beina tilvitnun og auk þess áttu millitilvísanir neðanmáls að auðvelda mönnum samanburð. Ég get ekki séð að klausurnar geti með þessu móti verið 'varasamar', enda færir Bjarni Guðnason engin fram-bærileg rök fyrir þeirri skoðun.

Bjarni Guðnason kallar síðari hluta verksins 'sjálfstæðar greinar'. Það er rétt að sérhver kafli er þar afmörkuð heild, en þeir eru í rök-réttu framhaldi af því sem áður hefur verið sagt, bæði við innganginn um tengsl formála og eftirfarandi efnis (bls. 61–62) og við fyrri hlutann um túlkun á ritklifum, sérstaklega þó um tilgang og sannindi verksins. Í síðari hlutanum hefði að sjálfsögðu verið unnt að velja formála Hungurvöku og fjalla um tengsl hans við verkið sjálft, en verk Snorra Sturlusonar og Odds Snorrasonar urðu fyrir valinu, þar sem þau voru talin verðugri fulltrúar sagnarita frá lokum 12. aldar og upphafi þeirrar 13. Hér við bættist að formáli Hungurvöku hefur því miður ekki mikil tengsl við verkið sjálft.

Andmælandi minn fullyrðir að ég hafi brotið út af venju þar sem niðurstöður verksins séu ekki sérstakur kafli eins og venja er til. Ég verð að játa að ég á bágð með skilja þessa staðhæfingu. Niðurstöðurnar eru sjálfstæður kafli, enda þótt þær standi innan stærri heildar, sem ber nafnið *Niðurlag*. Þær standa aftan við kaflann, *Vettvangur og áheyr-endur* og var skipað þar niður sökum þess að þá voru þær í sambýli við hugsanlegan skilning áheyrenda á miðöldum á eigin ritverkum og um leið tengdust þær nánar túlkun nútímamanna á sömu verkum og útleggingu minni á bókmenntahefð. Þessi aðferð er í fullu samræmi við þá stefnu sem ég markaði í upphafi verksins: að brúa bil milli fortíðar og nútíðar, víkka sjóndeildarhring lesandans, svo að hann megi skilja hvorttveggja: viðhorf gamalla sagnaritara og skoðanir túlkenda nú á dögum.

Að lokum sér Bjarni Guðnason ekki hvers vegna textafræðinni var komið fyrir í viðbæti. Hann hefði viljað að viðbætirinn hefði verið

'sniðinn að viðfangsefninu sjálfu' (bls. 141). Nú er það svo að textafræðin snertir viðfangsefni mitt lítið. Af henni mátti helst hafa stöð í fáeinum atriðum, t.d. í formála Sverris sögu og Íslendingabókar. Eins og ég segi í forspjalli var viðbæturinn til þess saman settur að auðvelda mér að ákvarða hvort sami höfundur væri að formála og verki. Fyrir rannsóknir á bókmenntahefð skipti þessi kafli ekki máli. Af orðum andmælenda míns um þetta efni sem og aðrar þær athugasemdir sem hann hefur látið falla um byggingu verksins get ég ekki annað en dregið þá ályktun að hann hafi alls ekki gert sér grein fyrir rannsóknaraðferðum mínum. Þetta kemur svo enn frekar í ljós síðar í orðum hans þar sem hann lætur í ljós að æskilegt hefði verið að rannsaka sér 'virkni' og 'óvirkni' ritklifa og 'samruna' þeirra í munn- og bókmenntum. Hefðu slíkar rannsóknir verið felldar inn í bók mína, hefði hún orðið óskapnaður.

## 2. Skilgreiningar hugtaka

Bjarni Guðnason gagnrýnir skýrgreiningu mína á hugtakinu *formáli*. Hann efast um að 'staðsetning' skeri úr um hvort 'eittvert ritstykki' sé *formáli* eða ekki. Hann er aleinn um þessar efasemdir. Orðin *formáli*, *forræða*, *forspjall*, – í fornu máli er latneska orðið prologus oftast notað, – kveða skýrt á um hvar þessi hluti verks skuli standa, það er í upphafi verksins. Það skiptir þá ekki máli hvort hann er skrifaður eftir á og skotið framan við. Flestir höfundar skrifa for- og eftirmála að verkum sínum eftir að þau liggja fyrir fullsamin. Og sömu venjubundnu efnisatriðin koma fyrir í báðum. Þess vegna tek ég dæmi úr eftirmálunum en ég fer ekki með þá sem formála, enda þótt ég bendi á að þeir gegni oft sams konar hlutverki. Gagnrýni Bjarna Guðnasonar á þessu efni er því mestan part útúrsnúningur og hártogun.

Bjarni Guðnason ber mér á brýn, að ég hlíti ekki skýrgreiningu minni á formála og rífur úr samhengi umfjöllun mína um bókmenntagreinar í upphafi ritsins og ber saman við klausu á bls. 203, sem er um allt annað efni. Þetta eru óvönduð vinnubrögð. Á bls. 384–385 fer ég nokkrum orðum um þann póst sem kallaður hefur verið 'formáli' Sturlungu og segi m.a.: 'Fyrir Sturlungu er ekki formáli, en milli Sturlu sögu og Prestssögu Guðmundar Arasonar hefur safnandinn skotið inn greinargerð sem nefnd hefur verið formáli Sturlungu. Sannast sagna er hér ekki um að ræða formála í þeim skilningi sem lagður er í það hug-



tak hér. En því verður ekki í móti mælt að í þessari greinargerð safnandans má merkja leifar úr upphaflegum formála Sturlu Þórðarsonar fyrir Íslendinga sögu, eins og B.M.Ó. hefur leitt rök að' (bls. 384). Þetta er í fullu samræmi við það sem ég segi um leifar af formála Hryggjarstykkis í Heimskringlu og Morkinskinnu. Hvorttveggja tel ég leifar af formálum en ekki fullkomna formála. Bjarni Guðnason telur að 'formáli' Eiríks Oddssonar standi í Heimskringlu. Ég er í engum vafa um að Snorri Sturluson hefur, sem og höfundur Morkinskinnu, notað í öndverðu formála Eiríks Oddssonar og vitnað í einhvern part hans, e. t. v. orðrétt eins og miðaldamenn gera stundum þegar þeir setja saman rit úr mörgum bókum og vísa til heimildar. En formáli getur þessi klausa ekki talist og enn hafa ekki fundist þau rök sem afmarka Hryggjarstykki innan samsteypu Snorra Sturlusonar eða Morkinskinnu. Um þetta efni vísar Bjarni Guðnason til bókar sinnar, *Fyrsta sagan*, en þar hefur hann notað orðið *formáli* um tilvitnun þá til Eiríks Oddssonar sem hér um ræðir. Skýrgreining hans á þeirri klausu sem formála stenst engan veginn. Umræddur póstur segir frá heimildum Eiríks og ritbeiðanda, en ekki eru þar svo glögg skil í frásögn að marka meg þar upphaf nýs hluta verksins. Ég vitnaði því í þennan kafla sem dæmi um notkun ritheimilda hjá Snorra. En tilvísanir af svipuðu tagi má víða finna í fornum ritum. Þær gegna ekki hlutverki formála og þær er ekki með neinum rökum unnt að kalla formála, greinargerð höfundar eða safnanda fyrir verki sínu í upphafi þess eða byrjun nýs hluta, enda þótt á stundum meg sjá kaflaskil og hugsanlegt sé í samsteypum að þar styðjist ritstjórinn við nýtt verk. En skýrgreining mín á hugtakinu *formáli* var að dómi Bjarna Guðnasonar of þröng sökum þess að hann hafði áður notað hugtakið rýmra og látið það falla að hugmyndum sínum um rit sem nú er glatað og verður ekki endurgert eftir varðveittum heimildum.

### 3. Afmörkun rannsóknarefnis

Bjarni Guðnason finnur að því að ég hafi ekki sett biskupasögur inn í skýrgreiningu mína á hugtakinu sagnarit (bls. 3). Í henni eru þó nefnd rit eins og Íslendingabók og Íslendinga saga Sturlu Þórðarsonar og þar með átt við sagnarit af veraldlegum og kirkjulegum toga. Enda þótt Lárentíus saga sé ævisaga biskups, þá telst hún til sama flokks og Íslendingabók, Hungurvaka og þau verk önnur sem fjalla um kirkju-

höfðingja. Í meginatriðum hef ég í ritinu farið eftir venjulegri flokkun lausamálsverka í bókmenntagreinir, en þó víða vikið frá henni. Lesendur sjá t. d. fljótt að Ólafs saga Tryggvasonar eftir Odd munk er talin til helgisagna og riddara- og fornaldarsögum er steipt saman í einn flokk.

Verkefnið var bundið við trúarleg og veraldleg sagnarit. Fræðirit eins og Snorra-Edda eru af ólíkum toga og þar ríkjá nokkuð önnur lögmál í formálagerð en í sagnaritum. Mér þótti engin ástæða til að skýra þetta val – einhvers staðar þurfti að takmarka rannsóknina. Vafamál er einnig hvort formálar fræðirita hefðu skýrt eða varpað ljósi á formála sagnarita. Ef velja hefði átt formála til hliðsjónar, hefði verið nær að velja inngangserindi kvæða.

Bjarni Guðnason kvartar undan því að ég fjalli ekki um 'formála' Tristrams sögu. Því er til að svara að ég hef annars staðar sýnt fram á að klausa sú sem kölluð hefur verið formáli Tristrams sögu er upphaflega for- eða baktitill, sniðinn eftir titlum prentaðra bóka á 17. öld. Á þær röksemdir hafa flestir fræðimenn síðar fallist.

#### 4. 'Formálaskýringar'

Eins og kom fram hér í upphafi hefur Bjarni Guðnason ekki áttað sig á bókmenntalegu hlutverki ritklifa. Þau eru alltaf virk, enda þótt merking þeirra sé ekki alltaf sú sem orðin láta í ljós. Sá höfundur sem biður um umbætur á verkinu sínu í formála getur annaðhvort ætlast til þess að svo sé gert eða verið með uppgerðarhæversku, látið svo sem einhverjir gallar séu á verkinu, þótt hann telji á því verði engir gallar fundnir. Í báðum tilvikum er ritklifið virkt; það hefur ákveðið hlutverk og til að kanna merkingu þessara orða í hverju dæmi hefði þurft að rannsaka hvert verk í smáatriðum. Bjarni Guðnason ætlar að mikill fengur hefði orðið að slíkri rannsókn. Ekki efa ég það. Fyrir mér vakti hins vegar að sýna fram á hvernig sérhvert ritklif formálanna var hluti af stærri bókmenntahefð. Án þess að skoða það innan þeirra marka, hlaut túlkun þess að verða varasöm og alloft röng. Og sökum þessa var ekki unnt að ganga út frá því sem vísu að formalahöfundur segði ávallt það sem honum byggi í brjósti og hafa mætti það fyrir satt, þangað til annað sannaðist. Ef leið sú sem Bjarni Guðnason stingur upp á, hefði verið valin hefði verkið orðið allt öðruvísi. Könnun af því tagi hefði brotið í bága við eðli rannsóknar minnar. En þess háttar rannsóknir



tíðkuðust fyrir 40 árum og einn helsti málsvari þeirra var Helmut Beumann, sem alloft er vitnað til í verki mínu. Hann tók oftast fyrir eitt tiltekið verk og rannsakaði það út frá þessu sjónarhorni. Mér þykja ummæli Bjarna Guðnasonar um þetta efni og 'virkni' og 'óvirkni' ritklifa (á bls. 138) raunar sýna enn frekar hve lítið hann hefur velt fyrir sér eðli rannsóknarinnar, hvers vegna ég vel þá leið sem farin er í ritinu en ekki einhverja aðra.

Um túlkun Bjarna Guðnasonar á einstökum ritklifum, sem hann rífur oft úr samhengi, get ég verið stutturður. Ummælin um B-gerð Jóns sögu eru enn reist á misskilningi hans á ritklifum og eðli þeirra. Hið sama er að segja um dæmið úr formála Sverris sögu í Flateyjarbók. Þar leggur Bjarni Guðnason út af því að ég hef tekið klausu til samanburðar úr ágripi Eugippíusar af verkum Ágústínusar. Mér var auðvitað ljóst að verk hans hefur aldrei borist hingað til lands. En í báðum tilvikum voru klerkar og ritstjórar að verki. Dæmið var einnig valið vegna þess að það var angi af sömu rithefð sem tíðkast hafði hjá sagnarituum trúar- og veraldlegra rita um aldir. Spurningin er því ekki hvort 'hægt er skilyrðislaust að leggja að jöfnu formálaorð fyrir trúarriti kirkjuföður og formálaorð fyrir ævisögu veraldlegs konungs' (bls. 145), heldur hvort önnur bókmenntahefð ríki hér á landi á 14. öld en á tímum Eugippíusar. Ég hygg að svo hafi ekki verið.

Annað dæmi um mistúlkun Bjarna Guðnasonar á verki mínu er um sögn hans um heimildanotkun Lárentíus sögu. Mér var fullkunnugt um að Einar Hafliðason var talinn höfundur Lögmannsannáls. Fyrir mér vakti einungis að benda á aðferð sagnaritarans; hún er söm og starfsbræður hans annars staðar í álfunni nota. Ég er aftur á móti sammála Bjarna Guðnasyni um túlkun á hinni klausunni sem hann velur úr formála Lárentíus sögu. Með því að nefna Lárentíus sjálfan sem heimildarmann hafi hann verið að leggja áherslu á að hann færi ekki með neitt fleipur í sögunni. Þetta kemur greinilega fram í riti mínu. Aftur á móti krafðist siðvenjan á þessum tíma að menn létu ekki í ljós að þeir hefðu tekið upp hjá sjálfum sér að rita bækur. Venjan birtist í formálum og ég bendi á það. Þar með er ekki sagt að ég efist um að menn skrifi verk án þess að vera beinlínis hvattir til þess af öðrum. Í þessu viðfangi er rétt að finna að enn einni mistúlkun Bjarna Guðnasonar og hártögun. Það er hvernig hann túlkar hugtakið *skemmtun* sem notað er í formála Lárentíus sögu. Ég er honum reyndar sammála um að Lárentíus saga sé ein allra skemmtilegasta biskupasagan, en þá lít ég á hana frá

sjónarmiði nútímamanns. Ritklif það sem ég reyndi að túlka var innan þeirra marka sem bókmenntahefðin markaði því: af *skemmtun* skyldu menn draga dæmi. Lárentíus saga er ekki þess háttar verk að eftir lesturinn fylgi löng áhyggja; sagan var fremur til þess lesin í heyranda hljóði að hún væri nytsamleg, yrði til eftirbreytni. Flökkusagan um Jón Flæmingja sannar síður en svo þá skoðun Bjarna Guðnasonar að Lárentíus saga hafi eingöngu átt að vera til dægrastyttingar. Slíkar gamansögur voru algengar meðal munka og áttu umfram allt að sýna vanþekkingu á tungumálum. Vafasamt er að með slíkri skrýttlu hafi átt að ýta undir þá skoðun að menn af íslensku bergi brotnir yrðu að vera í embættum kirkjunnar.

*Captatio benevolentiae* hefur sprottið upp með mörgum menningarþjóðum. Ræðumenn úr ólíkum menningarheimum hafa flestir búið sér til mælskubrögð. (Hugtakið *málbragð* sem Bjarni Guðnason notar (bls. 137) þekki ég ekki og minnir það mig á orðið *úrtöku* í staðinn fyrir *úrdrátt* sem yfirleitt hefur verið notað um *litotes*). Ekki er að efast um að svipuð tækni hafi verið til annars staðar en í Evrópu og ekki ber ég brigður á það í riti mínu. Ávörp til áheyrenda þekkjast í kveðskap margra þjóða og hið sama gildir um ritklifið, *brevitas*. Um þetta eru allir sammála. Aftur á móti vandast málið ef draga á markalínu milli innlendrar og þá íslenskrar frásagnartækni og klassískra mælskubragða í verkum óbundins máls, þar sem engin glögg dæmi eru um það fyrrnefnda og íslenskir og norskir rithöfundar og skáld hafa um aldur menntast á klassískan máta hjá klerkum og kirkjuhöfðingjum í menntasetrum alþjóðlegrar stofnunar. Rannsókn á samruna slíkra menningarheima er flókin og mér sýnist að Bjarni Guðnason hafi ekki hugleitt hvert slík rannsókn mundi leiða fræðimanninn.

##### 5. 'Innlend frásagnarhefð og formálahefð'

Í niðurstöðum mínum tek ég greinilega fram að rannsóknin sé aðeins ályktunarhæf um nokkurn hluta fornþókmennta, þeirra lausamálsverka sem formála hafi. Orð Bjarna Guðnasonar um (bls. 151) að sí-  
endurtekin dæmi úr 'tiltölulega fáum formálum' geti villt 'lesenda sýn', eru því óréttmæt.

Í þessum kafla ræðunnar vikur Bjarni Guðnason að formálaleysi sumra íslenskra bókmenntagreina. Ég fullyrði í bók minni að aðeins Íslendinga sögur séu án formála með fyrirvara um Fóstbræðra sögu þó.



Bjarni Guðnason hyggur aftur á móti að meirihluti íslenskra rita í lausu máli hafi verið án formála. Við þessi ummæli Bjarna Guðnasonar er margt að athuga. Í fyrsta lagi er greining hans í bókmenntategundir ófullkomin. Riddara- og fornaldarsögur mynda einn hóp sagna. Þetta sést bæði af niðurröðun þessara sagna í handritum svo og innri gerð þeirra og frásagnartækni. Sami formáli fyrir Göngu-Hrólfss sögu og Sigurðar sögu þögla styður einnig þessa flokkun. Um leið og þetta er haft í huga breytist myndin. Í stað formála 2 fornaldarsagna frá 14. öld, Göngu-Hrólfss sögu og Bósa sögu (sem Bjarni Guðnason kallar reyndar yngri gerð, en hún er án formála) og eftirmála Hrólfss sögu Gautrekssonar bætast 11 sögur í hópinn. Fornaldarsögur eru og varla færðar í letur fyrir en í lok 13. aldar og á 14. öld. Engar heimildir eru um hvernig byggingu þeirra var háttað í munnlegri geymd. Ályktun Bjarna Guðnasonar um að fornaldarsögur hafi frá upphafi verið án formála er því örökstudd.

Athugasemd hans um veraldlegar samtímasögur stenst ekki heldur nánari próf. Rök hans um Hrafnss sögu Sveinbjarnarsonar að hún beri 'greinilegan keim af helgisögum' og skýri 'sú staðreynd væntanlega tilvist formálans' (bls. 151) eru léttvæg. Áhrif frá annarri bókmenntategund ráða því ekki hvort saga hefur formála eða ekki. Veraldleg sagnarit hafa haft formála allt frá dögum Ara. Það sýna t.d. Veraldar saga, Sverris saga, Heimskringla og Ólafs saga hin sérstaka.

Bjarni Guðnason vill ekki fallast á þá afstöðu mína að fjalla eingöngu um rit sem formála hafa haft. Ég hefði líka átt að fjalla um hin og skýra hvers vegna þau væru án formála. Þetta er eins og að segja manni sem rannsakað hefur glugga og birtugjafa að hann hefði einnig átt að kanna gluggalaus hús. Skemmtilegt er myrkrið, sagði draugurinn. Það á sér einnig skýringar. Formálaleyfi sagna kallar líka á skýringar. En eins og ég tók fram í upphafi bókar minnar er það rannsókn af öðru tagi. Þar að auki fæ ég ekki annað séð en að Bjarni Guðnason dragi of víðtækar ályktanir af formálaleyfi sagna, þegar hann segir: '... einfaldasta skýringin á formálaleyfinu er, að það fylgi þeim bókmenntategundum, sem eiga innlendar rætur, Íslendingasögum, fornaldarsögum og veraldlegum samtíðarsögum, en formálar séu fyrir þeim greinum, sem teljast aðkomnar, helgisögum og riddarasögum' (bls. 152). En að hans dómi rekja konungasögur 'uppruna sinn annars vegar til dýrlingasagna og króníkna og hins vegar til dróttkvæða og innlendar sagnalista. Bókmenntageinin veit ekki á hvora sveifina hún á að

hallast og af því leiðir að sumar konungasögur hafa formála, aðrar ekki' (bls. 152).

